

EGILL EINARSSON

Auðvelt og skemmtilegt að elda góðan saltfisk

matur

allt í MIÐJU BLAÐSINS



RÁÐSTEFNUR OG HVATAFERÐIR

Lopapeysur, leikir og dillandi sígaunatónlist

Sérblað um ráðstefnur og hvataferðir

FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. apríl 2008 — 91. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Reynsluboltar með Bubba

Þeir Páll Rósinkrans, Magni Ásgeirsson og Eiríkur Hauksson munu leggja dómnefndinni lið.



FÓLK 45

Að verða andsetinn

Jón Gnarr er á góðri leið með að breytast í Georg Bjarnfreðarson að nýju.



FÓLK 44

Styrkur smæðarinnar

„Nálægðin við valdhafana er hér óvenjumikil og ég tel þannig að íslenskt samfélag sé lýðræðislegra sem sjálfstætt ríki en eitt horn í stærra ríki,“ skrifar Katrín Jakobsdóttir.

UMRÆÐAN 28

FÖSTUDAGUR


Ólafur Darri breytir um lífsstíl

Fórnar 30 kílóum í þágu listarinnar.



FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA BJART VEÐUR Í dag verður allhvöss norðanátt austast, annars mun hægari. Skýjað með köflum og stöku él norðaustan og austan til, annars bjartviðri. Víða vægt frost.

VEDUR 4

Ósætti borgarfulltrúa um orkuverkefni REI

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins deila enn um hvort REI eigi að vera í útrás. Forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur og REI fara til Afríkuríkisins Djíbútí um helgina. Samkomulag um hagkvæmniathugun fyrir virkjun verður undirritað.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa að undanförmu deilt um hvort Reykjavík Energy Invest (REI), útrásarfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, eigi vinna að verkefnum á erlendri grundu.

Sumir vilja ekki að Orkuveitan „eyði skattþeningum á erlendri grundu“, eins og einn borgarfulltrúa komst að orði, á meðan aðrir vilja vinna áfram að þeim verkefnum sem þegar hafa verið sett af stað og eru langt komin. Það eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins helst Kjartan Magnússon

og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segist ekki hafa áhuga á því að láta Orkuveituna nýta skattfé til „áhættuframkvæmda“ erlendis. „Það er mín afstaða, og hefur alltaf verið, að Orkuveitan eigi ekki að standa í áhættuframkvæmdum erlendis. Það er ekki hennar hlutverk. En ég get skilið að menn vilji ekki hlaupa frá verkefnum,“ segir Gísli Marteinn.

Forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur og REI halda um helgina til Djíbútí í Austur-Afríku,

þar sem meðal annars er stefnt að undirritun samkomulags um hagkvæmniathugun vegna uppsetningar jarðhitavirkjunar. Virkjunin mun framleiða fimmtíu megavött af rafmagni, gangi áætlanir eftir, en stefnt er á tuttugu ára orkusölsamning við stjórnvöld.

Með í för verða meðal annars Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, og Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitunnar og REI. Kjartan segir það vera skýra stefnu hans að gera engar ráðstafanir fyrir hönd REI sem skuldbindi fyrirtækið fyrir miklar fjárhæðir. - mh



ANDLITSLYFTING Borgaryfirvöld hafa hrint af stað allsherjar herferð gegn veggjakroti og öðrum óþrífnaði og niðurlægingu miðbæjarinnar. Ólafur F. Magnússon borgarstjóri kynnti í gær margþættar aðgerðir til að koma ásýnd yfirgefna húsa í viðunandi horf og höfðar til eigenda húsanna um samstarf til að halda miðbænum hreinum. Sjá síðu 10

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



OFURHUGAR Hans Stephensen og Kristinn Einarsson eru á leiðinni í mikla svaðilför.

Í erfiðustu keppni heims

ÚTVIST Þrátt fyrir að vera óvanir skíðagöngu ætla smiðirnir Hans Stephensen og Kristinn Einarsson að taka þátt í skíðagöngukeppni á Grænlandi um helgina sem telst vera sú erfiðasta í heimi. Á þremur dögum skíða þeir eitt hundrað kílómetra og mun hópur fréttamanna frá breska ríkissjónvarpinu, BBC, og þýsku sjónvarpsstöðinni ZDF fylgjast með keppninni.

Hans og Kristinn eru að byggja virkjun í Öðrumfíri á Grænlandi á vegum Ístaks sem er styrktaraðili keppninnar. „Við tókum einn dag í einu. Við erum ekki að keppa um fyrsta sætið heldur við sjálfa okkur,“ segir Hans. - fb /sjá síðu 54

Bjargaði lífi eiginkonunnar:

Hafði betur gegn krókóðíl

ÁSTRALÍA Talið er að maður hafi bjargaði lífi eiginkonu sinnar þegar hann stökk á bakið á saltvatnskrókóðíl í þjóðgarði í Norður-Ástralíu og potaði í augun á honum.

Krókóðillinn hafði spyrt sér upp á árbakka og læst tönnum í fótlegg Wendy Petherick, og var að draga hana út í ána þegar maðurinn brást við, að því er fram kemur á vef BBC.

„Ég stökk á bakið á honum og leitaði að augunum. Ég fann þau og potaði í þau, og þá sleppti hann henni,“ segir Norm Petherick. Wendy er alvarlega slösuð eftir árás krókóðilsins. - bj

Sjúklingaskortur á Landspítalanum kallar á nýjar lausnir fyrir læknanema:

Leikarar nýttast læknanemum vel

HEILBRIGÐISMÁL „Læknanema skortir oft sjúklinga til að æfa sig á vegna þess hve legutími á sjúkrahúsum hefur styst,“ segir Stefán B. Sigurðsson, forseti læknaeildar Háskóla Íslands. Hann nefnir sem dæmi að fyrir sameiningu spítalanna hafi verið um 1.300 legupláss á spítölunum en á nýjum spítala sem á að reisa sé aðeins gert ráð fyrir 600 slíkum plássum.

Breyttar áherslur í heilbrigðis-

málum hafa kallað á nýjar lausnir fyrir læknanema. Til að mynda hefur lyflæknisfræðin fengið leikara til liðs við sig til að leika sjúklinga í verklegum prófum.

Runólfur Pálsson, dósent og kennslustjóri í lyflæknisfræði, segir að lyflæknisfræðin sé eina greinin sem nýti sér krafta leikara með þessum hætti. „Hins vegar hefur þetta gefist svo vel að ég er sannfærður um að það geti nýst á

fleiri sviðum en aðeins lyflæknisfræðinnar,“ segir hann.

Runólfur segir að helst hafi verið leitað til leiklistarnema og eldri leikara sem hafi tíma sinn ekki undirlagðan í störf innan leikhúsa. Eldri leikarar nýttast sérstaklega vel þar sem meirihluti sjúklinga sé venjulega í eldri kantinum. Þó komi til greina að samkomulag verði gert við leiklistarnema ef ráðist verði í útvíkkun starfsins. - kdk

OPIÐ til 20

alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP
Ein færð betra verð

Kaffbátur mánaðarins

Krabbabátur

SUBWAY

6 tommu bátur **329 kr.**

Gildir í apríl 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumál

3. - 7. apríl

KAUPHLAUP
í Smáralind

NÝJAR VÖRUR MEÐ 20-50% AFSLÆTTI

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



Páll, eru þeir ekki ábyggilega allir að sunnan?

„Við öflum fanga víða.“

Fyrstu fangarnir verða sendir í nýppjört Akureyrarfangelsi innan tíðar. Páll Winkler er forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Kínastjórn hyggst opna Tíbet aftur fyrir ferðamönnum í maí:

Réttað yfir uppþotsmönnum

KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld hyggjast rétta yfir þátttakendum í uppþotum í Lhasa og opna Tíbet á ný fyrir ferðamönnum í maímánuði. Með þessu vill Kínastjórn leggja að baki hið alþjóðlega uppnám sem uppþot Tíbeta og viðbrögð kínverskra yfirvalda við þeim hefur valdið, með góðum fyrirvara áður en Ólympíuleikarnir hefjast í Peking í ágúst.

Önnur héruð þar sem Tíbetar eru fjölmennir munu hins vegar vera áfram lokað fyrir ferðamönnum. Þannig meinaði til að mynda lögregla í Setsúan-héraði útlendingum aðgang í gær. Einn lögreglufulltrúi sagði að eitt tiltekið



SPENNA Frá Tíbetabænum Xiahe í Gansu-héraði í Vestur-Kína. Þótt opna eigi Tíbet sjálf fyrir ferðafólki verða ýms héruð Tíbeta áfram lokað útlendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

svæði, þar sem búddamunkar og óbreyttir Tíbetar efndu til víð-

tækra mótmæla í síðasta mánuði, yrði lokað fyrir útlendingum fram yfir Ólympíuleikana.

Í opinberum áróðri stjórnvalda er Dalai Lama og útlagastjórn hans enn kennt um upptök uppþotanna sem hófust í Lhasa 14. mars. Í stranglega ritskoðuðum fréttaplutningi kínverskra fjölmiðla af gangi mála í Tíbet er fullyrt að ástandið sé að færast í samt horf.

Hu Jia, einn þekktasti kínverski baráttumaðurinn fyrir auknum lýðrættindum, var í gær dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi fyrir undirróðursstarfsemi. Stjórnvöld beita því teygjanlega lagaákvæði óspart gegn andófsmönnum. - aa

Geir H. Haarde um ÓL í Kína: Leikarnir snúast ekki um pólitík

STJÓRN MÁL Íslensk stjórnvöld hafa ekki ákveðið hvort þau sniðgangi Ólympíuleikana í Kína. Angela Merkel Þýskalandskanslari og fleiri þjóðarleiðtogar ætla ekki að sækja leikana í mótmælaskyni við ástand mannréttindamála í Kína.

„Mér finnst ekki tímabært að kveða upp úr um það,“ svaraði Geir Fréttablaðinu í gær.

„Ólympíuleikarnir snúast ekki um pólitík og ég tel varhugaverd að blanda saman íþróttakappleikjum og stjórnmálum.“

Menntamálaráðherra Íslands hafa sótt Ólympíuleika, síðast Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í Aþenu 2004. - bps

Létust í slysi á Auðkúluheiði

Mennirnir sem fundust látnir í skothúsi á Auðkúluheiði í gær hétu Flosi Ólafsson og Einar Guðlaugsson.

Einar var fæddur árið 1920. Hann var búsettur að Húna- braut 30 á Blönduósi. Einar létur eftir sig eiginkonu og fjögur uppkomin börn.

Flosi var fæddur 1956. Hann var til heimilis að Jónsgeisla 1 í Reykjavík. Flosi létur eftir sig sambýliskonu og tvo uppkomna syni.

Skuldatryggingarálag:

Kjör bankanna smábatna enn

VIÐSKIPTI Álag á skuldabréfa-útgáfu stóru viðskiptabankanna lækkar enn í tilboðum miðlara á millabankamörkuðum. Í fyrradag varð metlækkun á einum degi.

Miðað við kjörin sem í boði voru hjá Credit Suisse við lok viðskipta í gær höfðu Kaupþing og Glitnir lækkað um 75 punkta (0,75 prósentustig) frá deginum áður og Landsbankinn um 100 punkta. Álagið var því 875 punktar á skuldabréf Glitnis, 850 punktar á Kaupþing og 675 punktar á bréf Landsbankans.

Skuldatryggingarálag er viðbót í prósentustigum ofan á millibankavexti og endurspeglar mat á hættu tengdri rekstri banka. - óká

Áfall fyrir Háskólann sem rýrir traust hans

Brot Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar gegn höfundarrétti Halldórs Laxness er áfall fyrir Háskóla Íslands, að mati rektors. Hún telur traust skólans hafa beðið hnekki. Hannes mun gefa bókina út aftur og taka tillit til gagnrýni á hana.

FRÆÐI Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, telur brot Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors, þar sem hann var dæmdur í Hæstarétti fyrir brot á höfundarlögum, áfall fyrir skólann sem hafi rýrt traust hans. Hún átelur vinnubrögð Hannesar en háskólinn telur sig ekki hafa lagalegt svigrúm til að áminna Hannes. Áminning hefði réttlætt brottrekstur við endurtekið brot.

Kristín hefur ritað bréf til Hannesar þar sem fram kemur að hún telji að staðfesting Hæstaréttar á að við ritun fyrsta bindis af ævisögu Halldórs Kiljan Laxness hafi Hannes brotið gegn höfundarrétti skáldsins sé áfall fyrir Háskóla Íslands. Vinnubrögð Hannesar hafi verið „ósæmleig og ósamræmanleg þeim kröfum sem Háskóli Íslands geri til akademískra starfsmanna sinna“.

Háskólinn telur sig þó ekki hafa lagalegt svigrúm til að veita Hannesi áminningu „með tilsvareandi réttaráhrifum“. Er þar átt við að áminning hefði réttlætt uppsögn við endurtekið brot gegn lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Háskólinn telur þó brot Hannesar verðskulda áminningu, og ber þar fyrir sig álit lögfræðinga innan sem utan skólans. Ástæðan fyrir því að skólinn telur sig ekki geta áminnt Hannes er hversu langur tími er liðinn frá því að brotið átti sér stað. Er þá til þess tekið að síðanefnd skólans ákvað að fresta meðferð málsins á sínum tíma á meðan fjallað væri um það fyrir dómi.

Hannes Hólmsteinn segir það ekki hafa verið ásetning sinn að brjóta lög. „Ég ætla að gefa fyrsta bindið út aftur í ljósi dómsins og gagnrýni sem bókinn hefur fengið. Mistök eru til að læra af þeim en ekki afneita þeim. Mér finnst mjög miður ef ég hef rýrt traust skólans og mun vinna að því að endurvinna það.“

Spurður hvort honum finnst eðlilegt að hann sitji áfram sem prófessor við skólann í ljósi dómsins og ávörðinga rektors segir Hannes að það sé annarra að meta það. „En það er augljóst að sumum öðrum finnst það ekki eðlilegt. Þá er spurningin sú hvort það sé



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR



HÁSKÓLI ÍSLANDS Í bréfi rektors til fjölskyldu Halldórs Laxness harmar hún að starfandi prófessor við skólann skuli hafa brotið gegn höfundarrétti skáldsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚR DÓMI HÆSTARÉTTAR

Hannes Hólmsteinn var dæmdur í Hæstarétti 13. mars til að greiða Auði Sveinsdóttur, ekkju Halldórs Kiljan Laxness, 1,5 milljónir króna í skaðabætur, vegna brota á 56. grein höfundarlaga. Þótti Hannes hafa brotið gegn höfundarlögum 101 sinni við ritun bókarinnar Halldór, sem samsvaraði rúmlega 210 blaðsíðum úr verkum skáldsins.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

vegna þess að þeir leggja á mig hatur eða þeir hinir sömu haldnir pólitísku ofstæki og þetta komi dómnum ekkert við.“

Guðný Halldórsdóttir, dóttir skáldsins, segir niðurstöðu rektors „kómísk“. „Þetta er fordæmisgefandi fyrir skólann; sérstaklega fyrir nemendur. Skólann setur niður og trúverðuleiki hans hefur borið hnekki.“

Ekki náðist samband við rektor við vinnslu fréttarinnar.

svavar@frettabladid.is



KANNABISPLÖNTUR Kannabisræktunin var í blóma.

Lögreglan á Suðurnesjum:

Tók 117 kannabisplöntur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum lagði í fyrrakvöld hald á 117 kannabisplöntur við húsleit í húsi á Suðurnesjum.

Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn og yfirheyrður í tengslum við málið.

Plönturnar voru í skúr við hliðina á húsinu, þar sem maðurinn hafði komið sér upp öllum tækjum og tólum til ræktunarinnar. Plönturnar voru í blóma og tilbúnar til niðurskurðar og vinnslu. Þær hefðu gefið umtalsvert magn fíkniefna.

Maðurinn sem um ræðir hefur gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina áður. Rannsókn málsins stendur enn, en hún mun vera vel á veg komin. - jss

LÖGREGLUFRETTIR

Ölvaðir utan vegar

Þrjú karlmenn gistu fangageymslur lögreglunnar á Selfossi eftir að lögregla kom að þeim dauðadruknum í bíl sem hafnað hafði utan vegar um hádegisbil í gær. Mennirnir gátu ekki sagt hvor þeirra hefði ekið bílnum.

SJÁVARÚTVEGUR

Helga RE sjósett

Nýtt skip fyrir Ingimund hf. í Reykjavík var sjósett í Ching Fu-skipasmíðastöðinni á Taivan í gær, að því er fram kemur í nýjustu Fiskifrétum. Skipið mun fá nafnið Helga RE og koma í stað skips með sama nafni sem útgerðin seldi til Skinneyjar-Þinganes árið 2005 og heitir nú Steinunn SF.

Björn Bjarnson dómsmálaráðherra um fjárveitingar til löggæslu í landinu:

Vill jafnvægi við ákvörðun fjárveitinga til stórra þátta

LÖGREGLUMÁL Eðlilegt er að almennt ríki jafnvægi við ákvörðun fjárveitinga um stóra útgjaldaþætti ríkisins, svo sem öryggis- og löggæslumál annars vegar og heilbrigðis- og menntamál hins vegar.

Þetta segir Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra. Hann bendir jafnframt á að fjárveitingar ársins 2008 hafi verið ákveðnar í fjárlögum til allra þessara málaflokka. Nú sé litið til árs 2009.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, telur nauðsynlegt að til komi auknar fjárveitingar til öryggis- og löggæslumála í landinu. Ella sé sá árangur sem náðst hafi í hættu. Hann telur jafnframt nauðsynlegt að þessi þáttur fái fjárveitingar til jafns við mennta- og heilbrigðismál.

Formaður fjárlaganefndar Alþingis hefur boðað að lögreglustjóri og fulltrúi dómsmálaráðuneytis verði kallaðir á fund nefndarinnar til að fara yfir málið.

Ráðherra segir að af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins verði áfram staðið á bak við gott starf lögreglu og hún eflað eins og kostur er.



LÖGREGLUMENN VIÐ STÖRF Dómsmálaráðherra segir lögregluna verða eflað áfram eins og kostur er.

„Ég fagna því, að hjá borgaryfirvöldum virðist meiri áhugi en áður á því að taka á hinum skipulagslegu og félagslegu þáttum, sem skipta ekki síður máli í baráttu við ofbeldi en löggæsla og refsingar,“ segir ráðherra. - jss

Ljúffengt og gott

Úr Kjötborði Nóatúns

Grísahnakki í beikonmarineringu

1.298 kr. kg.

Þú sparar 600 kr.

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR PÉR LÍFIÐ

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA **BETRI** EN AÐRIR

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



Toyota AURIS
1400 Dísel 5 gíra.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 2.500 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. LMN-76



Toyota Land Cruiser 100
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 7.190.000 kr. Skr.nr. RT-950



Toyota Land Cruiser 100
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 30.000 km
Verð: 7.280.000 kr. Skr.nr. MY-491



Toyota Land Cruiser 120 vx
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 01.05 Ekinn: 69.000 km
Verð: 5.490.000 kr. Skr.nr. YS-169



Toyota Land Cruiser 100
4700 Bensín Sjálfsk., sóllúga
Á götuna: 07.04 Ekinn: 69.000 km
Verð: 5.860.000 kr. Skr.nr. YL-030



Toyota RAV4 GX
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 58.000 km
Verð: 3.330.000 kr. Skr.nr. SM-261



Toyota Aygo
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 10.07 Ekinn: 2.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Skr.nr. VE-493



Toyota Corolla H/B
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 26.000 km
Verð: 2.370.000 kr. Skr.nr. DI-109



Lexus LS-470
Navig. System, Mark Levinson hljómtæki
4300 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 29.000 km
Verð: 6.500.000 kr. Skr.nr. KI-222



Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 08.03 Ekinn: 85.000 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. BT-321



Toyota Corolla S/D
1600 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 11.000 km
Verð: 2.760.000 kr. Skr.nr. RP-452



Toyota Previa W/G
2400 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 52.000 km
Verð: 2.860.000 kr. Skr.nr. UJ-069

BNB-sölugreining

Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	74,78 75,14
Sterlingspund	148,21 148,93
Evra	116,24 116,9
Dönsk króna	15,585 15,677
Norsk króna	14,538 14,624
Sænsk króna	12,438 12,51
Japanskt jen	0,7274 0,7316

SDR	121,65	122,37
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	150,3135	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Ákvörðun Alcoa um að hefja umhverfismat:

Álver á Bakka líkleggra núna

ATVINNUMÁL Fyrirhugað álver á Bakka við Húsavík verður fyrsta álverið á heimsvísu sem knúð verður áfram eingöngu með rafmagni frá jarðhitavirkjunum, gangi áform Landsvirkjunar eftir. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur Alcoa ákveðið að hefja vinnu við mat á umhverfismatinu og jákvæðum niðurstöðum þess.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Alcoa sýnt vilja til þess að reikna með möguleika á stækun álversins úr 250 þúsund tonn um í 346 þúsund tonn, sem er sambærilegt því sem fyrirtækið rekur á Reyðarfirði.



Fyrirhugað álver yrði um 250 þúsund tonn og þyrfti 400 megavött af rafmagni sem koma af jarðhitasvæðum í nágrenni Húsa-

víkur, í landi Norðurbings, Skútu-staðahrepps, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar. Fjölmennur íbúafundur var á Húsavík í gær.

Endanleg ákvörðun um að álver verði reist er þó háð umhverfismatinu og jákvæðum niðurstöðum þess.

Sænsk umhverfismál: Verðlauna vistvæn bílakaup

SVÍÞJÓÐ, AP Sænska stjórnin hefur ákveðið að verja andvirði þriggja milljarða íslenskra króna til viðbótar í áætlun sem verðlaunar bílakaupendur fyrir að velja umhverfisvæna bíla.

Frá því í apríl í fyrra hafa sænsk stjórnvöld boðið hverjum þeim sem kaupir bíl sem uppfyllir settar reglur um umhverfisvænleika (losa innan við 120 grömm af koltvísýringi á kílómetra) 10.000 sænskar krónur í styrk til kaupanna, andvirði 125.000 íslenskra. Þetta hefur leitt til 50 prósentu aukningar í sölu slíkra bíla á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, samanborið við sama tíma árið áður.



VIÐURKENNING Þórlindur Kjartansson, formaður SUS, afhenti Margréti Pálu Ólafsdóttur frelsisverðlaunin.

Margrét Pála og Viðskiptaráð verðlaunuð

FÉLAGSMÁL Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, og Viðskiptaráð Íslands fengu í gær frelsisverðlaun Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS).

Margrét Pála þykir skara fram úr með hugmyndaauðgi og dugnaði við að skapa nýja valmöguleika. Farsælt starf hennar sé framúrskarandi rökstuðningur fyrir einkaframtaki í menntamálu.

Viðskiptaráð er níutíu ára um þessar mundir, og er verðlaunað fyrir að vera aflvaki nýrra hugmynda um hvernig sé hægt að auka hag þjóðarinnar.

Bensínverð á Norðurlöndum: Lítraverðið er lægst á Íslandi

SAMGÖNGUR Verð á 95 oktona bensíni er mun hærra í Noregi, Danmörku og Svíþjóð en hér á landi, að því er fram kemur í Vefriti fjármálaráðuneytisins.

Algent verð á lítra hér á landi í lok mars var um 152 krónur, og fékk ríkið 47,5 prósent af því. Hæst var verðið í Noregi, um 187 krónur, og tekur ríkið 59,8 prósent af lítraverðinu.

Framboð til Öryggisráðs SP: Albanía heitir Íslandi atkvæði

BÚKAREST, FRÉTTABLAÐIÐ „Þið eigið okkar stuðning vísan,“ svaraði Lulzim Basha, utanríkisráðherra Albaníu,



spurningu Fréttablaðsins um afstöðu albanskra stjórnvalda til framboðs Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins samþykkti í gær aðild Albaníu. Basha sagði þá samþykkt risastórt skref fyrir þjóð sína, öryggi hennar yrði tryggara en áður. Ísland er ráðherranum hugleikið þar sem tímamótaafstöðu til aðildar Albaníu var lýst á fundi utanríkisráðherra Nató-ríkja í Reykjavík 2002.

Ítrekun BÍlgreinasambandsins: Vörugjöld verði einfölduð

SAMGÖNGUR Aðalfundur BÍlgreinasambandsins (BGS) ítrekaði í gær stefnu sambandsins um að vörugjöld á bílum verði einfölduð og lækkuð.

BGS hefur lagt fram tillögur um að vörugjöld á alla bíla verði fimmtán prósent, í stað þess að hafa þau í tveimur flokkum með fjölmörgum undantekningum eins og staðan er í dag, segir Egill Jóhannsson, formaður BGS.

Þessi breyting myndi gera það að verkum að endurnýjun bílflota landsmanna yrði hraðari. Þar með fjölgaði hlutfallslega sparneytnum og örugum bílum sem mengi minna, segir Egill.

Höfum ekki efni á að eldast án breytinga

Íslendingar ganga mjög langt þegar kemur að lækningum á öldruðum. Forstjóri Landspítalans segir að OECD segi óbeint að þjóðin hafi ekki efni á slíku fyrirkomulagi. Fyrirverandi forstjóri spítalans segir að umræðu sé þörf.

HEILBRIGÐISMÁL „Menn segja stundum að hér á landi sé miklum peningum veitt í heilbrigðiskerfið. Hluti af skýringu á því getur verið að við séum að ganga lengra en aðrir þegar kemur að lækningum, til dæmis meðal aldrið,“ segir Magnús Pétursson, fyrirverandi forstjóri Landspítalans. Í grein sem hann hefur skrifað og birtist á vefsíðu Landspítalans fer hann meðal annars yfir greiningu OECD á íslensku heilbrigðiskerfi og bendir á skýringar á kostnaði. Meðal annars bendir hann á að Íslendingar geri mun oftar kransæðapræðingar, sem yfirleitt eru gerðar á eldra fólki, heldur en Svíar.



Ef tíðni kransæðapræðinga væri sú hin sama og í Svíþjóð væri kostnaður heilbrigðiskerfisins um 66 til 112 milljónum krónum lægri en nú, svo dæmi sé tekið. „Hér eru gerðar opnar hjarta- aðgerðir á áttæðu fólki og þaðan af eldra, og líklega er það sjaldgæfara í öðrum löndum hér í kringum okkur. Bretar segja bara tæpitungulaust að eitt gott ár til viðbótar hjá svo gömlu fólki megir ekki kosta meira en þrjátíu til



ÍSLENDINGA BERA MIKLA VIRÐINGU FYRIR ÖLDRUÐUM Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans og framkvæmdastjóri lækninga, segir umhyggju fyrir gömlu fólki innan heilbrigðiskerfisins mun meiri hérlendis en tíðkast víða erlendis. Tölfræði sýnir fram á þetta. Hann segir OECD skýrslu þó óbeint benda á að óbreytt fyrirkomulag gangi ekki mikið lengur.

fjörtútu þúsund evrur. Hér leggjum við hins vegar allt undir, mér liggur við að segja sem betur fer. Þetta þarf hins vegar að ræða opin-skátt,“ segir Magnús.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans og framkvæmdastjóri lækninga, segir að óbeint segi skýrslu höfundar OECD að Íslendingar þurfi að setja sér viðmið í þessum málum. Þjóðin eldist og telja þeir að til lengri tíma geti Íslendingar ekki gengið jafn langt í lækningum á öldruðum og gert hefur verið. „Hér hefur ekki farið fram alvöru umræða um þessi mál svo mér sé kunnugt um,“ segir Björn. Hann telur hins vegar styttest að ráðamenn þurfi að ræða þessi mál af

alvöru. „OECD bendir óbeint á að við höfum ekki efni á því að eldast mikið meira með óbreyttu fyrirkomulagi,“ segir hann.

„Þetta hefur verið ósköp lítil og mjög erfið umræða. Mér finnst meiri virðing vera borin fyrir gömlu fólki hér á landi heldur en ég hef kynnst erlendis og þessi mál því í skynsamlegum farvegi hér á landi. OECD segir að við höfum ekki efni á þessu mikið lengur. Það sé bara þannig að við séum að eldast og fjöldi aldræða vaxi, sem og kostnaðurinn í kringum heilbrigðiskerfið. Þetta kunnir að taka allt ríkiskerfið undir sig ef við höldum svona áfram,“ segir hann.

ÚTRÁSIN TIL MARS

Forseti tölvunarfræðideildar HR átti þátt í að hanna tæki sem notuð eru af NASA til rannsóknna á Mars.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér nánari á www.hr.is

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

FLOTTAR HELGARHORFUR
Það verður ekki annað sagt en að veðurhorfur helgarinnar séu flottar. Bjartviðri um mest allt land og hægur vindur. Reyndar verður veðrið austast á landinu mun lakara. Þar má búast við stífri norðanátt, skýjuðu veðri og stöku éljum. Fremur kalt verður í veðri.

Á MORGUN
8-13 m/austast, annars hægviðri.

SUNNUDAGUR
8-15 m/s austast, annars hægviðri.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	10°
Billund	11°
Ósló	8°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	9°
London	17°
Paris	15°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	8°
Berlín	11°
Alicante	21°
Mallorca	17°
Basel	11°
Eindhoven	12°
Las Palmas	24°
New York	9°
Orlando	30°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Hafðu það gott um helgina!

OPIÐ
tíl **20**
alla daga

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt



998 kr/kg

Verð áður 1.595.-

Lambalæri
- úr kjötborði

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt



1.698 kr/kg

Verð áður 2.559.-

Svínalundir
- úr kjötborði

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt



2.998 kr/kg

Verð áður 3.846.-

Nautalundir
- úr kjötborði

30%
afsláttur
við kassa



1.931 kr/kg

Merkt verð 2.759.-

Kjúklingalundir

30%
afsláttur
við kassa



1.119 kr/kg

Merkt verð 1.599.-

Wok kjúklingaréttur
- með grænmeti og sósu

Basilika Bergmynta Dill Fáfnisgras Flat steinselja Garðablóðberg Graslaukur Hjartafró Kerfill Koriander Lofnarblóm Marjoram Mynta Rósmarin Salvía Steinselja



Frábært úrval af kryddjurtum...

hafðu það mexíkanskt...



Taco Bell

- ekta mexíkanskar vörur, hver annari betri. Hefur þú prófað? Einungis fánlegt í Hagkaupum.

Gildir til 6. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Er ástæða til að ráðamenn Íslands ferðist með einkaþotum?

Já	29,8%
Nei	70,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Villt þú að ríkið ráðstafi hærrí upphæðum en nú er gert til öryggis- og löggæslu?

Segðu þína skoðun á visir.is

Starfsemi fjármálaráðuneytisins fór úr skorðum þegar atvinnubílstjórar héldu mótmælum áfram í gær:

Þeyttu flautur og tepptu umferðina

MÓTMÆLI Atvinnubílstjórar héldu mótmælu sínum áfram í gær og stöðvuðu umferð við Reykjanesbraut um áttaleytið í gærmorgun. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu mynduust miklar umferðarteppur og tók nokkurn tíma að greiða úr þeim. Í hádeginu námu um tuttugu bílar staðar fyrir utan fjármálaráðuneytið og þar voru flautur þeyttar. Lögregla var á staðnum og tók niður upplýsingar um tvo bílstjórana.

Nokkur kurr var í bílstjórum vegna aðgerða lögreglu. Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfir-lögregluþjónn segir að lögreglan hafi ekki breytt aðferðum sínum hvað varðar mótmælendur. „Þeir sem eru uppvisir að lögbrotum geta átt von á því að verða beittir viðurlögum. Þetta á við um öll lögbrot, þessi sem önnur,“ segir Kristján Ólafur. Málin munu fara í hefðbundinn feril hjá lögreglu. Starfsemi fjármálaráðuneytisins fór úr skorðum



HVAÐ ER Á SEYÐI? Mikill hávaði fylgdi mótmælunum og ekki heyrðist mannsins mál í ráðuneytinu.

við mótmælin, enda hávaðinn gríðarlegur. Fulltrúar atvinnubílstjóra eiga fund með Kristjáni Möller samgönguráðherra í dag.

- kp

KRÖFUR BÍLSTJÓRANNA

Að oliugjald verði lækkað.

Að slakað verði á hvíldartímatilskipun. Nú þurfa þeir 45 mínútna hvíld fyrir fjóra og hálfu ökustund.

Að þungaskattur verði felldur niður.

Að horfið verði frá umhverfisgjaldi sem tekur gildi um áramót og nemur tuttugu krónum á hvern olíulíttra.

Að ekki þurfi 36 klukkustunda öku-kennslunámskeið á fimm ára fresti til endurnýjunar ökuskráreins.

Vantar þig málara í einum grænum?

já er svarið



118

ja.is

Símaskráin

Ákvörðun um álver í Helguvík staðfest

Umhverfisráðherra fellst ekki á kærnu Landverndar og staðfestir umhverfismat fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík. Úrskurður samkvæmt landslögum, en er ekki ráðherra að skapi. Segir náttúruna verða að fá vörn í stjórnarskrá.

UMHVERFISMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra úrskurðaði í gær um kærnu Landverndar vegna umhverfismats fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík.

Komst ráðherra að þeirri niðurstöðu að formgalli hefði verið á meðferð Skipulagsstofnunar, og hafnaði kröfu Landverndar.

Landvernd kærði í október þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að ekki þyrfti að meta saman umhverfisáhrif allra framkvæmda tengdra álveri í Helguvík.

Skipulagsstofnun tók ekki sérstaka ákvörðun um að áhrifin yrðu ekki metin saman. Í úrskurði umhverfisráðherra kemur fram að bréfaskipti hafi farið milli stofnunarinnar og Norðuráls, og ljóst að ákvörðun hafi í raun verið tekin um mitt ár 2006. Ekki var tilkynnt um þá ákvörðun fyrr en með lokaálit Skipulagsstofnunar í byrjun október 2007.

„Í raun lítum við svo á að slíka ákvörðun þurfi að taka áður en matsáætlun er samþykkt,“ sagði Þórunn á fundi með fjölmiðlafólki í umhverfisráðuneytinu í gær. Skipulagsstofnun hefur þegar breytt verklagi sínu í samræmi við það, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu.

„[Við] teljum að um sé að ræða ákveðinn formgalla á afgreiðslu Skipulagsstofnunar, þó hann geti ekki talist verulegur,“ sagði Þórunn. Helsta ástæða þess að ekki hafi verið fallist á kærnu Landverndar hafi verið að það hefði verið í andstöðu við lög um hraða stjórnsýslu að breyta ákvörðun frá miðju



STAÐFEST Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra kynnti ákvörðun sína fyrir fjölmiðlafólki í gær ásamt Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

UMHVERFISKAFLI Í STJÓRNARSKRÁNA

„Náttúra og umhverfi hafa ekki stjórnarskrávarinn rétt, eins og til dæmis atvinnufrelsi og eignarrétturinn. Því miður er ekki enn kominn inn í stjórnarskrá umhverfiskafla, sem margir hafa beðið eftir lengi,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra. „Það er í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að halda áfram endurskoðun stjórnarskráreins,“ segir Þórunn. Mjög mikilvægt sé að náttúran fái vörn í stjórnarskránni.

ári 2006 nú snemma árs 2008.

„Þessi úrskurður útilokar ekki að þegar afstaða verður tekin til annarra matsskyldra framkvæmda sem tengjast álverinu í Helguvík, geti niðurstaðan orðið önnur en [...] í þessu tilviki,“ sagði Þórunn.

„Að sjálfsögðu er þessi úrskurður að landslögum, en það er ekki þar með sagt að hann sé umhverfis-

ráðherraum að skapi.“

Heimild er til þess í lögum að meta umhverfisáhrif tengdra framkvæmda saman. Á fundi ríkisstjórnarinnar á þriðjudag lagði Þórunn fram frumvarp þar sem lagt er til að það verði skýr krafa að tekin sé formleg afstaða til þess hvort meta skuli áhrifin saman.

brjann@frettabladid.is

Úrskurður umhverfisráðherra kemur ekki á óvart segir talsmaður Norðuráls: Gífurleg vonbrigði fyrir Landvernd

UMHVERFISMÁL „Í úrskurðinum er ekki tekin efnisleg afstaða til kröfu Landverndar um ógildingu álits Skipulagsstofnunar, og það eru gífurleg vonbrigði,“ segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Bergur bendir á að ráðherra hafi sérstaklega tekið fram að úrskurðurinn frá því í gær hafi ekki fordæmisgildi fyrir ákvörðun vegna annarra matsskyldra framkvæmda sem tengist fyrirhugðu álveri í Helguvík.

„Með vísan í þetta munum við beita okkur fyrir því að orkuöflunin og orkuflutningarnir verði metnir með heildstæðum hætti,“ segir Bergur.

Hægt er að kæra úrskurð ráðherra til dómstóla, en Bergur segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort dómstólaleiðin verði farin.

Ágúst F. Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðuráli, segist ánægður með úrskurð ráðherra. Hann sé í takt við það sem reiknað hafi verið með hjá Norðuráli.

Ágúst vill ekki tjá sig um þau ummæli umhverfisráðherra að þessi úrskurður útiloki ekki að niðurstaðan verði önnur þegar tekin verði



FRAMKVÆMDIR Náttúruverndarsamtök Íslands hafa kært veitingu framkvæmdaleyfis til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. MYND/ODDGEIR KARLSSON

afstaða til annarra tengdra framkvæmda.

„Það var bara verið að fjalla um þetta mál, og úrskurðurinn er fallinn. Nú höldum við bara áfram okkar vinnu,“ segir Ágúst. Undirbúningsframkvæmdir eru í gangi á lóð félagsins í Helguvík. - bj

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

50% AFSLÁTTUR FYRIR BÖRN

Til og með 4. apríl bjóðum við 50% barnaafslátt af Economy og Best Price fargjöldum* fyrir börn, 11 ára og yngri, til allra áfangastaða okkar erlendis. Ferðatímabil er til og með 31. desember.

+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum
 Punktamir upp í Ferðaávisun gildir



*Nánari upplýsingar um fargjaldaflokka Icelandair á netinu. Afslátturinn reiknast af fargjaldi án flugvallarskatta.

VÍSIR.IS
 „...ég sá það á vísi“

80% FJÁRMÖGNUN
Á HAGSTÆÐUM VÖXTUM

KOMDU Í BÍLAÞING - VIÐ FYRSTA

HANAGAL!

FRÁBÆR TILBOÐ Á ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM

MYNT-
KÖRFU
LÁN

80%
FJÁRMÖGNUN

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

VETRAR- &
SUMARDEKK

Það borgar sig að koma við í **Bílaþingi HEKLU** þessa dagana. Þar eru allir bílar á útsölu, allt að 60% afslætti og fjármögnun í íslenski og erlendri mynt! Það eina sem þú þarft að gera er að spretta á fætur og koma til okkar við fyrsta hanagal og sjá tilboð sem eru sannarlega þess virði að vakna fyrir! Það er líka Hanagal hjá umboðsmönnum HEKLU um land allt!

VW Passat Variant



Nýskráður apríl 2004 / Beinskiptur / Ekinn 60.000 km
Ásett verð: 1.740.000,- **Tilboðsverð: 1.390.000,-**

Toyota Rav4



Nýskráður júní 2004 / Beinskiptur / Ekinn 67.000 km
Ásett verð: 2.090.000,- **Tilboðsverð: 1.650.000,-**

VW Jetta Trendline



Nýskráður sept 2006 / Beinskiptur / Ekinn 33.000 km
Ásett verð: 2.090.000,- **Tilboðsverð: 1.590.000,-**

Toyota Avensis



Nýskráður feb 2006 / Beinskiptur / Ekinn 160.000 km
Ásett verð: 650.000,- **Tilboðsverð: 390.000,-**

Skoda Octavia 4x4



Nýskráður jan 2005 / Beinskiptur / Ekinn 51.000 km
Ásett verð: 1.690.000,- **Tilboðsverð: 1.390.000,-**

Citroën C4



Nýskráður júlí 2006 / Sjálfskiptur / Ekinn 5000 km
Ásett verð: 1.890.000,- **Tilboðsverð: 1.490.000,-**

VERÐDÆMI
28.443
Á MÁNUÐI



Opnunartímar Hanagals: 9-18 á föstudag | 9-16 á laugardag

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

VEISTU SVARID?



1. Í hvaða borg í Danmörku var framið stórt rán á þriðjudag?

2. Hver skoraði mark Liverpool í leik liðsins gegn Arsenal á miðvikudag?

3. Hvað heitir næsta mynd leikstjórans Baltasars Kormáks?

SVÖRIN ERU Á Síðu 54

Herjólfur var seinn í gær:

Sigldi á annarri vélinni til Eyja

SAMGÖNGUR Vélarbílun kom upp í Herjólfri í gærmorgun og af þeim sökum bættust rúmlega tuttugu mínútur við hefðbundinn ferðatíma skipsins. Bilunin gerði það að verkum að skipið keyrði á ellefu mílum í stað þeirra fjórtán til fimmtán mílna sem venja er þegar báðar vélarnar eru starfhæfar.

Unnið var að viðgerð í gær og ekki ljóst hvenær henni lyki. - kg

SÚRÍNAM

Mannskætt flugslys

Flugmálayfirvöld í Súrínam í Suður-Ameríku greindu frá því í gær að farþegaflugvél af gerðinni Antonov-AN28 hefði hrapað á leið frá höfuðborginni Paramaribo. Með henni hefðu farist 19-20 manns, flestir verkamenn frá Brasilíu.

Albanía og Króatía í Nató

Leiðtogafundur Nató samþykkti aðild Albaníu og Króatíu í gær. Grikkir komu í veg fyrir aðild Makedóníu. Forsætisráðherra metur málamiðlun um að Georgía og Úkraína fá aðild í „fram tíðinni“ góða.

BÚKAREST, FRÉTTABLAÐIÐ Sovétlýðveldin fyrrverandi Georgía og Úkraína fá ekki að hefja formlegt aðildarferli að Atlantshafsbandalaginu [Nató] að sinni. Í lokayfirlýsingu leiðtogafundar Nató í Búkarest er kveðið á um aðild ríkjanna á endanum, án þess að tímasetninga sé getið. Fundi utanríkisráðherra aðildarríkjanna í desember var falið að fjalla um málið.

Eftir stormasamar óformlegar viðræður í Búkarest í fyrrakvöld var útséð með að samstaða næðist um ósk ríkjanna tveggja, og kröfu Bandaríkjanna, um að hefja aðildarferli. Ríki í Vestur-Evrópu, einkum Þýskaland og Frakkland, voru á móti. Réði ótti við röskun jafnvægis í austurhluta álfunnar þar mestu en Rússum er mjög í nöp við Nató-aðild nágranna sinna.

Að sama skapi var aðildarumsókn Makedóníu hafnað. Grikkir lögðust gegn henni á þeirri forsendu einni að nafn þessa nágrannaríkis væri ögrun við þá. Frá sjálfstæði Makedóníu og upptöku nafnsins árið 1991 hafa ríkin deilt. Makedónía hin forna heyrir að stærstum hluta til Grikklands. Samstöðu þarf meðal allra Nató-ríkja um allar ákvarðanir bandalagsins og því varð vilji Grikkja ofan á. Makedóníumenn brugðust við niðurstöðunni með því að yfirgefa fundarstaðinn.

Makedónía hafði fylgt formlegu aðildarferli síðustu misseri. Það höfðu Albanía og Króatía gert líka og á fundinum í gær var samþykkt að bjóða þeim aðild með formlegum hætti. Þar með verða aðildarríkin 28.

Geir H. Haarde forsætisráð-



Á LEIÐTOGAFUNDI NATÓ Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sátu fyrir svörum í Búkarest í gær. Leiðtogafundi Nató lýkur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

„Ég tel að það sé mikilvægt að það séu fleiri í bandalaginu og það hafi meiri breidd.“

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR
UTANRÍKISRÁÐHERRA

herra telur þá málamiðlun sem varð um Georgíu- og Úkraínunna góða. „Ég hefði vel getað hugsað mér að þeir fengju aðild að aðildarferlinu en ég held að þetta sé mjög ásættanleg niðurstaða,“ sagði Geir. Hann kvað

Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, hafa beitt sér fyrir þessari niðurstöðu.

Geir sagði vonbrigði að ágreiningur Grikkja og Makedónunnanna hefði ekki verið jafnaður. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fagnar stækkun Nató. „Ég held að það sé til bóta að bandalagið stækki. Ég tel að það sé mikilvægt að það séu fleiri í bandalaginu og það hafi meiri breidd,“ sagði Ingibjörg Sólrún í gær.

Leiðtogafundi Nató lýkur í dag.

bjorn@frettabladid.is



AÐILDARRÍKI NATÓ

Stofnendur (1949):

Bandaríkin
Belgía
Bretland
Danmörk
Frakkland
Holland
Ísland
Ítalía
Kanada
Lúxemborg
Noregur
Portúgal

Ríki sem fengu inngöngu síðar:

Grikkland (1952)
Tyrkland (1952)
Þýskaland (1955)
Spánn (1982)
Pólland (1999)
Tékkland (1999)
Ungverjaland (1999)
Búlgaría (2004)
Eistland (2004)
Lettland (2004)
Lítháen (2004)
Rúmenía (2004)
Slóvakía (2004)
Slóvenía (2004)

Samþykkt í Búkarest 2008:

Albanía
Króatía



Microsoft Dynamics AX

VIÐSKIPTAKERFIÐ VERÐUR AÐ GETA BREYST JAFNHRATT OG VIÐSKIPTAUMHVERFIÐ.

HNÖKRALOUS ÞJÓNUSTA FRÁ FYRSTA DEGI.

Microsoft Dynamics AX er öflugasta viðskiptakerfið frá Microsoft og leysir þarfir fyrirtækisins, allt frá nákvæmri úrvinnslu fjárhagsupplýsinga til skipulagningar á flókinni framleiðslu. Microsoft Dynamics AX gerir fyrirtækjum í framleiðslu, dreifingu og þjónustu kleift að bregðast við breytingum á markaði á hraðvirkan og hagkvæman hátt. Microsoft Dynamics AX lagar sig að þörfum fyrirtækisins fremur en að setja starfseminni skorður.

„Innleiðing Microsoft Dynamics AX var viðamikil verkefni fyrir okkur hjá Nóa Síriusi þar sem við vorum að nota margar sérlausnir eins og tollakerfi, vöruhúsakerfi og handtölvakerfi. Fyrstu vikurnar eftir gangsetningu Dynamics AX fengum við góða aðstoð og stuðning frá starfsmönnum HugarAX. Við gátum haldið uppi hnökralausri þjónustu strax frá fyrsta degi.“

– Rúnar Ingibjartsson

HUGUR / AX

Rúnar Ingibjartsson, forstöðumaður upplýsingasviðs hjá Nóa Síriusi.

Guðrúnarstíg 2-4 / 113 Reykjavík / Sími 545 1000 / www.hugurax.is



NÝTT



Super Restorative lituð dagkrem, auðveld leið til þess að tryggja fallettri áferð húðarinnar. Fínar línur virðast strax minni, húðin fær jafnara yfirbragð og unglegri blæ. Litaða dagkremið er hægt að nota í staðinn fyrir dagkrem. Einstök innihaldsefnin vinna gegn öldrun, þannig að húðin verður þéttari og sléttari.

Það er SPF 20 í kreminu og mengunarförn.
Það er staðreynd að með hjálp Clarins verður lífið fallettra.

CLARINS
PARIS

www.clarins.com

Nýtt í Debenhams

Clarins snyrtivörur fáast nú í Debenhams.
Sérfræðingur mun kynna nýjungar frá Clarins 4. - 9. apríl
Spennandi opnunartilboð.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

„AFSAKIÐ HLÉ“

Við gerum hlé á daglegri starfsemi okkar í dag og flytjum í Borgartún 26. Beðist er velvirðingar á því að síma- og nettengingar munu jafnframt að mestu liggja niðri.



LÖGMANNSTOFA

Borgartúni 26 | 105 Reykjavík | Sími 590 2600
Bréfasími 590 2606 | lex@lex.is | www.lex.is

Jónas A. Aðalsteinsson hrl
Þórunn Guðmundsdóttir hrl
Erla S. Árnadóttir hrl
Helgi Jóhannesson hrl
Karl Axelsson hrl
Ólafur Haraldsson hrl
Lilja Jónasdóttir hrl
Kristín Edwald hrl
Ragnheiður M. Ólafsdóttir hrl
Heimir Örn Herbertsson hrl
Eiríkur Elís Þorláksson hdl
Garðar G. Gíslason hdl
Eva Margrét Ævarsdóttir hdl
Arnar Þór Stefánsson hdl
Dýrleif Kristjánsdóttir hdl
Katrín Jónasdóttir framkv.stj



VEGGJAKROT Í REYKJAVÍK Starfsmenn Reykjavíkurborgar hófu í gær að hreinsa veggjakrot af húsum við Laugaveg.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Harmar ástandið

Aðgerðahópur um miðborg Reykjavíkur settur á laggirnar. Slökkviliðsstjóri telur að fyrir hefði mátt bregðast við en kallar eftir samvinnu borgarbúa.

UMHVERFISMÁL Átak í hreinsun og lagfæringum á skemmdarverkum af völdum veggjakrots við Laugaveg hófst í gær. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að um sé að ræða fyrsta skref í því að snúa við þeirri óheillaþróun sem verið hafi í miðborg Reykjavíkur um nokkurt skeið. Er það sagt lúta að agaleysi ákveðinna hópa og einstaklinga sem birtist meðal annars í kroti og málun myndtákna á húsveggi. Að sama skapi er um að ræða hirðuleysi nokkurs fjölda fasteignaeigenda íbúðarhúsnæðis sem enginn hefur búsetu í eða fyrirhugað er að gera breytingar á, segir í tilkynningunni.

Verður eigendum húsa boðið að eignir þeirra verði hreinsaðar af kroti í eitt skipti að kostnaðarlausu. Verður komið á vöktun öryggisaðila og átta myndavélum komið fyrir á Laugaveginum.

Á kynningarfundum um aðgerðir til að efla miðborgina sem haldinn var í gær sagði Ólafur F. Magnússon borgarstjóri harma ástand miðborgarinnar. Hann hét því að 17. júní mundu íbúar borgarinnar líta miðborgina öðrum augum. Starfstími aðgerðaráætlunar til eflingar miðborgarinnar, sem átakið byggir á, mun standa til 1.

júní 2009. Hlutverk aðgerðarhóps sem settur hefur verið yfir verkefnið er að samræma og gera tillögur um nauðsynlegar aðgerðir í miðborginni með það að markmiði að bæta umgengni, hreinlæti og öryggi.

„Það er mín trú að það verði ávinningur af þessu en hvort það skili okkur alla leið veit ég ekki,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, spurður hvort hann telji að hreinsunarátök muni bæta brunavarnir og ástand niðurníðdra húsa í miðbænum. Hann hvetur almenning til að setja sig í samband við slökkvilið og láta vita af húsum sem teljast megi ótrygg. „Þetta er sameiginlegt átak okkar allra og okkar bestu skoðanir hafa yfirleitt verið byggðar á ábendingum almennings. Það væri óábyrgt af mér sem slökkviliðsstjóra að segja að við hefðum ekki átt að bregðast við fyrir. Einn eldsvoði er einum of mikið.“

Jón Viðar bindur vonir við verkefnið. „Mér finnst vera hugur í mönnum. Nú eru allir orðnir virkilega samstilltir. Það er mikill ávinningur af því,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri.

olav@frettabladid.is



Fagleg og persónuleg þjónusta

Sjúkraliði RV, Jóhanna Runólfssdóttir, leiðbeinir skjólstæðingum TR, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

Sími: 520 6673
johanna@rv.is
www.rv.is



Við höfum gefið út vandaðan TENA bækling - um úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka. Hafðu samband og við sendum þér eintak.

Ýmis úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV/INGIE 040805

SPM flytur í Borgartún

Sparisjóður Mýrasýslu hefur flutt afgreiðslustað sinn í Reykjavík úr Síðumúlanum í nýtt og glæsilegt húsnæði í Borgartúni 26. Líttu endilega við.





**DREKKUM VATN OG
BJÖRGUM MANNSLÍFUM**

4. til 13. apríl

Daglega deyja um 6000 börn vegna skorts á heilnæmu drykkjarvatni. 1 milljarður manna hefur engan eða takmarkaðan aðgang að hreinu vatni. Leggðu þitt af mörkum með því að drekka og greiða fyrir hollt og gott ferskvatn á mörgum veitingastöðum í Vatnsviku UNICEF.

www.vatnsvika.is

Þátttakendur í Vatnsviku:

Brasserie Grand
Domo
Einar Ben
Fiskmarkaðurinn
Gullfoss
Grillið
Hótel Holt
La Primavera
Ó restaurant
Perlan
Silfur
Sjávarkjallarinn
Við Tjörnina
Við fjöruborðið
VOX



Stoltur
stuðningsaðili
Vatnsviku UNICEF



NORÐURLÍÓSDÝRÐ Í ALASKA Norðurljós blika á himni yfir kirkju Votta Jehóva nærri Palmer í Alaska.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dæmdur í héraðsdómi fyrir fjórar líkamsárásir á fyrrverandi sambýliskonu:

Átta mánuðir fyrir gróft ofbeldi

DÓMSMÁL Karlmaður, búsettur í Kópavogi, hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði á skilorði, fyrir að hafa ráðist með grófu ofbeldi á fyrrverandi sambýliskonu sína. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni 900 þúsund krónur í miskabætur. Hámarksrefsing fyrir brot af þessu tagi, sem heyrir undir 217. grein almennra hegningarlaga, er 12 mánuðir.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa í fjögur skipti ráðist á konuna, dregið hana á hárinu og gengið í skrokk á henni með höggum og spörkum. Í síðasta tilvikinu braust

maðurinn inn til konunnar og misþyrmdi henni. Konan hlaut í öll skipti umtalsverða áverka og eymsl.

Maðurinn neitaði sök fyrir dómi. Dómurinn taldi frásögn hans ekki trúverðuga og að í henni væru mótsagnir. Aftur á móti taldi dómurinn framburð konunnar trúverðugan. Hann var studdur læknisvottorði, svo og framburði læknis og vitna. Í dóminum kemur fram að maðurinn hafi átt að baki nokkurn sakaferil. Brot hans gegn konunni hafi verið niðurlægjandi fyrir hana og einkennst af „hrottaskap og ófyrirleitni“.

- jss



HÉRAÐSDÓMUR Dómurinn sagði brot mannsins gegn konunni hafi verið niðurlægjandi fyrir hana og einkennst af „hrottaskap og ófyrirleitni“.

Boðað til málþings í dag:

Íslenska í fjölmiðlum rædd

MÁLÞING Íslenska í fjölmiðlum er yfirskrift málþings sem Íslensk málnefnd og Blaðamannafélag Íslands boða til í dag.

Rædd verður ábyrgð fjölmiðla gagnvart íslensku máli og umgengni fjölmiðla við tungumálið, auk þess sem fjallað verður um sjónvarpsþýðingar og talsetningu sjónvarpsefnis.

Málþingið er hjó sjöunda í röð ellefu málþinga Íslenskrar málnefndar á þessu vormisseri en nefndin vinnur nú að tillögu að málstefnu fyrir menntamálaráðuneytið. Þingið, sem er haldið á Hótel Holti, hefst klukkan fjögur og lýkur klukkan sex.

- kdk

Ríkislögreglustjóri:

Rúmlega 30 stöður lausar

LÖGGÆSLA Ríkislögreglustjóri hefur auglýst lausar stöður 32 lögreglumanna hjá fjórum lögregluembættum. Átján stöður eru fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, tólf fyrir lögregluna á Suðurnesjum, ein staða er á Blönduósi og staða lögregluvarðstjóra á Egilsstöðum er laus.

Þá munu 78 lögreglumenn brautskrást frá grunnnámsdeild Lögregluskólans á þessu ári, sem er um tíu prósent af öllu lögregluhöfðingjum.

- jss

BRETLAND

Málið í kviðdómi

Ellefu manna kviðdómur í réttarrannsókninni á dauða Díönu prinsessu dró sig í hlé í gær. Kviðdómurinn hefur hlustað á vitnisburð 250 manns síðustu sex mánuði.

Bírafinn þjófnaður um hábjartan dag við gamla Sjóminjasafnið á Grandagarði:

Stálu 70 metra löngum steypumótum

LÖGREGLUMÁL „Þjófarnir hafa þurft tvær ferðir á vörubíl,“ segir verktafarnir Hannes Þór Baldursson um dularfullt hvarf steypumóta frá Grandagarði.

Hannes, sem er annar eigenda Viðhalds fasteigna ehf, segir að steypumótum frá fyrirtækinu hafi verið komið fyrir við Grandagarð 8 í Reykjavík fyrir um þremur vikum. Þar sé verið að steypa hæð ofan á gamla Sjóminjasafnið.

„Þegar ég kom í vinnuna á mánudaginn sá ég að það vantaði slatta af mótum. Ég hélt fyrst að einhver hefði fengið þau lánuð en komst fljótt að öðru,“ segir Hannes.

Þegar að var gáð reyndust vera horfin steypumót sem samanlagt eru nærri 70 lengdarmetrar. „Þetta er tjón fyrir um sex og hálf milljón,“ segir Hannes.

Maður í nágrenninu átti leið hjá þegar mótin voru flutt á brott á sunnudaginn. „Hann var hins vegar ekkert að spá neitt í þetta og tók ekki eftir neinu sérstöku sem gagnast,“ segir Hannes, sem telur að þjófurinn eða þjófarnir hafi vísast verið að minnsta kosti klukkustund að bisa við að stela mótunum. „Lögreglan var alveg gáttuð á þessu. Þetta er alveg stórskrítið.“

- gar



HANNES ÞÓR BALDURSSON Mótin sem var stolið voru frá Kvörnum og heita Marcegaglia. Mótin eru nýleg og sprautuð á köntunum með gulri og rauðri málningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Allt að

16,30% vextir **+16%** vaxtaauki!*

Þeir sem stofna **SPRON Vaxtabót** á Netinu **fyrir 15. apríl nk.** fá 16% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.*



Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron

*Vextir á SPRON Vaxtabót samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. apríl 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

Sjóður Egils Skallagrímssonar:
Íslensk list og menning efla

MENNING Sjóður Skallagrímssonar er styrktarsjóður sem ætlað er að efla íslenska menningu og listir á Bretlandseyjum.

Í því skyni veitir sjóðurinn fjárstyrki tvisvar á ári en styrkirnir eru veittir á grundvelli listræns gildis og með hliðsjón af fjárþörf. Sjóðurinn er í vörslu sendiráðs Íslands í Lundúnum og þurfa umsóknir að berast sendiráðinu fyrir 1. maí eða 1. nóvember ár hvert.

The Icelandic Take Away Theatre fékk fyrsta styrkinn árið 1997 vegna sýningar á leikritinu Sítrónusysturnar á Edinborgarháttíðinni. - ovd

Nokkuð hefur dregið saman með kynjunum þegar kemur að meðalævilengd:

Íslenskir karlmenn verða elstir í heimi

HEILBRIGÐISMÁL Íslenskir karlar geta vænst þess að verða þeir elstu í heimi, eða 79,4 ára, meðan íslenskar konur verða að meðaltali 82,9 ára. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hafa lífslíkur karla aukist meira en kvenna á undanförunum áratugum, og nokkuð hefur dregið saman með kynjunum í meðalævilengd.

Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var um sex ára munur á ævilengd karla og kvenna, en sá munur hefur nú minnkað niður í einungis 3,6 ár. Svipaða þróun má sjá annars staðar í Evrópu, en af Norð-

urlöndunum utan Íslands er þessi munur minnstur í Svíþjóð, eða 4,4 ár.

Íslenskar konur hafa í gegnum tíðina getað státað af hærri lífslíkum en annars staðar í heiminum, en nú er svo komið að kynsystur þeirra frá nokkrum þjóðum lifa að jafnaði lengur. Japanskar konur skera sig úr í þessu sambandi, en meðalævilengd þeirra er heil 86 ár.

Á síðasta ári létust 1.942 einstaklingar með lögheimili á Íslandi; 1.002 karlar og 940 konur. Dánartíðni var 6,2 á hverja 1.000 íbúa. - kg



ÍSLENSKIR KARLAR Lífslíkur karla hafa aukist meira en kvenna á undanförunum áratugum og nokkuð hefur því dregið saman með kynjunum í meðalævilengd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNDÓR



KENNSL BORIN Á MANNINN Lík eins manns hefur fundist í rústunum í Álasundi í Noregi. Líkið hefur verið flutt á sjúkrahús þar sem kennsl verða borin á manninn.

Álasund í Noregi:

Einn fundinn í rústunum

NOREGUR Björgunarmenn hafa fundið einn af þeim sem saknað var eftir að aurskriða olli því að fjölbýlishús í Álasundi hrundi til grunna. Líkið hefur verið flutt á sjúkrahús og er beðið eftir því að kennsl verði borin á það, að sögn vefútgáfu Dagbladet.

Lögreglumenn og björgunarmenn fóru inn í rústirnar í gær til að leita að þeim fimm sem talið er að hafi farist í skriðunni. „Við leggjum áherslu á að leita að fólkinu og að öryggis þeirra sem taka þátt í leitinni sé gætt,“ segir John Kåre Flo, lögreglumaður í Álasundi. - ghs



HVÍTÁ Laxinn stoppaði í Hvítá í fyrrasumar.

Vatnsleysi jók netaveiði:

Fimmföld veiði í Hvítá í þurrki

VEIÐI Stóraukning varð á netaveiði í Hvítá í Árnessýslu á milli árunna 2006 og 2007. Þetta kemur fram á vef Stangveiðifélags Reykjavíkur.

Telja stangveiðimenn aukninguna samspil þess að stangveiðifélagið hafi keypt upp netalagnir í Ólfusá og vatnsleysis í bergvatnsánum þar fyrir ofan, sem varð til þess að lax var lengur í jökulvatni Hvítár þar á milli og endaði í netum bænda. „Breyttust netaveiðitölur Hvítár úr rúmlega 400 löxum í 1910 laxa sem er mesta veiði í mörg ár,“ segir á svfr.is, þar sem spurt er hvort ekki þurfi að bregðast sérstaklega við netaveiðum á stórlaxi. - gar

SIMBABVE

Fréttamenn handteknir

Lögregla í Simbabve réðist inn í skrifstofur stærsta stjórnarandstöðuflokksins í gær og handtók erlenda fréttamenn. Þetta þykir benda til þess að Robert Mugabe, forseti landsins, hyggist gera allt sem hann getur til að halda völdum. Enn hefur ekki verið tilkynnt um úrslit forsetakosninganna.

vinbud.is

VANTAR ÞIG ANDAGIFT?

VIÐ ERUM VÍNRAÐGJAFAR VÍNBÚÐANNA

- við veitum faglega ráðgjöf við val á víni með mat
- við aðstoðum við að ákvarða magn fyrir veisluhöld
- við erum reglulega til aðstoðar í vínbúðinni þinni
- við skrifum fróðleik um vín á vinbud.is
- við höfum alþjóðlega gráðu frá vínskólanum WSET í London



ENNEMM / SIA / NMS0401

VÍN BÚÐ
lifum, lærum & njötum

BONUS BONUS BONUS BONUS

FERSKUR KJÚKLINGUR

40% AFSLÁTTUR
BRINGUR - BITAR - VÆNGIR



1679

359

239

Holta ferskar kjúklingabringur
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR.

Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.



30%
AFSLÁTTUR

KRYDDAÐIR KJÚKLINGABITAR

BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR 385 KR./KG.

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar tilbúnir í ofninn
385 kr./kg. MERKT VERÐ 549 KR./KG.

**ÞÚ SÆKIR, ÞÚ BAKAR OG
BORGAR AÐEINS 598 KR.**



598

ChicagoTown
pizzur 635g
með pepperoni
eða blönduðum osti
598 kr



100% ÍSLENSKT OG GOTT



25%
AFSLÁTTUR

Kjarnafæðis sveitabjúgu
299 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR.



40%
AFSLÁTTUR

KF kofareykt folaldakjöt m/beini
382 kr./kg. MERKT VERÐ 637 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR

KF saltað folaldakjöt með beini
382 kr./kg. MERKT VERÐ 637 KR./KG.



49

Egils orka 250g
49 kr.

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BONUS BONUS BONUS BONUS

FERSKT SVÍNAKJÖT



Ali **30%**
AFSLÁTTUR

SVÍNAKÓTILETTUR
Ali ferskar svínakótiletur 40% afsláttur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



Ali **489**

SVÍNABÓGUR
Ali ferskur svínabógur **498 kr./kg.**



Ali **30%**
AFSLÁTTUR

SVÍNAHNAKKI
Ali ferskur svínahnakki í sneiðum.
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR.



798

NAUTAAT ferskt íslenskt
ungnautahakk **798 kr./kg.**



100%
ÍSLENSKT
UNGNAUTAKJÖT



489

Nautaafurðir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði **489 kr pakkinn.**



198

Bónus skúffukaka **400g 198 kr.**



289

Cheerios 518g **289 kr. pakkinn**



379

Kellogg's kornfleks **1 kg. 379 kr.**



50%
AFSLÁTTUR

KS frosin lambasvið
199 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.



30%
AFSLÁTTUR

KS frosinn lambabógur 30% afsláttur
489 kr./kg. MERKT VERÐ 698 KR./KG.



595

Norðanfiskur, frosnir ýsubitar.
Roð og beinlausir **595 kr./kg.**

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.



TEIKNIMYNDASTYTTUR Gestur á alþjóðlegri teiknimyndaróðstefnu í Tókýó virðir fyrir sér stytur af vinsælum kvenfigúrum úr japönskum teiknimyndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tekist á um útvistun á heilbrigðisþjónustu í utandagskrárumræðum á Alþingi:

Ríkið sparaði á Landakotsdeild

ALÞINGI Ríkið sparaði 16,4 milljónir króna á því að bjóða rekstur á átján rúma deild fyrir aldraða á Landakoti út, segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. Þingmenn tókust á um útvistun á heilbrigðisþjónustu í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær.

„Það er verið að markaðsvæða heilbrigðiskerfið á Íslandi, skref fyrir skref,“ sagði málshafjandi, Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna.

Í viðtali Fréttablaðsins við Magnús Pétursson, sem hætti sem forstjóri Landspítalans í vikunni, kemur fram að áætlaður kostnaður við hvert sjúkrarúm á deildinni



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

ÖGMUNDUR JÓNASSON

hafi verið 18.260 krónur á dag. Lægstbjóðandi, Hjúkrunarheimilið Grund, hafi boðið um 21 þúsund krónur. Skrifað var undir samninga við Grund á miðvikudag.

„Hvers vegna eru útboð að verða skilyrði fyrir aukinni fjárveitingu til heilbrigðisþjónustunnar?“ spurði Ögmundur.

Guðlaugur Þór upplýsti að samið hefði verið um 19.767 þúsunda króna kostnað á rúm við Grund. Í fyrra hefði kostnaðurinn verið 22.260 krónur á rúm á sambærilegri deild Landspítalans. Sparnaðurinn af samningum við Grund væri því um 16,4 milljónir á ársgrundvelli.

Hann benti á að umrædd deild hefði verið lokað undanfarið vegna manneklu. Í kjölfar samningsins við Grund yrði hún opnuð aftur um miðjan maí.

- bj

Minnisblað um yfirheyrslur:

Forseti hafinn yfir alþjóðalög

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjaforseti er ekki bundinn af alþjóðlegum lögum um yfirheyrsluáferðir á stríðstímum, samkvæmt minnisblaði bandaríska dómsmálaráðuneytisins sem gert var opinbert á þriðjudag. Tilvist þess hefur lengi verið kunn, en það var ritað af lagaprófessornum John Yoo í mars 2003.

Birting þess er liður í lögsókn bandarísku mannréttindasamtakanna ACLU gegn stjórnvöldum. Framkvæmdastjóri ACLU fullyrðir að minnisblaðið hafi átt að heimila pyntingar og sú hafi orðið raunin. Minnisblaðið var fellt úr gildi í desember 2003.

- kp

BJARNI ARASON
13.00-18.00 ALLA VIRKA DAGA
Ljúf og þægileg tónlist
www.lettbylgjan.is

LÉTT BYLGJAN
967

Bæjarráð Vesturbyggðar:

Mótmælir fækkun ferða yfir Breiðafjörð

SAMGÖNGUR Bæjarráð Vesturbyggðar segir að miðað við áætlanir verði veruleg skerðing á ferðafjölda ferjunnar Baldurs yfir



BALDUR Fyrirhugað er að fækka sumarferðum.

Breiðafjörð í sumar. „Bæjarráð Vesturbyggðar mótmælir harðlega fyrirhugaðri fækkun ferða í sumar og skorar á

samgöngufirvöld að ferðafjöldi verði með sama hætti og síðastliðið sumar, enda eru engar forsendur fyrir breytingum þar sem vegasamgöngur hafa ekki batnað á milli ára,“ segir í áskorun frá síðasta bæjarráðsfundi sem haldinn var á Patreksfirði.

- gar



URRIÐAFÖSS Jón Árni Vignisson fullyrðir að fjörtíu milljóna greiðsla til Flóahrepps vegna Urriðafossvirkjunar sé mútur.

Landsvirkjun greiðir Flóahreppi milljónir

Flóahreppur fær fjörtíu milljónir frá Landsvirkjun vegna Urriðafossvirkjunar. Landsvirkjun ætlar sjálf að borga fyrir nýja vatnsveitu. Bóndi fullyrðir að um mútur sé að ræða. Landsvirkjun vísar því á bug.

VIKJANAMÁL „Ég myndi kalla þetta mútur. Það er bara þannig,“ segir Jón Árni Vignisson, bóndi í Skálmholti í Flóahreppi.

Þar vísar hann til fjörtíu milljóna króna eingreiðslu Landsvirkjunar til Flóahrepps, samkvæmt samkomulagi um að Urriðafossvirkjun verði sett á aðalskipulag hreppsins.

Samkvæmt samkomulaginu greiðir Landsvirkjun hreppnum þessa fjárhæð „til að styðja við það að landbúnaður og föst búseta verði styrkt og eftirsótt á svæðinu“. Þetta sé enn fremur vegna vatnsöflunarmála, segir í samkomulaginu.

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri í Flóahreppi, segir að hugmyndin hafi verið að nýta féð til vatnsöflunar.

Í samkomulaginu er hins vegar sérstakt ákvæði um vatnsöflunarmál, vegna hugsanlegra áhrifa löns á grunnvatn í sveitarfélaginu. „Í því skyni mun Landsvirkjun kosta lögn nýrrar aðveitu vatnsveitu sveitarfélagsins, tryggja nægilega miðlun vatnsins með tilliti til dreifingar um allt sveitarfélagið og

byggingu miðlunartanks ef með þarf.“

„Það kann að vera að féð verði notað í dreifilagur, en það er ekki búið að eyrnamerka það sérstaklega,“ segir Margrét.

„Við gerum okkur grein fyrir því að framkvæmdir á okkar vegum valda raski. Sveitarfélagið vill að við styrkjum aðgerðir sem lúta að vatnsöflun og við samþykktum það, en ég vísa því á bug að þetta séu mútur,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Hann segir jafnframt að fordæmi séu fyrir eingreiðslum af þessu tagi í tenglum við framkvæmdir.

Jón Árni Vignisson fullyrðir að eina skýringin á þessu sé sú að í Flóahreppi hafi verið andstaða við virkjunina. „Þetta mannvirki leggst í fjóra hreppa. Af hverju þurfti ekki að gera neitt í hinum hreppunum?“ Hann hefur lagt inn stjórnslukæru vegna samkomulagsins.

Landsvirkjun hyggst meðal annars selja rafmagnnið til gagna-vers á Keflavíkurflugvelli.

ingimar@frettabladid.is

Icelandic Group hf.

Aðalfundur

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Icelandic Group hf. verður haldinn á Radisson SAS, Hótel Sögu, Sunnusal, Hagatorgi, Reykjavík, föstudaginn 18. apríl nk. og hefst kl. 16.00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga stjórnar um að félagið taki lán með breytirétti, skv. VI. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Fjárhæð lánsins skal vera í íslenskum krónum sem samsvari allt að fjárhæð € 41.000.000 á þeim degi sem lánið er tekið. Lánstíminn er 4 ár. Lánsfjárhæðinni ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði samkvæmt skilmálum lánskjala má breyta í hluti í félaginu við gjalddaga lánsins og fá eigendur skuldaskjalanna einn hlut fyrir hverja krónu. Hlutfélagins verður hækkað sem nemur þeirri fjárhæð sem nauðsynleg er til að mæta breytiréttinum, samanlagt allt að nafnverði kr. 15.000.000.000 og falla hluthafar frá forgangsrétti til áskriftar að hlutum þessum.
3. Tillaga stjórnar um að hluthafafundur veiti stjórn félagsins umboð til að óska eftir afskráningu félagsins úr kauphöll Nasdaq OMX á Íslandi.
4. Önnur mál.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þau gögn á vefsíðu félagsins, www.icelandic.is, eða á aðalskrifstofu félagsins frá sama tíma.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn á fundarstað.

Reykjavík, 4. apríl 2008.
Stjórn Icelandic Group hf.

Bakslag í Kóreuviðræðum:

Norðanmenn hafa í hótunum

KÓREA, AP Norður-Kóreustjórn hafnaði í gær áskorun suður-kórskra ráðamanna um að leggja sitt af mörkum til að draga úr spennu í samskiptunum yfir vopnahléslnuna. Nýr forseti Suður-Kóreu, Lee Myung-bak, átalði norðanmenn fyrir síðustu ógranir sínar og hvatti þá til að setjast að samningabörð.

Í tilkynningu sem ráðamenn í

Pyongyang sendu til Seúl er Suður-Kóreu hótad „hernadarlegum mótaðgerðum“.

Þar segir einnig að ráðamenn í Seúl „gætu ekki flúið undan ábyrgðinni á ástandinu sem knúði (N-Kóreustjórn) til að slíta öllum viðræðum og tengslum suður yfir“, að því er segir í skeyti norður-kóresku fréttastofunnar KCNA.

- aa

HVERNIG FÖRUM VIÐ AÐ ÞVÍ?

Þú gerir þinn hluta. Við gerum okkar.
Saman höldum við vöruverði lágu.

IKEA hugmyndafræðin reiðir sig á þáttöku viðskiptavina IKEA, en þeir velja, ná í, flytja og setja IKEA vörur saman sjálfir. Skýr framsetning á vöruverði, góðar upplýsingar um vörur auk þjónustu við hæfi gerir þetta allt saman mögulegt. Við segjum því stolt í markaðssetningu okkar:

**Þú gerir þinn hluta. Við gerum okkar.
Saman spörum við. Fyrir þig.**

Fyrir okkur er „samvinna“ meira en bara orð. Við viljum vera hluti af lífi fólks – við viljum vinna með því og taka þátt í því að gera heimilislíf þess betra.



Innflytjendur við stýrið

Fjórir innflytjendur hafa náð þeim árangri að taka sæti í borgarstjórn, bæjarstjórnunum og svo á hinu háa Alþingi. Fréttablaðið ræddi við Falasteen Abu Libdeh, Amal Tamimi, Paul Nikolov og Jóhannu E. Van Schalkwyk.



Johanna E. Van Schalkwyk, bæjarfulltrúi á Grundarfirði:

Ábyrgð ekki síður en réttindi

Johanna kom hingað fyrst árið 1997 ásamt þáverandi eiginmanni sínum til að vinna hér á landi um nokkurt skeið. Þau hjón gerðu svo víðeist og unnu í nokkrum löndum en árið 2001 urðu þau sam-mála um að halda aftur til Íslands og reyna að koma árum sínum hér fyrir borð. „Við ákváðum að koma okkur fyrir á Grundarfirði enda er afar vel tekið á móti manni hér og andrúmsloftið mjög vingjarnlegt,“ segir hún.

„Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 var ég svo innt eftir því hvort ég vildi taka þátt í starfi L-listans og í framhaldinu tók ég fjórða sætið á listanum. Það vantaði aðeins þrjú atkvæði upp á að ég kæmist inn en svo dró til tíðinda þegar Emil Sigurðsson, sem var í þriðja sæti, hætti í nóvember 2007 en þar með var ég komin

í bæjarstjórn. Í raun fannst fólki ekkert fréttmæmt við það að innflytjandi væri kominn þangað enda er ég bara eins og hver annar þegn sem leggur sitt af mörkum. Svo er náðin hér mikil eins og í flestum minni samfélögum og því er fólki ekki sífellt með það hugfast að ég sé útlendingur þó að hreimurinn minni jafnan á það,“ segir hún og hlær við. „Það er jú líka eðlileg þróun að innflytjendur láti til sín taka í þessum efnunum. Við megum ekki gleyma því að við erum ekki aðeins hér til að þiggja þau réttindi sem okkur bjóðast hér, við erum ekki síður hér til að sinna skyldum og taka ábyrgð. Og mér finnst að fólki eigi að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, ekki síst þegar það býr í litlu samfélagi.“

Falasteen Abu Libdeh, varaborgarfulltrúi í Reykjavík:

Þátttakendur ekki áhorfendur

„Mig hefur alltaf langað til að gera eitthvað fyrir samfélagið,“ segir Falasteen Abu Libdeh, varaborgarfulltrúi í Reykjavík. Hún hefur búið á Íslandi í þrettán ár og var í fjórtánda sæti Samfylkingarinnar við síðustu borgarstjórnarkosningar. „Í upphafi var ég varamaður í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar en eftir breytingar í borgarstjórn varð ég aðalmaður.“

Hún segist margt vilja gera fyrir þjóðfélagið. „Eins og ég talaði um í ræðu minni í borgarstjórn um daginn er lykilatriði að fólk læri íslensku og ég vil berast fyrir því. Ekki bara þeir sem eru útvinnandi heldur líka þær mæður sem eru heima með börnin og einangrast þess vegna.“ Falasteen telur mjög mikla hættu á frekari einangrun þegar boðnar eru greiðslur til foreldra fyrir að vera

heima með börnum sínum. „Þá halda þeir bara áfram að vera heima og hætta á að þeir einangrist er mjög mikil. Útlendingar vita heldur ekki af mömmumorgnum í kirkjum svo það er margt sem við þurfum að miðla til þeirra.“ Menntamál eru henni líka hagleikin en að bæta samfélagið er hennar aðalhvati til þátttöku í stjórnámálum.

„Ég vil hvetja alla til að kenna útlendingum íslensku og kenna þeim að taka þátt í þjóðfélaginu þar sem þetta er verkefni okkar allra. Útlendingar eiga að vera þátttakendur í samfélaginu en ekki bara horfa á.“

Falasteen segist alin upp við stjórnámálumræður. „Það eru ekki mikil samskipti við fjölskylduna mína sem býr í Jerúsalem en systkini mín og mamma búa hér. Þabbi býr úti, er blaðamaður og er mjög pólitískur.“



FALASTEEN ABU LIBDEH

Amal Tamimi, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði:

Áhugi á bættu samfélagi

„Ég tók þátt í bæjarstjórnarkosningunum í maí 2006 og var í tíunda sæti hjá Samfylkingunni,“ segir Amal Tamimi, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði. Hún segir það góða reynslu að taka sæti í bæjarstjórninni. „Ég var mjög hrædd en allir bæjarfulltrúar, úr öllum flokkum tóku vel á móti mér og þetta gaf mér auknið sjálföruggi.“

Amal er formaður Lýðræðis- og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðar og varaformaður innflytjendaráðs. Hún telur reynslu sína nýttast vel í þeim störfum. Þá segir hún rannsóknir sýna að fjórutíu prósent fólks sem flytjist til Íslands búi hér áfram. „Við eigum að taka þátt í okkar eigin samfélagi. Þetta er framtíð okkar og barna okkar. Með því að taka þátt fáum við tækifæri til að breyta og gera samfélagið betra.“ Það sé hennar hvati. „Ég er hluti af íslensku samfélagi, er sex

barna móðir, á tvö ömmubörn og það þriðja á leiðinni og Ísland er mitt land.“

Amal hefur áhuga á að taka áfram þátt í stjórnámálum. „Ég er ein af stofnum samtaka kvenna af erlendum uppruna. Við hvetjum útlendinga, sérstaklega konur til að taka þátt í stjórnámálum, stéttarfélagum eða málefnum sveitarfélaga. Að læra íslensku er lykilatriði og við þurfum að búa til kerfi sem tryggir að allir læri íslensku. Ef allir kunna að tala eða bjarga sér erum við í góðum málum.“

Hún hefur undanfarin fjögur ár verið fræðslufulltrúi Alþjóðahússins. „Ég er núna að vinna minn uppsagnarfrest og ætla mér að klára meistaraáráðið í kynjafræði í Háskólanum. Ég kláraði félagsfræði en vegna mikillar vinnu náði ég ekki að klára meistaraáráðuna.“



AMAL TAMIMI

Paul Nikolov þingmaður Vinstri grænna:

Með orðabókina á þingi

„Ég er sérstaklega þakklátur fyrir það tækifæri sem íslenska þjóðin hefur veitt mér,“ segir Paul Nikolov, þingmaður Vinstri grænna, en hann settist á þing síðastliðinn nóvember fyrstur innflytjenda. „Þetta hefur gengið vel, ég hef búið hér í nú ár og er orðinn nokkuð vanur tungumálinu. Auðvitað er það svo að það er alltaf auðveldara að skilja en tala. En ég er þó orðinn alveg ósmeykur við það að tjá mig hverrar skoðunar sem ég er. Ef ég heyrir svo orð sem ég skil ekki fletti ég því upp en ég man nú satt að segja ekki hvenær ég þurfti að gera það síðast.“

Um þá nýjung að innflytjendur skuli vera farnir að láta til sín taka í stjórnámálum segir hann: „Það þarf svo sem ekki að koma á óvart. Ég vísa til dæmis til könnunar sem þjóðmenningarsetrið á Vestfjörðum birti árið 2005 en þar mátti greinilega að sjá að þessi hópur hafði hug á því að komast til áhrifa

og þess er farið að gæta nú.“

Paul segir Íslendinga opna fyrir fjölmenningu en þó megi ýmislegt betur fara. „Til dæmis finnst mér óþarfi að geta þjóðernis meintra afbrota-manna í fréttum. Það er eins og verið sé að segja að þjóðernið hafi orðið til þess að hann framdi glæpinn, sem getur náttúrlega ekki verið rökrétt. En þetta er allt á réttri leið, til dæmis hefur Morgunblaðið tekið þá stefnu að segja ekki frá þjóðerni í slíkum málum. Svo á Fréttablaðið skilið hrós fyrir að gera innflytjendum góð skil í sinni umfjöllun.“

Paul var fjórtur að taka til óspilltra málanna eftir að hann kom á þing og lagði fram frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga og réttarstöðu þeirra. „Það er nú á borði allsherjarnefndar og það er ómögulegt að segja hvenær dregur til frekari tíðinda,“ segir hann.



PAUL NIKOLOV

VIKA 9 DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Ferrier:

LÆRA AF REYNSLU ANNARRA ÞJÓÐA



„Í samanburði við lönd eins og Bretland og Bandaríkin eru innflytjendamál á Íslandi nokkuð ný af nálinni. Ég tel einstakt tækifæri fyrir íslensk

stjórnvöld að læra af innflytjendastefnum annarra landa. En þau þurfa að gera slíkt fljótlega. Það skiptir miklu að fólk sem hingað flyst leggi sig fram við að aðlagast samfélaginu með því að læra tungumálið og taka þátt í störfum samfélagsins. Kosning nýbúa er til dæmis jákvætt skref. Þetta eru fulltrúar stækandi hóps nýbúa sem geta vonandi veitt sveitarstjórnunum nýja sýn á innflytjendamál.“

Rachid Benguella:

GOTT AÐ NÝTA REYNSLU NÝBÚA



Rachid finnst jákvætt að nýbúar taki þátt í stjórnámálum á Íslandi. „Auðvitað skiptir máli að fólk sé hæft til þess að taka svona

mikilvæg störf að sér. En aðrir Íslendingar munu ekki síður njóta góðs af reynslu nýbúa. Reynsluheimur þeirra er oft annar en innfæddra og það hlýtur að vera gott að heyra önnur viðhorf. Þetta er sams konar þróun og annars staðar í Evrópu. Þar tekur fólk af erlendum uppruna þátt í mótun samfélagsins. Í Belgíu er til dæmis ráðherra sem fæddur er í Belgíu en á foreldra frá Marokkó.“

Junphen Sriyoha:

VERÐUR KANNSKI ÍSLENSK EFTIR VIKU



„Það eru liðnir um fimm mánuðir síðan ég sótti um íslenskan ríkisborgararétt og nú fer að draga til tíðinda,“ segir Junphen.

„Fyrir um það bil mánuði voru allir pappírarnir sem ég var beðin um tilbúna og svo hringdi ég til að athuga málið í síðustu viku. Þá var mér tjáð að svarið myndi liggja fyrir eftir viku svo nú biða ég bara og vona. Annars er nóg að gera í pappírsvinnunni því ég er að vonast til þess að móðir mín komi hingað í sumar svo ég er að undirbúa vísa fyrir hana.“

Hvað stjórnsmál og framgang innflytjenda þar áhræfir segist hún ekki fylgjast neitt með því. „Ég skil eiginlega ekkert í fréttum svo þetta fer allt saman fram hjá mér,“ segir hún og hlær við.

Algirdas Slapikas:

MIKIL HVATNING



„Mér list vel á að innflytjendur séu komnir í stjórnsmál,“ segir Algirdas. „Ég þekki reyndar þau Amal og Paul og á ég ekki

von á öðru en þau láti gott af sér leiða. Ég er líka afar ánægður fyrir þeirra hönd og óska þeim alls hins besta. Það er náttúrulega lyftistöng fyrir málefni innflytjenda að fjórmenningarnir séu komnir til áhrifa og mikil hvatning fyrir aðra til að taka sem mestan þátt í samfélaginu.“ Spurður hvort hann gæti sjálfur hugsað sér að leggja stjórnsmálin fyrir sér segir hann: „Ekki á næstunni en hver veit nema að ég geri það síðar.“

3M **Glerfínar gluggafilmur**
- aukin vellíðan á vinnustaði

3M gluggafilmur
fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur,
verslanir og aðra vinnustaði
Fagmenn frá RV
sjá um uppsetningu

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

BYN/NOE 03/08/08

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

ISLENSKA SÍÐUS (C) 41023 03 2008

„Ég er búinn að innrita mig
á netinu, verð í sæti 10A
og er farinn í rúmið“

AUKIN ÞÆGINDI, STYTTRI BIÐTÍMI.

Innritun á netinu

> Skrá nafn > Velja sæti > Staðfesta > Prenta út brottfararspjald

Nú býðst viðskiptavinum Icelandair að innrita sig á netinu í allt áætlunarflug frá Íslandi og nú einnig frá Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi og Helsinki.

22 klst. fyrir áætlaða brottför geta farþegar farið inn á icelandair.is og innritað sig í flug.

Töskumiðar eru prentaðir í sjálfsafgreiðslustöðvum á flugvöllum í löndum þar sem við bjóðum netinnritun eða á Hilton Reykjavík Nordica.

• Innritun á netinu: www.icelandair.is



WWW.ICELANDAIR.IS

„ORÐRÉTT“

Glögg er gests augað

„Íslendingar ættu að skammast sín fyrir hvernig þeir opinbera hæfileikaleyfi sitt og heimurinn hlær að svona fávitum.“

INDVERSKA PRINSESSAN LEONCIE
Séð og heyrð 3. apríl

Sjálfskaparviti

„Menn hafa sjálfir ákveðið að kaupa dreka, sem eyðir 15 lítrum á hundraði í stað þess að kaupa léttan bíl, sem eyðir 5 lítrum.“

JÓNAS KRISTJÁNSSON

jonas.is

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? HELGI RÚNAR GUNNARSSON TÓNLISTARMAÐUR

Ætla að skoða útgáfu erlendis

„Við erum mjög hress og kát,“ segir Helgi Rúnar Gunnarsson, söngvari og gítarleikari í hljómsveitinni Benny Crespo's Gang.

Hljómsveitin hóf í vikunni tónleikaför sína um landið, Rokkað hringinn með Rás 2 og Monitor ásamt

sveitunum Dr. Spock og Sign. „Það er allt ljóm-andi gott og fer vel af stað,“ segir Helgi. „Þetta er skemmtilegt lið og hressir krakkar.“

Helgi segir meðlimi hljómsveitanna eitthvað þekktast fyrir en þeir eigi eftir að kynnst betur þegar á líður tónleikaferðina.

Þá hefur plötu Benny Crespo's Gang verið afar vel tekið. „Við erum æðislega ánægð enda fór þetta fram úr okkar björtustu vonum. Við vorum ekki að spila neitt mikið þegar platan kom út fyrir



áramótin en við erum búin að spila töluvert mikið að undanförmu.“

„Ég veit ekki hvert framhaldið verður eftir túrinn. Væntanlega höldum við áfram að kynna plötuna og svo ætlum við að fara að pæla nánar í útgáfu

erlendis en það verður með haustinu. Ég held að fílingurinn sé eitthvað með Bretland en eins og staðan er núna eru þetta meira pælingar og ekkert komið á hreint.“

„Þetta er bara það sem stefnan er sett á eftir að við erum búin að kynna plötuna hérna á Íslandi. Maður má ekki vera allt of æstur í spilerinu svo maður þreytist ekki og þreyti ekki alla í kringum sig á þessu. Við slökum á eftir túrinn og sjáum til.“

PARFAPING
BRÉFAKLEMMAN

■ Uppfinning bréfa-klemmunar er oftast eignuð Norðmanninum Johan Vaaler sem fyrstur manna fékk einkaleyfi á bréfa-klemmu árið 1899. Vaaler, sem hafði lært rafeindatækni og stærðfræði, fékk einkaleyfið í Þýskalandi þar sem engin einkaleyfislög voru til í Noregi á þessum tíma. Árið 1901 fékk hann einkaleyfi á uppfinningu sinni í Bandaríkjunum. Breska fyrirtækið Gem Manufacturing Ltd. hannaði síðan þá bréfa-klemmu sem þekktust er í dag. Aldrei var sótt um einkaleyfi á þeirri klemmu.



GLÆSIDAGAR

MÖGNUÐ TILBOÐ

Í VERSLUNUM GLÆSIBÆJAR

Í DAG OG Á MORGUN

GLÆSIBÆR



HÁTT ER ÞAÐ Mikill hávaði myndaðist þegar um tuttugu bílstjórar þeyttu flautur sínar fyrir utan fjármálaráðuneytið í hádeginu í gær. Vegfarendur gripu fyrir eyrun og forðuðu sér úr hávaðaflautinu; einungis lögreglan, bílstjórar og blaðamenn urðu eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vér mótmælum allir!

Varla hefur það farið framhjá neinum að atvinnubílstjórar hafa fylkt liði til mótmæla síðustu daga. Þeir hafa teppt umferð, þeytt horn sín og látið óánægju sína í ljós á margvíslegan máta. Blaðamaður og ljósmyndari slógust í för með bílstjórunum í gær.

Það var hugur í mönnum þegar atvinnubílstjórar söfnuðust saman í Óskjuhlíð um tólfleytið og ákveðin karnival-stemning í lofti. Einhverjir kíktu eftir lögreglunni, aðrir skipulögðu bílaröðina og sumir voru í óðaönn að losa tengivagnana aftan af. Nú var ekki ætlunin að stöðva umferð, heldur skyldi keyrt í halarófu á áfanga-stað og „allt gert vitlaust þar,“ eins og einn bílstjórnanna komst að orði. Fyrst átti að keyra að Valhöll, en vegna jarðarfara í Háteigskirkju var ákveðið að fara niður að fjármálaráðuneyti í staðinn.

Halarófan lagði af stað og viðbrögð vegfarenda létu ekki á sér standa. Einhverjir bílstjórar skutu sér fram fyrir bílalestina, ætluðu greinilega ekki að festast á eftir henni. Langflestir veifuðu, klöppuðu og sýndu stuðning sinn í verki. Meira að segja lögregluþjónar brostu kumpánlega til mótmælendanna, en lögreglan fékk fljótt veður af aðgerðunum. „Já blessaður, þetta er alltaf svona,“ segir Finnur Hrafn Pálsson, sem fór fyrir lestinni í dag. „Já og löggan er fín líka, þeir eru á móti þessum olíugjöldum eins og aðrir.“

Mikill hugur var í bílstjórunum, þeir kölluðu hvatningarorð um talstöðina, gerðu grín, skömmuðu



KOMA SVO Finnur stýrði sínum mönnum með talstöðinni.



LÍKA ÉG Bílstjórar vildu láta eitt yfir alla ganga, líka sektir.

menn fyrir að dragast aftur úr og hvöttu menn til að halda hópinn. Ljóst er að mikil samstaða er í mönnum og hún var enn ljósari þegar komið var að Arnarhvali þar sem bílarnir voru stöðvaðir.

Menn hafa ekki kynnst hávaða fyrr en þeir standa innan um tuttugu flutningabíla í hverjum flautur eru þeyttar. Allir sem gátu forðuðu sér, en lögreglumennirnir

stöðu sem fastast og fjölmiðlamenn hlupu á milli bílanna.

Eftir nokkra hríð hættu menn flautinu og stigu úr bílunum. Rifjað var upp að fjármálaráðherra hefði boðið í kaffi og menn vildu þiggja boðið þá og þegar. Lögreglan varnaði mönnum hins vegar inngöngu og ráðherrann ekki einu sinni við. Lögregla skrifaði niður upplýsingar um tvo bílstjóra og tók myndir af þeim fyrir framan bílana. Þetta fór illa í hópinn.

Um nokkra hríð leit út fyrir að sjóða myndi upp úr og mikill hiti var í mönnum. Flauturnar voru þeyttar á ný og nokkur hróp urðu. Á endanum féll þó allt í ljúfa lög og starfsmenn ráðuneytisins komu út með kaffi.

Ljóst er að bílstjórar eru ekki hættir mótmælum sínum og ef eitthvað er hefur baráttuandi þeirra styrkst.

- kp

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





989 kr/kg. áður 1.649 kr/kg.
Goða grísaofnsteik



899 kr/kg.
Danskar kjúklingabringur



393 kr/kg. áður 524 kr/kg.
Ísfugl BBQ leggir



1.399 kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða piri piri grísavöðvar



279 kr/stk.
Chicago Town þunn osta pizza og pepperoni pizza

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 3. apríl til 6. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

FRÉTTASKÝRING: Mislæg gatnamót

Tekist á um útfærsluna

Kannanir sýna að flestir borgarþátttakendur vilja mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar. Borgaryfirvöld hafa kynnt útfærslu á mislægum gatnamótum á tveimur hæðum, en íbúasamtök hafa lýst því yfir að þau vilji mislæg gatnamót neðanjarðar.

Gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar var breytt árið 2005, þau voru breikkuð og beygjuljós fyrir allar stefnur tekin í notkun. Þeim sem reglulega eiga leið um Miklubrautina dylst þó ekki að þótt ástandið á þessum gatnamótum sé mun betra en áður hefur vandamálið í raun færst til, oft ekki lengra en á næstu gatnamót.

Borgaryfirvöld hafa kynnt viðamiklar framkvæmdir á Miklubraut og Kringlumýrabraut sem ætlað er að bregðast við stóraukinni umferð.

Hugmyndin er ekki fastmótuð, en hún verður kynnt íbúum á opnum borgarafundi á næstunni.

Ætlað er að gera þriggja hæða mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar. Kringlumýrabraut verður grafin niður um allt að tíu metra og verður í lokuðum stokki, sem ná mun suður fyrir Listabraut.

Miklabraut verður grafin niður á um fjögurra metra dýpi og verður í lokuðum stokki milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar, og hægt að lengja stökkinn að Rauðarárstíg. Efst verður hringtorg, 2,5 metrum yfir núverandi hæð lands.

Kostnaður við gatnamótin er sagður verða 12,2 milljarðar króna. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúasamtökum 3. hverfis er þó talið að hann verði um fjórtán milljarðar.

Áætlanir borgaryfirvalda gera ráð fyrir því að mat á umhverfisáhrifum verði unnið í ár og fram á næsta ár, en undirbúningur og hönnun fari fram á árunum 2009-2011. Framkvæmdir við fyrsta áfanga, breytingar á Kringlumýrabraut og gatnamót við Miklubraut, gætu hafist á næsta ári. Verklok á síðasta



FYRIR Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrabrautar eins og þau eru í dag, séð frá Húsi verslunarinnar, suðaustan við gatnamótin.



FYRIR Gatnamótin eins og þau lita út í dag, séð frá göngustíg norðaustan við gatnamótin.



EFTIR Gatnamótin eins og þau gætu litið út eftir framkvæmdir. Miklabrautin yrði um fjórum metrum undir núverandi yfirborði og Kringlumýrabraut allt að tíu metrum undir yfirborðinu.



EFTIR Gatnamótin eins og þau gætu litið út eftir framkvæmdir, séð frá norðaustri. Hringtorgið efst á þriggja hæða mislægum gatnamótum verður í um 2,5 metra hæð.

áfanga gætu verið árið 2014.

Markmiðin með framkvæmdunum eru að bæta umferðarflæði um svæðið og minnka tafir. Þær eiga að bæta umferðaröryggi og samgöngur gangandi og hjólandi vegfarenda. Þá eiga framkvæmdirnar að minnka hávaða og mengun frá umferðinni.

Áform borgar verði endurskoðuð

Íbúasamtök 3. hverfis hafa mótmælt fyrirhuguðum framkvæmdum. Forsvarismaður samtakanna hefur meðal annars óskað eftir því að þær verði endurskoðaðar

frá grunni með hagsmuni íbúa að leiðarljósi. Íbúasamtökin benda á að meðalhraði á Miklubraut við Stakkahlíð milli klukkan 7 og 19 á daginn er 59 kílómetrar á klukkustund, rétt við hámarkshraða brautarinnar. Því sé spurning hversu hratt þurfi að komast í gegnum íbúðahverfið.

Einnig er bent á að framkvæmdir á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar árið 2005 hafi fækkað alvarlegum slysum. Þá hafi dregið verulega úr kostnaði vegna minni óhappa. Slysakostnaður á gatnamótunum á síð-

asta ári hafi verið tæp þrettán prósent af því sem hann hafi verið árið 2002.

Gangandi taka á sig krók

Íbúasamtökin segja einnig fráleitt að samgöngur gangandi og hjólandi batni. Þeir þurfi að fara upp á göngubrýr eða niður í undirgöng til að komast yfir flókin gatnamótin. Þá þurfi þeir sem leið eigi meðfram Kringlumýrabraut að taka á sig nokkurn krók til austurs eða vesturs til að halda leið sinni áfram.

Verkfræðingar á vegum borgar-

yfirvalda halda því fram að íbúar muni eftir breytingarnar finna minna fyrir hljóðmengun og loftmengun. Þessu eru íbúarnir ósamála, og segja forsendur útreikninga borgarinnar ekki standast. Til að mynda sé hvorki reiknað með bleytu og nagladekkjum, sem auki hávaða frá umferðinni umtalsvert, né aukinni umferð.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is



AFA
Aðstandendafélag aldraðra

Aðalfundur

Aðalfundur AFA – Aðstandendafélags aldraðra verður haldinn fimmtudaginn 10. apríl nk.

kl. 17.30 í Hraunseli að Flatahrauni 3, Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Lagabreytingar.
3. Önnur mál.

Gestur fundar:

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra

VÖKNUM og bætum aðstöðu aldraðra í dag!

www.hjaafa.is

Ný skýrsla lávarðadeildar breska þingsins um áhrif innflytjendastraums:

Enginn hagrænn ávinningur af metstraumi innflytjenda

BRETLAND, AP Metstraumur innflytjenda til Bretlands hefur fært bresku hagkerfi lítinn sem engan efnahagslegan ávinning. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar skýrslu sem unnin var fyrir lávarðadeild breska þingsins. Þessi niðurstaða er þvert á það sem talsmenn bresku ríkisstjórnarinnar hafa haldið fram.

Viðbrögð Gordons Brown forsætisráðherra við skýrslunni voru reyndar þau að ítreka þá fullyrðingu að breskt efnahagslíf hefði notið góðs af innstreymi fólks til landsins undanfarinn áratug.

Efnahagsmálanefnd lávarðadeildarinnar kallaði eftir því að nýjar hömlur verði settar við þeim fjölda fólks sem hleypt er inn í landið árlega. Nettóaðflutningur fólks til Bretlands, það er aðfluttur umfram brottflutta, hefur vaxið úr innan við 100.000 manns á fyrstu árum tíunda áratugarins í yfir 300.000 árið 2006, að því er greint er frá í skýrslunni.

Skýrslan hefur hleypt af stað á



DEILT UM ÁVINNING Rúmenar í biðröð eftir áritun til að flytjast til Bretlands. Mikill straumur fólks hefur legið frá nýju ESB-rikið til Bretlands síðustu ár.

NORDICPHOTOS/AFP

ný umræðu um kosti og galla þess að halda landinu opnu fyrir straumi innflytjenda frá ríkjum

um í Mið- og Austur-Evrópu sem gengu í Evrópusambandið árið 2004, fyrst og fremst Póllandi. - aa

Opið í dag frá kl. 9 til 18

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl



Notaðir úrvalsbílar Brimborgar
Kaffi og kleinur

Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á **heilar 200.000** krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldrúslunni í verð.

Nú áttu útborgun upp í betri bíl

Komdu bíldrúslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrúsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrúsla upp í hvern betri bíl.

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Druslan
öðlast
nýtt líf
í dag

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

200.000 krónur fyrir drúsluna

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
5.256 +1,37%Fjöldi viðskipta: 631
Velta: 6.667 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ SKIPTI
SPRON
EXISTA

MESTA LÆKKUN

+5,40%
+4,45%
+4,24%↓ FLAGA
EIK BANKI
ATLANTIC PETROLE.-9,09%
-5,37%
-1,16%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,40 -0,40% ... Bakkavör 44,30 +2,31% ... Eimskipafélagið 23,65 +3,28% ... Exista 11,55 +4,24% ... FL Group 6,69 +1,98% ... Glitnir 17,80 +1,14% ... Icelandair 24,60 +0,20% ... Kaupþing 839,00 +1,45% ... Landsbankinn 30,35 +0,50% ... Marel 91,10 -0,76% ... SPRON 4,69 +4,45% ... Straumur-Burðarás 12,25 +1,91% ... Teymi 4,32 +0,47% ... Össur 92,00 -0,76%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánnar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fyndni á nýjum vef

Fjárfestar og annað áhugafólk um hreyfingar á hlutabréfamarkaði hafa oftar en ekki bölvæð óþjálum og ógagnsæjum vef Kauphallar Íslands. Steininn tók þó fyrst úr þegar Kauphöllin komst í eigu OMX. Núna hafa enn verið gerðar breytingar á vefnum með samruna OMX og Nasdaq og er sumt til bóta, en annað í takt við fyrri tíð, eins og gengur. Nýbreytni er hins vegar auglýsingaborði yfir fréttahluta vefsins hér heima. Línurit birtist og leitar æ neðar sem það færast yfir skjáinn áður en það brotnar. „Hausverkur?“ er spurt og í ljós kemur auglýsing fyrir vel þekkt verkjalyf. Þykir þetta nokkur kaldhæðni í ljósi lækkana síðustu missera og aðgengileika vefsins.

Skammgóður vermir

Margir urðu til að nýta sér „kostaboð“ og fylltu á tanka bíla sinna á sérkjörum sem í boði voru einn dag um miðja vikuna. Afsláttur af lítraverði náði allt að 25 krónum. Víða voru bíðraðir á bensinstöðvum og truflaðist jafnvel umferð í næsta nágrenni. Spurning hvort bifreiðaeigendurnir sem biðu eftir bensíninu haldi áfram að verða þakklátir olíufélagunum þegar þeir komast heim í reiknistokkinn og sjá að þeir hafa lagt á sig ómælt erfiði fyrir afslátt sem nemur kannski 500 til 1.000 krónum fyrir áfyllingu á meðalfólksbíl, eftir því hvort dælt hefur verið á heilan tank eða hálfan. Einhverjum kann að finnast sem þar hafi mikið verið á sig lagt fyrir lítinn ávinning og spurning hvort velvildin sem olíufélagin reyndu þarna að kaupa sér reynist langlíf.



DeCode í lægsta gildi

Gengi hlutabréfa í DeCode, móðurfélagi Íslenskrar erfða-greiningar, fór í 1,39 dali á hlut á bandarískum hlutabréfamarkaði á miðvikudag og hafði aldrei verið lægra. Um miðjan dag í gær stóð það í 1,44 dölum á hlut.

Hlutabréf í DeCode munu hafa verið seld á allt að 65 dali á hlut á gráum markaði fyrir skráningu fyrirtækisins á hlutabréfamarkaði í júlí árið 2000.

Eigið fé DeCode nam 6,4 milljörðum króna um síðustu áramót en til samanburðar nam markaðsverðmæti fyrirtækisins um miðjan dag í gær 88,3 milljónum dala, jafnvirði 6,6 milljarða króna.

- jab

Stöðugur Straumur

Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfiseinkunn Straums-Burðarás og segir enn fremur að langtímahörfur í lánshæfismati bankans séu stöðugar.

Fram kemur í tilkynningu frá Fitch að einkunnin endurspeglir þá skoðun matsfyrirtækisins að þrátt fyrir áframhaldandi umrót á skuldabréfamarkaði og neikvæð viðhorf markaðsaðila gagnvart íslenskum aðilum geri lausafjárstaða Straums og víðráðanleg endurfjármögnunarbörf bankans að verkum að hann sé síður viðkvæmur en ella fyrir neikvæðri umræðu.

- ikh

Engin skuldbinding um aðstoð í fjármálakreppu

Samkomulag norrænna seðlabanka um samstarf felur ekki í sér skuldbindingu um fjárhagsaðstoð, komi til fjármálakreppu. Þetta segja Danir, Svíar og Finnar. Slíkt samkomulag var áður í gildi. Svíar segja að Seðlabanki Íslands hafi ekki leitað til sín um fé. Danir tjá sig ekki um það.

„Það er engin skuldbinding um lán,“ segir Niels Christian Beiler einn yfirmanna danska seðlabankans í samtali við Fréttablaðið, um samkomulag norrænna seðlabanka um viðbrögð við fjármálaáfalli.

Fjallað er um skilning norrænna seðlabanka á samkomulaginu í mörgum erlendum fjölmiðlum, þar á meðal Bloomberg og Börsen.

Mattias Persson, einn yfirmanna í sænska seðlabankanum, segir við Bloomberg að samkomulagið taki aðeins til upplýsingaskipta en í því felist engin skuldbinding um lán.

Pentti Hakkarainen, yfirmaður í finnska seðlabankanum, talar á sömu lund við finnska blaðið Kauppalehti. Þar í landi höfðu sumir áhyggjur af því að finnskir skattgreiðendur þyrftu að standa straum af kostnaði vegna íslenskra banka.

Samkomulagið var undirritað í júní árið 2003. Inntakið í samkomulaginu er að norrænir seðlabankar eigi með sér reglulega samvinnu, skiptist á upplýsingum, og myndi sérstakan viðbragðshóp verði fjármálaáfall. Samkomulagið á við þegar norrænn banki sem er með



DAVID ODDSSON Seðlabankastjóri á ársfund Seðlabankans á föstudag. Samkomulag bankans við aðra norræna seðlabanka felur ekki í sér skuldbindingu um að þeir komi hver öðrum til hjálpar í fjármálakreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

starfsemi í tveimur eða fleiri Norðurlöndum verður fyrir fjármálaáfalli.

Fram kemur í fréttatilkynningu sem send var út samfara undirskrift samkomulagsins að þar sé ekki tilgreint til hvaða aðgerða verði gripið, en þar sem um sé að ræða samvinnu seðlabanka snúist meginatriði samkomulagsins um leiðir til þess að tryggja lánastofnunum laust fé.

„Skilningur okkar á samkomulaginu er í samræmi við það sem segir í fréttatilkynningunni,“ segir Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans. Hann viðurkennir þó að samkomulagið sé ekki lagalega bindandi. Hann bendir á að unnið hafi verið í samræmi við samkomulagið frá

því að það var undirritað. Enn hafi ekki komið til þess að samráðshópnum hafi verið breytt í viðbragðshóp við fjármálaáfalli.

Áður var í gildi nákvæmari samningur um gagnkvæma aðstoð í fjármálakreppu. Hann var afnuminn eftir að Finnar gengu í evrópska myntbandalagið.

Fram hefur komið að Seðlabankinn eigi í viðræðum við evrópska seðlabankann. Fréttastofa Heimildir tvö segist ennfremur hafa höfðir fyrir því að rætt sé við enska seðlabankann.

Mattias Persson segir í samtali við Fréttablaðið að Seðlabankinn á Íslandi hafi ekki leitað til Svía um aðgang að fé. Niels Christian Beiler neitar að tjá sig um slíkar viðræður.

ingimar@frettabladid.is

Fjárhagsleg
heilisa

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

NET12

Notaðu vextina strax

- // Hleypstu vexti í reksturinn
- // Fáðu háa ávöxtun
- // Reiknaðu dæmið til enda

Dú færð vaxtavexti af þeim vöxtum sem ekki eru greiddir jafnöldum út.

SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 | www.byr.is

Net12 er rakin leið fyrir þau fyrirtæki og félag sem vilja fara í alvöru vaxtarækt með Byr.



Exista hf., kt. 610601-2350, hefur birt lýsingu vegna töku víxla til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Eftirfarandi víxilflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 5.000.000.000 var gefinn út þann 8. október sl. og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. EXIS 08 0408. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf, hver víxill er að fjárhæð kr. 5.000.000 og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 8. apríl 2008. Víxlarnir verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 4 apríl 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast á prentuðu formi, frá og með 4 apríl 2008, hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík, og á vefsetri útgefanda, www.exista.is, í ár frá birtingu lýsingarinnar. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 4. apríl 2008



Viðsnúningur hjá Moss Bros

Breska herrafataverslunin Moss Bros tapaði 1,4 milljónum punda, jafnvirði rúmra 207 milljóna íslenskra króna, fyrir skatt í fyrra. Þetta er umtalsverður viðsnúningur frá fyrra ári en þá nam hagnaðurinn 5,1 milljón punda.

Vöxtur í undirliggjandi starfsemi á tímabilinu var enginn, að því er fram kemur í tilkynningu frá versluninni. Vöxturinn á fyrstu vikum nýs rekstrarárs, sem hófst í enda janúar, nemur tæpu prósentu.

Baugur, sem á 29 prósentu hlut í Moss Bros, lagði fram óbindandi yfirtökutilboð í félagið upp á 42 pens á hlut í lok febrúar. Gengi bréfanna hefur hækkað talsvert síðan yfirtökutilboðið var lagt fram.

- jab

Svíar hagnast á Kaupþingi

Sænski bankinn SEB Enskilda var á miðvikudag skráður fyrir kaupum rúmlega 1,1 milljónar hluta í Kaupþingi. Verðmætið hljóp á rúmum 968 milljónum króna. Meðalverðið var 810,9 krónur á hlut. Enskildamenn hafa keypt mikið af bréfum í Kaupþingi eftir páska og sitja nú á um tveimur milljónum hluta í bankanum, eða 0,27 prósentum skráðra hlutabréfa.

Gengi bréfa í Kaupþingi hækkaði um tæpt prósent í gær, stóð í 839 krónum á hlut í lok dags, sem merkir að verðmæti Enskildahlutans hafi aukist um 33,5 milljónir króna á einum degi. Engin sala var



KAUPÞING Enskildabankinn hefur verið skráður fyrir miklu magni Kaupþingsbréfa frá því eftir páska. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

skráð á bréfum Kaupþings í gegnum Enskilda í gær en ein kaup fyrir 12,4 milljónir króna.

Enskildabankinn var síðast skráður fyrir viðlíka innkaupum á Kaupþingsbréfum, fyrir 850 milljónir króna, 25. mars síðastliðinn. Ekki lá fyrir hvort bankinn hafi keypt bréfin fyrir eigin reikning eða hvort skortsalar hafi lokað stöðum sínum. Gengið hækkaði um níu prósent sama dag en hafði legið í 662 krónum á hlut dagana á undan. Ætla má að kaupendur hafi hagnast um 150 milljónir króna hið minnsta frá því þeir keyptu bréfin þá miðað við lokagengi Kaupþings í gær að því gefnu að þeir hafi ekkert selt í millitíðinni.

- jab

Óbreytt verð - engar hækkanir!

VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRETTINGAR



LINE

Hvít lakkað háglans, höldurlaus



COUNTRY

Fulningur - hvít lakkað, háglans



Amerísk hnota spónlögð



Ljós eik - innfelld handföng

...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum

Töfra hornskápur



BLUM mjúklökandi skápurhúðir



BLUM fullútdraganlegar og mjúklökandi skúffur
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm



Búr skápur

Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum



Glerskápar með ljósi í botni

Hálfmáni hornskápur



Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni
www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Ópið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Umdeild uppskipting löggæslu á Suðurnesjum:

Árangur er ekki sjálfgefinn

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það verður seint hægt að saka Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, fyrir áhugaleysi á löggæslustörfum í landinu þau ár sem hann hefur setið í ráðuneytinu. Fjölmörg framfaraskref hafa verið stigin sem löggæslumenn hafa yfir það heila verið ánægðir með. Hefur Björn meðal annars verið sæmdur gullmerki Landssambands lögreglumanna fyrir „frábær störf í þágu lögreglumanna“. Enginn annar einstaklingur utan lögregluliðsins hefur verið sæmdur slíku heiðursmerki.

Ákvörðun Björns Bjarnasonar um að skipta upp lögreglustjóraembættinu á Suðurnesjum kemur því nokkuð á óvart. Í fyrsta lagi virðist ákvörðunin tekin í flýti og án samráðs við yfirmenn embættisins. Rökstuðningurinn snýr nær eingöngu að skipulagslegum atriðum, það er að skipulag tollgæslu, öryggisgæslu og löggæslu eigi að vera í samræmi við það sem gerist annars staðar í stjórnkerfinu. Það á að gera stjórnábyrgð skilvirkari og rekstrarumhverfið betra. Hins vegar eru breytingarnar ekki gerðar í sparnaðarskyni. Svigrúm til þess virðist líka vera lítið ef miðað er við frásögn yfirmanna innan lögreglunnar.

Ákvörðun um að lögreglustjórinn á Suðurnesjum færi með tollgæslu, öryggiseftirlit og landamæra- og löggæslu í sínu embætti hefur væntanlega verið vel ígrunduð áður en hún tók gildi í ársbyrjun 2007. Og menn áttuðu sig á sérstöðu embættisins. Því til staðfestingar komst Björn þannig sjálfur að orði þegar hann staðfesti skipulag embættisins í janúar á síðasta ári: „Ég er þess fullviss, að undir forystu Jóhanns R. Benediktssonar lögreglustjóra tekst að sameina liðsheildina til góðra verka, en undir hans stjórn starfa um 220 manns, þar af um 90 lögregluþjónar og um 50 tollverðir, fjöldi öryggisgæslumanna í flugstöð Leifs Eiríkssonar, lögfræðingar og annað sérhæft fólk. Verkefni liðsins er annars vegar að tryggja, að öll gæsla á Keflavíkurflugvelli standist ströngustu kröfur og öryggi íbúanna á Suðurnesjum sé vel tryggt.“

Það er óhætt að segja að þessi orð ráðherrans hafa gengið eftir. Jóhann R. Benediktsson og hans lið hafa sýnt góðan árangur í að vakta hér landamæri hvort sem þar fara um glæpamenn eða fíkniefnasmyglarar. Á sama tíma fer gott orð af störfum lögreglunnar á Suðurnesjum. Lögreglustjórinn hefur því góða yfirsýn yfir þau störf sem embættið sinnir og flestir eru sammála um að samstarfið þarna á milli sé til fyrirmyndar og stjórnun skilvirk.

Vera má að lögreglustjórinn hafi verið of frekur til fjárins og farið út fyrir fjárheimildir. Það er þá verkefni ráðuneytisins að hafa stjórn á því eins og þegar önnur embætti fara fram úr fjárheimildum. Ekki er óeðlilegt að endurskoða þurfi rekstrargrunn nýs embættis eftir reynslutíma. Vandinn liggur ef til vill í fjárlagagerðinni sjálfri þar sem til grundvallar fjárveitingu þarf að liggja fyrir ítarleg skilgreining á því hvaða þjónustu ríkið er að kaupa af lögregluembættum. Þetta má taka til endurskoðunar.

Það er mikilvægt að Björn Bjarnason hlusti á sjónarmið manna eins og Jóhanns R. Benediktssonar og Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Frumskylda ríkisins er að veita borgurum vernd og tryggja öryggi landsins. Árangur í löggæslustörfum er ekki sjálfgefinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365
ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitaefni, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanliðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvæginást á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Ráðamenn taka flugið

Magnús Þór Hafsteinnsson er æfur vegna þess ráðahags Ingibjargar Sólrúnar og Geirs að fljúga með einkaþotu til Rúmeníu og sinna engu um kröfur vörubílstjóra. Á bloggsíðu sinni segir hann: „En í staðinn fyrir að koma til móts við bílstjórana – þó ekki væri nema til dæmis að byrja á að bjóða þeim til fundar og tala við þá – þá flýr parið sem stjórnar landinu með einkaþotu til Rúmeníu!“



Flugið hans Sjáesku

En þessu fylgja síðan upplýsingar um áfangastaðinn. „Fyrir þau sem ekki vita: Rúmenía er land blóðsugunnar Drakúla. Rúmenía er líka land herra og frú Sjáesku. Þau lögðu líka fljúgandi á flóttu á sínum tíma...“

Sprengjuflugið fræga

Það er engu líkara en blogggarinn nái flugi þegar flugferðir eru til umræðu, eða hver man ekki eftir eftirfarandi blogg færslu hjá Magnúsi Þór sem hann setti á síðu sína árið 2004: „...fljúga svo norður í Eyjafjörð yfir

Kjöl, sprengja Stebbafur og Halldór Blöndal til helvítis, snúa svo til baka yfir heiðina og bomba Björn Bjarna og borgarstjórnarminnihlutann hálfá leið til andskotans og lenda svo við gamla flugturninn á Reykjavíkurflugvelli og hrynja í það á kránum í Miðbænum.“ Svo segir Geir H. Haarde að umræðan sé á lágu plani.



SPOTTIÐ



Hrósum leikskólunum

UMRÆÐAN

Leikskólamálið

Á fyrsta fundi leikskólaráðs haustið 2006 var samþykkt tillaga þess efnis að stofna skyldi til hvatningarverðlauna leikskóla. Markmiðið með verðlauninum er að veita leikskólum í Reykjavík, starfsfólki þess eða öðrum hvatningu í starfi, vekja athygli á gróskumiklu starfi sem fram fer í leikskólum borgarinnar og stuðla að auknu nýbreytni- og þróunarstarfi. Hvatningarverðlaunin eru jákvæð og afar verðmæt fyrir reykviðskt samfélag og framtíð yngstu Reykvíkinganna.



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Í skólum borgarinnar er suðupottur hugmynda, frjórrar umræðu og framkvæmd verkefna sem tengjast reynslu og tilfinningum starfsfólks fyrir breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Fyrstu verðlaun voru afhent í Höfða í maí 2007. Sex gróskumiklir leikskólar fengu þá verðlaun. Þeir voru Dvergasteinn fyrir verkefnið ótrúleg eru ævintýrin og samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík, leikskólinn Fellaborg fyrir verkefnið mannauður í margbreytileika, leikskólinn Hamraborg fyrir Visindaverkefni, leikskólinn Nóaborg fyrir verkefnið stærðfræði,

leikskólinn Sólborg fyrir verkefnið sameiginlegt nám fatlaðra og ófatlaðra barna og samvinna og fagstarf og síðast en ekki síst leikskólinn Steinahlíð fyrir verkefnið umhverfisvernd. Miklu fleiri skólar fengu tilnefningar frá ólíkum aðilum og fyrir ólík verkefni.

Í skólum borgarinnar er suðupottur hugmynda, frjórrar umræðu og framkvæmd verkefna sem tengjast reynslu og tilfinningum starfsfólks fyrir breytingum í samfélaginu hverju sinni. Verðlaunin veita kennurum og starfsfólki viðurkenningu fyrir hugmyndaauði og framkvæmdaglegi og hvetur þá

áfram til að láta hugmyndir sínar um umbætur og úrræði verða að veruleika og hafa þannig bein áhrif á aukin gæði skólaumhverfisins. Nú fer hver að verða síðastur til að vekja athygli á fagstarfi í leikskólum borgarinnar. Hægt er að skila inn tilnefningum til 15. apríl næstkomandi á heimasíðu Leikskólasviðs, www.leikskolar.is. Allir geta tilnefnt til verðlaunanna, foreldrar, kennarar, skólar, starfsmenn og aðrar borgarstofnanir. Við val á verðlaunahöfum var haft til hliðsjónar að verkefnið væri öðrum til eftirbreytni og hvatning til góðra verka, svo og að fjölbreytt verkefni fái viðurkenningu. Hrósum leikskólunum fyrir gott starf!

Höfundur er borgarfulltrúi.

Engan bölmóð!



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
Í DAG | Efnahagsástandið

Skjótt skipast veður í lofti. Fyrir ári voru Íslendingar fullir bjartsýni og fjárfestu af miklum móð hér sem annars staðar. Nú heyrast andvörp úr öllum áttum. Hvort tveggja er óskynsamlegt. Menn eiga að vona hið besta, um leið og þeir hljóta að vera búnir við hinu versta. Þeir mega með öðrum orðum aldrei missa vonina. Með því að mála skrattann á vegginn kemur hann áreiðanlega.

Íslenskt atvinnulíf heilbriggt

Evrópuútgáfa Wall Street Journal birti á dögunum eftir mig grein, þar sem ég benti á, að íslenskt atvinnulíf er í aðalatriðum heilbriggt og öflugt. Í fyrsta lagi hefur íslenska ríkið greitt upp skuldir sínar. Þær námu 32,7% af vergri landsframleiðslu 1994, en nú 3,8%, og á móti þeirri lágu upphæð stendur gjaldeyrisforði Seðlabankans, svo að segja má, að íslenska ríkið sé skuldlaust.

Í öðru lagi hefur hagur útflutningsatvinnugreinanna vænkast mjög síðustu vikur og mánuði. Fiskur og ál eru í háu verði erlendis, og seljendur þessarar vöru njóta eins og ferðaþjónustan góðs af því, að gengi krónunnar er ekki eins hátt og áður.

Í þriðja lagi hefur myndast nýtt fjármagn hér hin síðari ár, dætt fjármagn orðið kvíkt, eins og ég hef orðað það eftir hinum kunna rithöfundum Hernando de Soto frá Perú, en bók hans, Leyndardómar fjármagnsins, hefur komið út á íslensku.

Nýtt fjármagn

Hér er annars vegar um að ræða fiskistofnana. Ein meginsetning auðlindahagfræðinnar er, að eigendalausear auðlindir, sem ókeypis aðgangur er að, eru ofnýttar, svo að ekki myndast neinn hagnaður af þeim. Þetta átti við um fiskistofnana á Íslandsmiðum fyrr á árum. Hugsanlegur hagnaður af þeim fór í súginn í of miklum sóknarkostnaði. En eftir að framseljanlegum aflakvótum var úthlutað, hefur þetta breyst. Nú er þetta orðið skrásett, framseljanlegt, skiptanlegt og veðhæft fjármagn.

Hins vegar er um að ræða ýmis opinber eða hálfopinber fyrirtæki, sem seld voru einkaaðilum síðustu sextán ár. Áður voru þau eigendalaus. Þetta var fé án hirðis, eins og Pétur Blöndal kallaði það. En um

leið og þau komust í hendur einkaaðila, varð til skrásett, framseljanlegt, skiptanlegt og veðhæft fjármagn. Þessi fyrirtæki tóku að ganga kaupum og sölum, og í slíkum viðskiptum varð til hagkvæmasta samsetning fjármagnsins. Stundum borgar sig að sameina fyrirtæki, stundum að skipta þeim upp, en þetta er allt torvelt, þegar þau eru eigendalaus. Frjáls viðskipti með fjármagn tryggja hina lífrænu þróun kapitalismans (sem Jósep Schumpeter kallaði tortím- andi sköpun).

Öflugur lífeyrissjóðir

Þriðja uppspretta hins nýja fjármagnsáíslandi lífeyrissjóðirnir.

Heildareignir þeirra nema nú um 133% af landsframleiðslu. Það er hærra hlutfall en annars staðar í heiminum, en næstir okkur koma

Stundum er því haldið fram, að Íslendingar séu fram úr hófi eyðslusamir. En ég held, að eyðslusemi okkar sé skynsamlegri en virðast kann í fyrstu...

Hollendingar. Þetta tryggir ekki aðeins betri hag ellilífeyrisþega, þegar fram í sækir, heldur er þetta stórkostleg upphleðsla fjármagns. Stundum er því haldið fram, að

Íslendingar séu fram úr hófi eyðslusamir. En ég held, að eyðslusemi okkar sé skynsamlegri en virðast kann í fyrstu, vegna þess að ósýnilegur sparnaður okkar er svo miklu meiri en margra annarra þjóða, jafnt með háum greiðslum í lífeyrissjóði og afborgunum af eigin húsnæði. Aðrar þjóðir eru sparsamari á ráðstöfunarfé sitt, af því að þær mynda ekki eins miklar eignir, hvorki í lífeyrissjóðum né eigin húsnæði.

Öll él stytir upp

Þótt nú hafi blásið á móti um skeið, eiga Íslendingar því ekki að fyllast bölmóði. Öll él stytir upp um síðir. Undirstöður atvinnulífsins

eru traustar og stöðugleiki í stjórn- málum. Ríkisstjórnin þarf að halda áfram á þeirri braut, sem hefur gefist best síðustu sautján árin, að auka svigrúm einstaklinga, lækka skatta, selja ríkisfyrirtæki og fjölga tækifærum venjulegs fólks til að brjótast úr fátækt til bjargálna. Jafnframt er nauðsynlegt, að Seðlabankinn verði áfram öflugur bakhjarl viðskiptabankanna, sem vaxið hafa hratt hin síðari ár. Við skulum draga rétta lærdóma af þeirri fjármálakreppu, sem herjað hefur í heiminum síðasta misserið. En dýrmætasta eign okkar er vonin, – vonin um betri tíð með blóm í haga.

Rockwood Fellihýsin 2008

Við frumsýnum 2008 árgerðina af stórglæsilegum Rockwood fellihýsum helgina 5.-6. apríl í verslun okkar að Fosshálsi 5-7.

Rockwood fellihýsin eru glæsileg og sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum. Með evrópskum þrýstibremsum, galvaniseraðri grind og hlaðin staðalbúnaði.

Lau kl. 10.00-17.00
Sun kl. 12.00-16.00



Ríkulegur staðalbúnaður

- Galvaniseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (upplásið gúmmidekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/þriggja hraða víftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Völdugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færnanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi



Fjöðrun f. ísl. aðstæður



Evrópskar þrýstibremsur



vatn tengt heitt/kalt



CD spilar/ útvarp



Upphitaðar lúxusdýnur 12 cm

Rockwood fellihýsi

Verð frá 1.398.000 kr.

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

Fossháls 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600
Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn
-eltu drauminn

Hvað er að fréttar?



Við tækjum sportið

www.visir.is

visir

Vandamálin leyst á staðnum

UMRÆÐAN

Öryggi á heimilum

Sameiginlegt verk efni Kópavogsbæjar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um að bæta öryggi á heimilum eldri borgara í bænum tókst framar vonum. Um þrjár af hverjum fjórum íbúum 75 ára og eldri þáðu svokallaða öryggisheimsókn þar sem farið var yfir fjölmarga þætti sem lutu að slysavörnum heima hjá þeim og gerðar nauðsynlegar úrbætur.

Þarf ekki að taka fram hvílkir forvarnargildi verkefni af þessu tagi hefur enda hafa aðrar rannsóknir á högum eldri borgara sýnt að mikilvægt sé að halda utan um



GUNNAR I. BIRGISSON

þennan sífellt stækkanði hóp.

Niðurstöðurnar úr öryggisheimsóknunum sýna að ástandið er almennt gott í Kópavogi. Helst mátti bæta brunavarnir. Fulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem höfðu veg og vanda af framkvæmd verkefnisins,

leystu vandamálin yfirleitt á staðnum.

Algengust eru fallslys í svefnherbergjum eða setustofu, flest tengd hálu gólfu, lélegri lýsingu og lausum mottum. Markmiðið var að stuðla að því, í samræmi við stefnu stjórnvalda, að aldrað fólk haldi heilsu og geti með viðeigandi stuðningi búið lengur heima. Slys valda þeim sem fyrir

þeim verða miska og fjárútlátum auk útgjalda fyrir bæjarfélagið og þjóðfélagið allt. Öryggisheimsóknirnar voru því allra hagur.

Farið var yfir öryggisatriði eins og reykskynjara, slökkvitæki, eldvarnateppi, handföng í sturtu og baðkeri, stamar mottur í baðkeri og sturtu, næturljós og stiga. Íbúum voru svo boðnar öryggisvörur sem þá vanhagaði um á kostnaðarverði frá Securitas og ókeypis uppsetning. Auk þess var skipt um rafhlöður í reykskynjurum. Íbúarnir fengu einnig afhenta bæklinga um starfsemi Kópavogsbæjar í þágu eldri borgara og enn fremur bækling um öryggishnapp sem Securitas þjónustar. Vekur athygli að einungis 16% eldri borgara í Kópavogi nota öryggishnapp.

Jafnframt var metið, í sam-

Þegar er sannfærður um að okkur hafi tekist að gera líf flestra eldri borgara í Kópavogi enn betra en það var, að minnsta kosti mun öruggara...

ræmi við ákvæði málefna-samnings um meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bæjarstjórn, hvort viðkomandi væru einmana eða byggju við slæmar aðstæður. Í tuttugu tilvikum var talið rétt að huga betur að eldri borgurum sem heimsóttir voru. Brugðist hefur verið við ábendingunum með viðeigandi hætti en þær vörðuðu allt frá aðkomu sjúkrahúsa, ef á þyrfti að halda, til félagslegrar einangrunar. Þeir sem fengu heimsóknirnar

eru án nokkurs vafa betur staddir eftir heldur en áður. Ég er sannfærður um að okkur hafi tekist að gera líf flestra eldri borgara í Kópavogi enn betra en það var, að minnsta kosti mun öruggara, auk þess sem við höfum safnað mikilvægum upplýsingum um aðstæður þeirra í bæjarfélaginu.

Ég vil þakka öllum þátttakendum í verkefninu, bæði samstarfsaðilum Kópavogsbæjar og öldruðum íbúum í bænum sem opnuðu okkur dyr að heimilum sínum. Áhugasömum um verkefnið bendi ég á skýrsluna „Öryggisheimsóknir til eldri borgara“ á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Höfundur er bæjarstjóri Kópavogs.

Umboðsmaður aldraðra

UMRÆÐAN

Kjör aldraðra

Á aðalfundi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni þann 23. febrúar síðastliðinn, var samþykkt áskorun til stjórnvalda að stofna embætti umboðsmanns aldraðra.

Með áskoruninni fylgdi eftirfarandi greinargerð: „Réttindi eldri borgara eru oft fyrir borð borin í þjóðfélaginu bæði utan stofnana sem og innan þeirra. Þetta gildir um kjaramál, skattamál, þjónustu o.fl. Þess

Þess vegna leggur Félag eldri borgara í Reykjavík mikla áherslu á að úr þessu verði bætt með stofnun embættis umboðsmanns aldraðra og væntir þess að stjórnvöld taki áskorun þessa til alvarlegra skoðunar.

vegna er það brýnt hagsmunamál fyrir eldri borgara að embætti umboðsmanns aldraðra verði stofnað. Slíkt embætti gæti tekið að sér og fjallað um réttindi og réttindabrot sem eldri borgarar verða fyrir, en enginn aðili í stjórnkerfinu telur sér skylt að sinna.“

Mjög brýnt er að mál þetta nái fram að ganga sem fyrst. Eldri borgarar standa mjög illa að vígi þegar þeir þurfa að sækja eða verja réttindi sín. Enginn aðili í stjórnkerfinu er til staðar sem þeir gætu leitað til og hefði það lögbundna hlut-



MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR


verk að sinna málum þeirra þegar þeir telja brotið á sér. Eldri borgarar standa berskjaldaðir gagnvart stofnunum og yfirvöldum sem beita valdi sínu á óréttlátan hátt eins og því miður fjölmörg dæmi eru um. Stór hópur eldri borgara er í stöðugri baráttu við „kerfið“ vegna þess að þeim

finnst brotið á sér og fá ekki lausn eða leiðréttingu á sínum málum. Mjög oft er um að ræða lífeyrismál af ýmsu tagi og mál sem eru tengd þeim eins og skattamál. Einnig er um að ræða margvísleg önnur mál sem tengjast fjármálum, búsetumálum, skorti á þjónustu bæði utan stofnana aldraðra sem og innan þeirra svo eitthvað sé nefnt. Í sambandi við réttindamál má geta þess að í lögum um málefni fatlaðra frá 1992 eru ítarleg ákvæði um réttindagæslu fatlaðra, sem svæðisráðin (8) hafa eftirlit með eða sérstakir starfsmenn þeirra. Engin hliðstæð ákvæði eru til í lögum um málefni aldraðra. Þess vegna leggur Félag eldri borgara í Reykjavík mikla áherslu á að úr þessu verði bætt með stofnun embættis umboðsmanns aldraðra og væntir þess að stjórnvöld taki áskorun þessa til alvarlegrar skoðunar.

Allar áskoranir og ályktanir frá aðalfundi félagsins eru aðgengilegar á heimasíðu Félags eldri borgara í Reykjavík www.feb.is.

Höfundur er formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Um hvað snýst aðild að ESB?



Katrín Jakobsdóttir skrifar:

Þegar rætt er um Evrópusambandið er mikilvægt að við ræðum málið ekki einungis út frá þröngum hagsmunum Íslendinga hér og nú. Við hljótum að velja því fyrir okkur hvers konar fyrirbæri Evrópusambandið er og hverjir eru kostir þess og gallar.

Eins og kunnugt er var Evrópusambandið stofnað eftir lok seinni heimsstyrjaldar, ekki síst í þeim tilgangi að tryggja frið til frambúðar í álfunni.

Upphaflega var Evrópska kola- og stálbandalagið stofnað 1951 en þetta bandalag breyttist með Rómarsáttmálanum í Efnahagsbandalag Evrópu 1957 og stækkaði svo smám saman allt þar til Maastricht-samningurinn var undirritaður 1993 en þá var lagður grunnur að Evrópusambandinu eins og það er nú. Sambandið hefur því þróast frá því að vera laustengt efnahagsbandalag í mun víðtækara og nánara samband. Eftir að stjórnskrá sem miðaði að því að gera sambandið líkara ríki var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Frakklandi og Hollandi, var svonefndur Lissabon-sáttmáli undirritaður en þar eru sambandsríkin hnýtt nánar saman í utanríkis- og varnarmálum, lögð aukin áhersla á þingræði og lagt til að stofna embætti forseta Evrópuráðsins.

Evrópusambandið er ekki einlitt

Kostirnir við Evrópusambandið eru ýmsir. Evran er vitaskuld stór gjaldmiðill sem sveiflast ekki jafn auðveldlega og krónan. Á sumum sviðum lagasetningar hefur Evrópusambandið verið mjög framarlega og má þar nefna ýmis atriði á sviði umhverfismála. Samstarf innan sambandsins á sviði mennta og vísinda er öflugt og svo mætti lengi telja.

Gallarnir eru að sama skapi ýmsir. Miðstýring á ýmsum sviðum, fjarlægð stjórnenda frá almenningi og bág þátttaka í kosningum til Evrópuþingsins er allt til marks um þann lýðræðis-halla sem hrjád hefur sambandið. Þá hefur sambandið undanfarið verið mjög hrjád af ýmsum leiðum markaðskreddum. Tilraunir hafa verið gerðar til einkavæðingar á almannathjónustu, t.d. með hinna alræmdu Bolkestein-tilskipun. Tilskipunin fór raunar ekki í gegn enda var henni harðlega mótmælt. Vitaskuld hafa allir jafnaðarsinnar áhyggjur af því að slíkar kreddur verði ráðandi hjá bandalaginu og einstök ríki þurfi að lúta þeim.

Grundvallarspurningin snýst um ákvörðunarvaldið

Ég held að það sé ógerlegt að taka ákvörðun um hugsanlega aðild Íslands að sambandinu með því að raða upp í debet og kreditdálk og láta þann dálkinn sem verður lengri ráða. Grunnspurningin sem þarf að svara er þessi: Erum við reiðubúin að framselja æ meira af ákvörðunarvaldinu til yfirþjóðlegra stofnana og teljum við hag lands og þjóðar betur borgið þannig en með því að ráða okkur málum sjálf?

Ýmsar tölfræðikúntir hafa verið settar fram til að sýna fram á að þetta fullveldi hafi þegar verið framselt, allt eftir því hver talar. Í skýrslu Evrópunefndarinnar sem starfaði undir forystu Björns Bjarnasonar á síðasta kjörtímabili var hins vegar sýnt fram á að alls ættu um 17,2% af samþykktum lögum á Íslandi á árunum 1992–2006 beinan uppruna í EES-aðild Íslands. Ef einnig er litið til þeirra laga sem segja má að eigi óbeinan uppruna í EES-aðildinni er niðurstaðan að 21,6% laga á tímabilinu megi rekja beint eða óbeint til EES-aðildar Íslands. Auðvitað er hér einungis um

tölfræði að ræða og hún segir ekkert um efnislegt umfang og áhrif gerða ESB hérlendis en þetta sýnir þó að Íslendingar myndu framselja umtalsvert vald úr landi við inngöngu í Evrópusambandið.

Nálægð hins venjulega manns við valdið

„Þetta getur ekki orðið verra en það er,“ segir Evrópusinnadur vinur minn gjarnan, „og þess vegna er best að ganga í ESB.“ Þetta þykja mér ekki góð rök. Ef við erum ósátt við fyrirkomulag mála hér á landi eru hæð heimatökin að breyta og bæta.

Innan ESB getur Ísland að sjálfsögðu haft umtalsvert áhrif en það breytir því ekki að Ísland er eftir sem áður lítið land og Íslendingar fáir. Ef gengið er í ESB erum við orðin hluti af sambandi sem hefur þróast æ meir í ríkis átt frá stofnun og á vafalaust eftir að verða enn þéttara á næstu áratugum. Þungamiðja þessa nýja ríkis er ekki á norðurljóðum og alls ekki á hinu fjarlægja Íslandi. Áhrif hins almenna borgara á Íslandi verða því nær örugglega hverfandi lítil — og við þurfum að svara því hvort við erum reiðubúin til þess þótt við fáum eitthvað í staðinn.

Sem stendur tel ég sérstöðu Íslendinga vera styrkleika. Ég tel að íslenskur almennur fái meiru um örlög sín ráðið í sjálfstæðu ríki einmitt vegna smæðar þess, nálægðin við valdhafana er hér óvenjumikil og ég tel þannig að íslenskt samfélag sé lýðræðislegra sem sjálfstætt ríki en eitt horn í stærra ríki. Nálægðin er mikilvæg fyrir samfélagsgerðina, minnir okkur á að við berum öll ábyrgð hvert á öðru. Ég tel einnig að áhrif Íslendinga á alþjóðavettvangi geti orðið meiri sem sjálfstætt ríki en sem hluti af ESB. Eftir sem áður tel ég að stjórnvöldum sé skylt að fylgjast mjög grannt með þróun mála innan Evrópusambandsins, gæta hagsmuna okkar í hvívetna gagnvart sambandinu og meta það reglulega hvert sambandið stefnir og hve nán samskipti Íslands við það eigi að vera. Það er eilífðarverkefni.

Höfundur er þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.



Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur. Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér frímiða í bíó.

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

post húsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is



EVRÓPUSAMBANDIÐ – Hvað er til ráða?

1. Hverjir eru helstu kostir við Evrópusambandsaðild?
2. Hverjir eru helstu gallar við Evrópusambandsaðild?
3. Hvað er til ráða?

3.1. Á að hafna aðild umsvifalaust?

3.2. Á að bíða og sjá til?

3.3. Á að sækja um aðild umsvifalaust?

3.4. Á að gera efnahagslegar og stjórnskipulegar

ráðstafanir með það að markmiði að taka ákvörðun af eða á um aðildarumsókn eftir tiltekinn tíma, til dæmis innan þriggja ára?

Matreiðslunám-skeið á Ítalíu eru spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á ítalskri matargerð. Á vefsíðunum, www.theitaliancookingschool.com, www.taste-italia.com, www.cookitaly.com og www.italiangourmet.com má finna upplýsingar um námskeið í boði.



Mango Lassi er indverskur drykkur sem er svolítið eins og mangóhristingur. Í drykkinn þarf aðeins 2,5 dl hreina jóгурt, 1 1/3 dl mjólk, 200 g mangó og 4 tsk. sykurlaugar sem sett er í blandara, hellt í glös og borð fram kalt.



Náttúrulækningafélagið stendur fyrir tveimur matreiðslunámskeiðum í Hússtjórnarskólanum á Sólvallagötu, laugardaginn 5. apríl og sunnudaginn 6. apríl frá kl. 11.00 til 18.00. Námskeiðin bera yfirskriftina Grænt og gómsætt, hollustan í fyrirrúmi og skráning er í síma 552-8191.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. **FRÉTTABLAÐIÐ**



4ra rétta tilboð og nýr A la Carte

- Léttreiktur lax með granateplum og wasabi sósu
- Tom Yum súpa með grilluðum tígristrækjum
- Kryddlegin dádyralund með seljurótarsósu
- Banana- og súkkulaðifrauð með vanillusósu

6.290 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.680 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Saltfisk er afar auðvelt að matreiða og möguleikarnir eru nánast endalausir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saltfiskur í rjómasósu

Egill Einarsson þúsundþjalasmiður er snjall þegar kemur að því að elda góðan mat. Þegar Egill bragðar á rétti sem honum líkar er hann óhræddur að spyrjast fyrir um innihald og aðferð. Uppáhaldið hans Egils er saltfiskréttur sem hann bragðaði fyrst hjá félaganum sínum og hvetur hann alla til að prófa.


„Saltfiskrétturinn er alveg frábær og hentar vel hvar og hvenær sem er. Það er auðvelt að matreiða hann og bara skemmtilegt. Hingað til hefur rétturinn hlotið mikið lof og veldur gestum mínum í matarboðum aldrei vonbrigðum,“ segir Egill.

Það sem þarf eru 800 grömm af saltfiski, roð- og beinhreinsuðum, einn og hálfur bufflaukur, ein

gulrót, tvær matskeiðar af steinselju og tómatsósu, fjórir desilítrar af rjóma, fjórir hvítlauksgeirar, tvær matskeiðar sojasósa og smjör sem brætt er á pönnu.

„Aðferðin er ekki erfið og ættu allir að geta spreytt sig á þessu án vandræða. Byrjið á að skera saltfiskinn í þunna strimla. Síðan er smjórið brætt á pönnu og laukurinn steiktur upp úr því. Þegar laukurinn er orðinn mjúkur skal bæta gulrótunum við en þær þarf að skera í litla bita og láta malla. Eftir það er fiskurinn settur út í og látinn liggja í smá stund og svo er rjómanum bætt við og svo hvítlauknum og tómatsósunni. Þegar þetta er farið að þykkna er steinseljunni og sojasósunni bætt út í,“ útskýrir Egill og heldur áfram: „Þetta er réttur sem allir ættu að geta látið renna ljúflega ofan í maga. Það sakar ekki að bjóða upp á gott ískalt hvítvín með réttinum og skála milli bita.“

mikael@frettabladid.is



TRANS FAT **LO SALT** **MSG**

Við kappkostum að notast við lífrænt ræktað hráefni og högum innkaupum okkar í samræmi við það.

Heilsuréttir Nings

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali.

62. Lífrænt ræktað brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti.

nýtt! 64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

66. Lífrænt ræktað brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristuum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti.

nýtt! 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

65. Steiktur eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti.

nýtt! 69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

NING

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



allt

matur o.fl.

Pasta er nóg að sjóða í um það bil átta mínútur. Við lengri suðu bólgnar pastað út og verður hlaupkennt. Basil og óreganó eru ómissandi krydd í pastað.



Bragðgott og hollt

Þeir sem ætla að forsá grænmeti og kryddjurtum innanhúss eða í garðskálann ættu að fara að taka til pottana því nú er rétti tíminn.

„Fyrsta skrefið er að verða sér úti um flát, mold og fræ,“ segir Hafberg Þórisson, garðyrkjaður í Lambhaga í Reykjavík, þegar hann er beðinn um leiðbeiningar um forsáningu grænmetis og kryddjurta. Hafberg hefur reynsluna enda framleiðir hann tíu tonn á mánuði allan ársins hring. Nú er það samt ræktun til heimilisnota sem málið snýst um. Sáningin fer þannig fram að mold er sett í pott eða kassa og fræjunum dreift með svolitlu millibili að sögn Hafbergs. „Annað hvort stráum við svo sandi yfir eða setjum dagblað ofan á. Allt þarf þetta að vera rakt. Svo má látið vera á dimmum stað til að byrja með en þegar fræið er spírað þarf það að fá birtu. Suðurgluggi er samt of heitur. Ílátið þarf bara að vera á björtum stað en ekki í sól. Plönturnar þola ekki mikið yfir 20 gráður og það þarf að hafa vakandi auga á þeim svo ekkert farið úrskaiðis.“

Grænmeti sem síðar fer út í garð eins og rófum, hvítkáli, grænkáli og blómkáli segir Hafberg tímabært að sá núna en blaðsalat sé það fljótsprottið að því sé ágætt að sá beint út í garð um miðjan maí. Sama megi segja um klettasalatið. Timjan, piparmyntu og sítrónumelissu segir hann auðveldar kryddtegundir í heimaræktun og upplagt að hafa þær í glugga til að byrja með, þó ekki suðurglugga.

Þegar kemur lengra fram á vorið og hitastig fer hækkandi er hægt að setja allar þessar gersemar út á svalir eða pall undir plast. „Þar er kannski fimm stiga hiti að nóttunni en ágætur hiti á daginn,“ bendir Hafberg á en segir vont fyrir grænmetisplöntur á byrjunarstigi að lenda í næturfrosti því þá sé hætt á blómmyndun. Algengt segir hann að plönturnar fái áfall þegar þær síðan fari úr pottunum og út í kalda moldina. „Þá verða þær bláleitar en það gerir ekkert til. Það bendir til að



Hafberg innan um heimaræktaða grænmetið sitt í Lambhaga. FRÉTTABLAÐID/GVA

þær hafi framleitt sykur, sem er þeirra frostlögur. Þær jafna sig svo og verða sterkar og fínar.“

Þótt Hafberg hafi lifibrauð sitt af sölu grænmetis hvetur hann fólk til að rækta heima. Ánægjan sem því fylgi sé svo mikil, að ekki sé minnst á bragðgæðin og hollustuna. gun@frettabladid.is

Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins. Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Nýir eigendur, nýjar áherslur.

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Opíð á virkum dögum 10-18 og laugardaga 11-15

Mörkinni 1 108 Reykjavík sími 544-2136 www.jke-design.is

39,3%

Allt – Atvinna

24,5%

Atvinna – Morgunblaðið

Við stöndum upp úr

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára

Atvinna í boði...



...alla daga

allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

NÝJA BÍLAHÖLLIN



Mitsubishi Pajero DID Dakar (35"). Nýskr. 04/06, ek. 61 þ.km, ssk., álf., dráttark., leður, lúga, spoiler, 35" breyttur of fl. Verð 5.190 þ. Tilboð 4.700 þ.



VW Passat Comfortline/Sedan. Nýskr. 06/99, ek. 119 þ.km, ssk., ofl. Verð 790 þ. Tilboð 550þ.



Honda Accord Sedan Executive 2.0. Nýskr. 04/06, ek. 17 þ.km, ssk., sumar og vetrard., lúga, leður, ofl. Verð 2.690 þ. Glæsilegur bíll!

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadibirilar.is

Arnarbílar



Volvo XC90 V8 4.4L. Ssk., ek. 56 þ.km, 7 manna, árg. 3/2006. Einn með öllu. Leður, topplúga, Xenon ljós. Verð 6.890 þ. Frábært tilboð 4.990 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilur.is m: 111029 S. 567 2700.



Ford Windstar LX árg. 1999, ek. 120 þ. km, 3.8L V6. Sjálfskiptur, 7 manna, dráttarkúla. Verð 790 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilur.is m: 140213 S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfahöfða 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is

100 bílar ehf



Dodge Ram 2500 Power Wagon 4x4, árg. 2006, ek. 56 þ.km, Sjálfsk. Stgr. Tilboð 3490þús.kr, áhv. 3000þús.kr, Verð áður 4290þús.kr!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf 821-6292



Suzuki XL7 Luxury Limited, 7 manna, árg. 2007, 3,6 cc, 250 hestöfl, ekinn 7 þúsund, leður, topplúga og mikill aukabúnaður. Verð kr. 3.790.000. S. 821 6292.



VW Transporter pick-up árg. 2002, diesel, TDI, ekinn 130 þús., nýleg tímareim, sk.'09, 100% lánað. Verð kr. 1.290.000,- m.vsk. S. 821 6292.



Nissan Patrol árg. 2000, 3.0, sjálfskiptur, ekinn 160 þús., ný vél frá Kistufelli, sk. '09, 100% lánað. Verð kr. 1.750.000. Uppl. í s. 821 6292.



VW Transporter pick-up diesel árg. 2005, ekinn 40 þús.km., álpallur, sk. '09, 100% lánað. Verð kr. 1.890.000,- m.vsk. S. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu



Einn með öllu!

M. Benz ML 500, 2005 svartur, 304 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn ABS hemlar, Aksturstólva, Álfelgur, Fjarstýrðar samlaesingar, Geislaspihari, Glerþopplúga, Hiti í sætum, Höfuðþúðar aftan, Innspýting, Kastarar, Leðuráklæði, Líknarbelgir, Loftkæling, Rafdrifid sæti okumans, Rafdrifnar rúður, Rafdrifnir speglar, Reyklaus, Samlaesingar, Smurbók, Stigbretti, Útvarp, CD, Veltistýri, Vökvastýri, Navigation og sími sem þarf bara að virkja. Yfirtaka á láni. Uppl. í s. 822 8166.



Mercedes-Benz ML500 árg. 2005. Ekinn 39 þ.km. Hann er með öllum búnaði. Bensín, 5 manna, 5000 cc, slagrymi, 5 dyra, 8 strokkar, sjálfskipting, 302 hestöfl, fjórhjóladrif 2270 kg. Fjarlægðarskyrnjarar, hiti í sætum, leiðsögukerfi, loftþúðafjórðun, nálægðar-skyrnjarar, Xenon aðalljós, aksturstólva, stöðugleikakerfi, minni í sætum, spól-vörn, innspýting, handfrjálbs búnaður (fylgir síma). Geislaladiskamagasin, ABS hemlar, skipting í stýrinu, lykklalust aðgengi, dráttarkrókur, með sportpakkanum, stafrænt mælaborð, hraðastillir, reyklautstökutækki, þjófavörn, rafopnun í afturhlara, allt rafmagn(speglar, sæti, rúður). Algjör lúxusbíti, mjög vel með farinn. Uppl. í síma 892 7830 & 690 6522. Verð 6.800.000.



Land Rover Discovery 3 HSE 4x4. Árg. 2005. Ekinn 53 þ.km Sjálfskiptur. 7 manna. Aukaseti fellanleg ofan í gólf. Leðurinnrétting. 3 sóllúgur. Harmon Kardon hjómkerfi. Raddstýring. 19" álfelgur. Rafmagn, minni og hiti í fram og aftursætum. Hiti í fram-rúðu og rúðusprautum. Bakkskyrnjari. Loftþúðafjórðun sem má hækka og lækka. Verð 5.4 milljónir. Ekert áhvil-andi. Uppl. í síma 695 3822.



VW Passat TDI Highline diesel árg. '07 ekinn 18 þ. Einn með öllu. Verð 3690 þ. Lán 3300 þ. S. 898 2811.



Subaru Legacy 2.0 árg. 2008, ekinn 3 þ. sjálfskiptur, sumar og vetrardekk á álfelgum. S. 898 2811.



VW Golf Highline árg. '04 ssk. Ek. 92 þ. Toppl., rafm. í flestu, filmur ofl. Áhv. 950 þ. fæst gegn yfirt. S. 848 1670.



Toyota Avensis station árg. '06 ssk., ek. 30 þ. S. 862 5363.



Yfirtaka - Volvo S40 '04 ek. 79 þús.km. Ssk., leður, krókur, ný dekk. Sk. '09. Áhv. ,9 m.kr. S. 865 0046.



Camaro '94 ssk. 6cyl. sk. '08 ný dekk göður bill V. 690 þús. Ýmis skipti. S. 865 0046.



Til sölu Toyota Carina árg. '96, ssk., sk., ek., 153.000 þ.km, ný skoðaður. Tilboð kr 350.000 Uppl. í síma 820 7378 & 699 0415.



Útsala !!!
2005 Benz E320 4matic, ek. 69 þ. Ssk. einn með öllu. Verð 3.990þ. S. 869 5336.




Mazda 323 F '98 V6 2L, 150 hö. gerður gott til. og billinn er þinn. Verður að seljast. S. 661 8756 Jón.



Til sölu Mercedes Bens C220 árg. '96. Ek. 200 þ. Þarfnast smá andlitslyftingar. V. 250 þ. S. 660 2341.



Corolla Xli árg. '94. Nýskoðaður '09. Verð 160 þús. S. 659 3459.



Til sölu 3 Citroen Berlingo. Árg.'07. Tveir bensín, einn diesel. Gráir á lit. Ek. rúm 20 þús. Lán getur fylgt. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.




Nissan Micra árg.'04. Gullsanseraður á lit. Ek. 51 þ. km. Bsk. 4 dyra. Sumar-og vetrardekk. Yfirtaka á láni 900 þ. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.




Grand Cherokee Laredo '84 til sölu. Bill í góðu standi. Fæst á 250 þ.stgr. Engin skipti takk. Uppl. í síma 863 0012.



Huyndai Accent árg.'01, ek. 148000 þ.km. Beinskíptur. Áhv. 150 þús. Afb. 9 þús. á mån. Verð 250 þús. Sími 821 7837.



Nissan Almera árg. '97, ek. 133 þ., 1.4 vél, sk.'09, gott ástand. Uppl. í síma 697 6556.



Sprzedam Opel Omega 2.0 L, rok '98 prizebig 98 tys km, przeglad 2009. Cena 180 tys ISK.Tel po polsku 662 4894.



Opel Corsa '99 til sölu á 220.000 þ. Upplýsingar í síma 896 8382.

250-499 þús.



Fjórhjóra 10 manna VW Caravelle til sölu. Árg. '97. Með skoðun til ágúst 2009. Dráttarkúla. Verð 380 þús., ekki skipti nema þá á yngri Caravelle. S. 663 7499.

500-999 þús.




Toyota Avensis 1800 árg.'98 ssk., ek. 160 þ. Göður bill. Verð 500 þ. S. 660 3430.



Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Verðvernd í bílasölu. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300.



Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Verðvernd í bílasölu. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300.



VW Bora 2002. Ekinn 63 þús.km. Ssk. Verð 790 þús. stgr. Uppl. í síma 856 7463.




Toyota Rav4 árg. 12.10.01. Ekinn 93.000 km. Verð 1450 þús. S. 825 1015.



7 manna Chrysler Town & Country. Árg. 2002, ek. 87 þ.km. Ssk., 4x2, litad gler, allt rafknúid. Áhv. 1.200.000. Áhugas. hafi samband við Berglindi í síma 821 6067



Nissan Patrol Gr 8/2000 diesel ssk. Mjög gott eintak. Ek. 130 þ. V. 1.880 þ. Toppjónustaður bíll S. 864 8338.



Til sölu Toyota Hilux 2.4i árg. '90. 38"dekk, ek. 224 þús.km. Range Rover 2.5tdi árg. '88. Ek. 220 þús.km. Toyota LC90 árg. 97 ek. 186 þús.km. Uppl. í s. 848 0709.



Dodge Grand Caravan SXT árg. '07, 3.8L ssk., ekinn 20 þ.km, stow 'n go sæti gullfallegur bíll. Ásett verð 3.490 tilboð 2.950. Uppl. í s. 898 8011.



Chrysler 300 árg. '07, 3.5L ssk., ekinn 19 þ.km. Leðurinnrétting, gullfallegur. Ásett 3.990 þús. Vortilboð 3.490 þús. Uppl. í s. 898 8011.

Bílar óskast

Óska eftir gokart bíl þarf að vera 125cc. S. 821 1234.

Námsmaður óskar eftir bíl eða jeppling. V. 0-80 þús. Skoða allt. Takk. S. 846 3214.

Jeppar



Jeep Grand Cherokee LDT 5.7 Hemi árg. 2005, ekinn 52 þ.km. Einn eigandi, DVD, leður, krókur, topplúga. Einn með öllu. Verð 3690 þ. Tilboð 2900 þ. S. 898 2811.




Til sölu M. Benz ML 270 árg. '00 ek. 177 þ. Bill í mjög góðu ástandi. Uppl. í s. 869 2900.



BMW X5 3.0 2001, ssk., ekinn 78 þús. km, ljóst leður, topplúga, rafmagn í öllu, minni í sætum, ofl. Tilboðsverð 2.990 þús. Uppl. í s. 660 3430.



Til sölu Toyota Hilux 2.4i árg. '90. 38"dekk, ek. 224 þús.km. Range Rover 2.5tdi árg. '88. Ek. 220 þús.km. Toyota LC90 árg. 97 ek. 186 þús.km. Uppl. í s. 848 0709.



2 milljónir +
Land Rover Discovery II SE árg. 2002. Ek. 66þ.km. V.2.7 m. Til sýnis og sölu hjá Bílasölu Guðfinns, Stórhöfða 15, s. 5621055

Pallbílar



GMC 2500 6.6 Duramax diesel árg. 2002, ekinn 125 þ.km. Leður, göður bill. Verð 2490 þ. S. 898 2811.

Sendibílar



DAF45 árg. '93 ek. 247þús.km. m/lyftu. Sk. '08 í góðu lagi. V. 335 þús. stgr. S. 864 0046.

Vörubílar

Til sölu Cadbury malarvagn, loftfjór- un, gleið öxla, lyfti hásing. Góð álskúffa. V. 750 þ. + vsk. S. 891 7300.

Mótorhjól



Ítalsk hannaðar vespur
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 lítr. Verð 198 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan.



Harley, softail standard, afmælis- útg. Árg. 2003. Ek. 5000 km. Töfari dauðans. Verð aðeins 1690 þ. Uppl. í Bifreiðasalan. S. 577 4400.



Vortilboð!

Yamaha mid-1970s warrior 1700 árg. '02 kemur á götu '03. 2" dragbarstýri. Power commander. K og N stur. Glæsigripur. Ásett v. 1490 þ. Tilboð 1 mil. stgr. S. 820 4469.



Til sölu Yamaha Phazer 600 árg. 2004 ekið 13.000, lítur - silfráð. Verð 700 þ. Upplýsingar í síma 896 1634.

Óska eftir mótorhjól á bílinu 500-700 þús. Er spennur fyrir Honda magna & Yamaha Vmax Annað kemur til greina. S. 846 1555 mail:palle05@ru.is

Kerrur



Til sölu flott 2 hesta, 2 ögla kerra ur galv og krossvið. Árg. '05. sk. '09 m./gúmimottum. Fæst á 645 þúsund S. 820 3880.

Fellihýsi

Palomino Colt fellihýsi árg. '06. Grjótgrind fortjald og 2ja kúta stativ. Mjög lítið notað, alltaf geymt inni í upphitðu rými. Verð 950.000. S. 896 3359.

Vinnuvélar

ARMAR
SPJÓTLYFTUR
og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armor.is

Óska eftir að kaupa traktorsgröfu. Uppl. í síma 849 6251.

Hjólbarðar

15" álfelgur og dekk undir VW Golf eða Vento til sölu. Uppl. í s. 865 6669.

Til sölu 14" skoda dekk með felgum. Selst ódyrt. S. 568 5473 & 899 5473 e. kl. 17.

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mostellsbæ www.bilapartar.is

Til sölu varahlutir í Daiwo Nubira 2002. Uppl. í síma 820 7378.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Atiö
Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif • Hreingerningar
Teppahreinsun • Gluggaþvottur
Reglugætt þrif fyrir fyrirtæki
★★★★
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Hreingerningar ehf
Sími: 868 5599
Gölfbóun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglugætt ræsting í fyrirtækjum og hústólum
www.hreingerningar.is
Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Stjornuþrif
ALVEG SKÍNANDI
Hreingerningar - Flutningsþrif
Nýbyggingarþrif - Teppahreinsun
Gölfbóun - Bónleysing
Reglugætt ræsting í fyrirtækjum og hústólum
www.stjornuthrif.is
S. 867 1730 & 849 9600

raesta.is
powered by BG
533 1515
Reglugætt þrif - hreingerningar
Teppahreinsun - Gölfbóun
Húsfelög - Heimili - Fyrirtæki.
www.raesta.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Er allt í ryki? Tek að mér vorþrif í heima- húsum, flutningsþrif og regluleg þrif í fyrirtækjum. Astu-Svæði. S. 848 7367.

Tek að mér allar almennar hreingerningar s.s. heimahús og fyrirtæki. Verðtilboð S. 695 3851.

Tökum að okkur þrif í heima- húsum, sjúkrahúsum og á skrifstofum. S. 866 5187.

Viltu koma heim og hafa allt hreint? Kem vikulega eða sjaldnar. 100% trún- aður og heiðarleiki. S. 846 5155.

Ræstingar

Tek að mér flutningsþrif fyrir heimili og fyrirtæki, er vön. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 659 9511.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og ein- staklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Trjáklippingar

Trjáklippingar, garðauðun, plöntuskipu- lagning garða. Eiríkur Sæland garðyrkju- maður s. 848 1723.

Ert þú að byggja?

Tökum að okkur alla vinnu við grunna og lóðir. Þekking og þjónusta í sérflokki. Hausverk ehf. S. 899 0957.

Garðyrkja

Felli tré, klippi, grísjá og snyrti runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

GARÐLIST
Hjá Garðlist færstu alla viðhaldsþjónustu fyrir garðinn á einum stað. 19 ára reynsla.
Verðu trygg og vinnubrögð vinnubrögð.
554-1989
www.gardlist.is

Smágröfuleiga Drenlagir Skolplagnir Jarðvegsskipti
Upplýsingar í síma: 824 7565 Beggi 696 6676 Bjóssi

Alhliða
garðþjónusta
Garðþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðvinnu & hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggum, þökuleggum, beðahreinsum og fleira.
Vönduð vinnubrögð - Hjörleifur í s. 844 6547 - Róbert í s. 866 9767

GARÐLÍF
LÁTTU OKKUR SJÁ UM GARDINN SÍMI 691 9151
Garðsláttur, beðahreinsun, trjáklippingar, þökulegnir, garðauðun og allt annað sem viðkemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Garðlíf, s. 691 9151.

Trjáklippingar - garðyrkja.
Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.
Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643.

Bókhald

Framtal 2008
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um viðbót- arrest. Vönduð vinna! Opíð um helgar. Framtalsþjónustan s. 533 1533.

Fjármál

Framtalsaðstoð, skattaráðgjöf, stofnun ehf.bokhald. fjármálaráðgjöf. Uppl. í síma 517-3977

Málara

Málameistari getur bætt við sig verk- efnum. Uppl. í s. 896 6148, jig@mi.is

Parftu að láta mála ?
Getum bætt við okkur verkefnum. Gerum föst verðtilboð. Hafid samband. Íslenskir fagmenn S. 862 2413

PAKMÁLUN
www.pakmalun.is
S: 844-1011
Árétuga ending 30 ára ábyrgð
Pakklæðningar Pakviðgerðir
Löggitur Málameistarar

ÍSLANDSMÁLUN
Pakmálun !! Húseigendur - Húsfélag
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF
Upplýsingar gefur Grétar í s. 899 2008.

Nýbyggingar Pakmálun Endurmálun
M
Sími: 6974006

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., planöfl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaveiðhald

Fagmenn.is
5 52 53 54
Málara - Múrara
Rafvirkjar - Píparar
Smíðir - Hönnuðir
Parket/Flisalagnir
Húsaveiðgerðir

Íslenskir fagmenn
Bjódum alla þjónustu á viðhaldi fasteigna, utanhúss sem innan. Gerum föst verðtilboð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar í síma 869 3934.

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málameistarar, múrara og smíðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flisalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni ehf
Fossháls 25, 110 RVK

Glerjun/gluggaviðgerðir!

Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsaveiðhald!
Pak- og utanhússklæðningar og allt húsaveiðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Flöt þök
Þakpappalagnir og Dúkbök. Nýlagnir - viðgerðir- viðhald. Hamraborg ehf Pakpappalagnusta. S. 896 4947-hamraborg@sinnet.is

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Ný lína ehf.
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögn og múrverk. S. 894 6258 & 846 0529.

Byrjum sumarið snemma!
Tek að mér alla pallasmíði, hroð og vönduð vinnubrögð. S. 696 9825.

Tölvur

Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. IT ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Snyrting



Naglatæknir með margra ára reynslu í USA Hef opnað stofu í Laugardal. Acrylic og Gel neglur. Pantíð tíma í síma 893 5789, Naglastofa Önnu.



Snyrtistofan Þú um þig hefur flutt í Hraunberg 9. Breiðholti. Opíð þriðju- daga, miðvikudaga og skv. samkomu- lagi. Tímabantanir í síma

587 8611 alla daga. Sigrún Konráðsdóttir snyrtifræðingur býður gamla og nýja viðskiptavinum velkomna.

Spádómar

www.orlagalinan.is
Órtaga línán
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Englaljós til þín S. 908 5050, Lára spámiðill
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbærir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.
Visa/Euro. S. 863 1987.

Nympha-dora
Tarot-lesur og Krístaþála með keisrni að handan
562 8211

TILBOÐ

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is
ótrúleg tilboð alla helgina, stórlækkuð verð
Breyttur opnunartími. Mánudag-mið. 10-18. Fimmt. 10-21. Þös 10-18. Lau og sun 12-16
Kletthúls 2 • 110 Reykjavík • S. 567 4000 • www.heimsbilar.is

FÖSTUDAGUR

4. APRÍL 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS



**JÓN ARNAR
OG INGIBJÖRG**
Tvær glæsivillur
til sölu

10 kíló farin og 20 eftir
Ólafur Darri fórnar
sér fyrir leiklistina

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Dóra Karitas Árnadóttir leikkona

„Í kvöld bregð ég mér í hlutverk tólf ára stelpu í leikritinu Engisprettur sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu en í sýningunni fer ég meðal annars í tásjó og dansa það sem ég kalla Svanasúludansinn. Á laugardagskvöld ætla ég að sjá verk Hugleiks Dagssonar, Baðstofuna, og kíkja í innflutningspartí til vinar míns. Ég mun síðan alveg pottþétt fara í Vesturbjarlauginu en hún er í miklu uppáhaldi hjá mér sérstaklega þegar að sólin tekur að skína.“



Slegist um Hof á Höfðaströnd

Það er mikill öldugangur í kringum at-hafnakonuna Lilju Pálmadóttur en Páll Ragnarsson, tannlæknir á Sauðárkróki, segist eiga einn fjórða af jörð hennar Hofi á Höfðaströnd sem er um 400 hektarar. Jörðin hefur verið töluvert í umræðunni en Lilja fluttist búferlum í sveitina fyrir nokkrum árum til að fá frið frá miðborgarlinum og til að sinna hestamennskunni en hún hefur verið í námi við háskólann á Hólum í Hjaltadal. Nú segist Páll vera með veðbókavottorð í höndunum sem sanni það að hann eigi einn fjórða af jörðinni. Margir myndu halda að Páll væri að falast eftir peningum en svo er ekki þar sem hann neitar að selja Lilju þennan fjórðung og málið því komið í algeran remsbútt. Þegar Föstudagur hafði samband við Pál vildi hann ekkert tjá sig um málið.



fréttir

ARNARNESIÐ Í HÆSTU HÆÐUM

Eftir að sjónvarpsþáttaröðin Hæðin fór í loftið nú á dögnum hefur eftirspurnin eftir íbúðum á Arnarnesi-hæðinni rakið upp úr öllu valdi. Áður en þáttaröðin hóf göngu sína var eftirspurnin eftir húsnæði á þessu svæði lítil en svo virðist sem vera sem „Hæðin“ hafi lyft hverfinu upp í hæstu hæðir. Það er nú mál manna að verð á fasteignum þar muni rjúka upp úr öllu valdi og hverfið verða hið nýja Skuggahverfi.



SLAPPAR AF Á TAILANDI

Ragnar Magnússon sem komst í fréttirnar þegar kviknaði í bílaflota hans í vögnum hefur ekki áhyggjur af lífinu en hann dvelur þessa dagana í Tailandi þar sem hann lætur fara vel um sig. Hann neyddist til að láta fyrri eigendur ólivers hafa staðinn til baka þegar hann gat ekki borgað lokagreiðluna. Ekki fylgir sögunni hvað



Ragnar ætlar að dvelja lengi í Tailandi en sögusagnir herma að hann sé þó ekki fluttur búferlum til Austurlanda.

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@365.is
Forsíðumynd Stefán Karlsson
Útlitshönnun
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
Auglýsingar Guðný Gunnlaugsdóttir
gunnyg@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skafthlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

Ingibjörg og Jón Arnar eru með tvær villur á sölu á tæplega 200 milljónir

Leita að framtíðarhúsnæði

Sþútnikhjónin Jón Arnar Guðbrandsson og Ingibjörg Þorvaldsdóttir oft kennd við Habitat hafa verið iðin við að skipta um húsnæði síðustu árin. Þau komust í fréttirnar í fyrra þegar þau seldu glæsivillu sína að Eikarási í Garðabæ en hana keyptu þau þegar þau voru í miðju kafi að gera upp hús í Smábúðahverfinu. Þegar þau seldu Eikarásinn keyptu þau annað hús í hverfinu að Furuási sem nú er komið á sölu. Jón Arnar segir að þau hafi keypt húsið til að búa í því meðan þau væru að byggja draumahúsið að Tjarnarbrekku á Álftanesi. Nú er það hús, sem er tilbúið til innréttinga, komið á sölu. „Við erum alltaf að kaupa og selja,“ segir Jón Arnar þegar hann er spurður út í þetta. Hann segir að þau hafi í millitíðinni fundið annað hús sem þau langi meira í. „Við erum þó ekki búin að kaupa neitt. Núna er kaupendamarkaður þannig að maður kaupir ekkert fyrr en maður er búinn að selja. Við þurfum að fara að finna okkur framtíðarhúsnæði og ákveða hvar við ætlum að búa því í maí mun enn einn strákurinn koma í heiminn og þá er betra að vera búinn að taka stórar ákvarðanir,“ segir hann og hlær. Þegar hann er spurður að því hvort það sé farið að kreppa að segir hann svo ekki vera. Þetta sé fyrst og fremst áhugamál hjá þeim að skipta um húsnæði. Þessa dagana vinna þau hörðum höndum að

Furuás 6 í Garðabæ er falt fyrir 100 milljónir en það er 310 fermetrar.



því að flytja Habitat-verslunina í Holtagarða. „Það er allt á suðupunkti og mikil stemning og ekki mikið sofið þessa dagana,“ segir Jón Arnar en verslunin á að opna formlega um miðjan apríl og því naumur tími til stefnu.
martamaria@365.is



Jón Arnar og Ingibjörg



Tjarnarbrekka 12 á Álftanesi er fól fyrir 70 milljónir en það er tæplega 300 fermetrar. Húsið er tilbúið til innréttinga en þegar þau byggðu það var það algerlega draumahúsið. Nú eru þau búin að finna annað hús sem þeim líst best á.

ÓLIVER OPNAR AFTUR EFTIR BREYTINGAR

Eldhúsið opið fram yfir miðnætti

Veitingastaðurinn Óliver opnar aftur í dag eftir breytingar og er kominn aftur í hendurnar á Arnari Þór Gíslasyni og félagamann hans sem opnuðu staðinn á sínum tíma. „Það er mjög gott að vera kominn aftur heim. Það er eiginlega eins og Óliver hafi farið í átta mánuða frí og sé kominn endurnærður til baka. Við ætlum að hefja Óliver upp á ákveðið plan og hann verður bara betri og sterkari en nokkru sinni áður,“ segir Arnar Þór, einn af eigendum staðarins. Nú er búið að hressa upp á útlitið á staðnum, mála í dekkri litum, setja ný húsgögn en ein mesta breytingin verður að eldhúsið verður opið til eitt á næturnar. Arnar segir að þetta sé liður í því að vera í takt við tímann. „Fólk er að fara í leikhús, á tónleika og fleiri viðburði sem eru oft og tíðum búnir rétt fyrir miðnætti. Þá hefur verið erfitt að fá að borða,“ segir Arnar og tekur það fram að á nýja matseðlinum á Óliver séu hundrað réttir, frá Asíu, Indlandi og einnig tapasréttir. Þá er boðið upp á tuttugu tegundir af hamborgurum og aragrúa af heilsuréttum. „Allir réttirnir eru á innan við 2.000 krónur og því má segja að þetta sé hálfgerður kreppumatseðill,“ segir Arnar og bætir því við að það sé alltaf frítt inn þótt þeir verði með tónleika og aðra viðburði. Þegar hann er spurður út í tónlistina vill hann lítið segja. Fólk verði bara að koma og upplifa stemninguna.

FOSTUDAGUR/STEFÁN



- mmj

COMFORT
solutions®

By King Koil®



RÝMINGARSALA!

Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution** verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

á gamla genginu með allt að 30% afslætti.



AVERY
Spine support
(Full XL 135x203)

kr. 84.800

AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)

kr. 89.900

AVERY
Spine support
(King size 193x203)

kr. 129.800

AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)

kr. 68.900

AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)

kr. 129.800




Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.



AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýrnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

HEILSURÚM



Björk Óskarsdóttir, „Chef Garde Manger“ á VOX, leggur lokahönd á glæsilegar „High Tea“-veitingar.

„High Tea“ er nýjasta æðið

Hilton Reykjavík Nordica hótél ætlar nú að bjóða upp á „High Tea“ á VOX-bar í fyrsta sinn á Íslandi.

„High Tea“ er upprunnið í Evrópu, en það var fyrst í Frakklandi á 17. öldinni sem heldra fólk hóf þann sið að hittast um eftirmiðdaginn yfir fallegu kaffiborði og gera sér glaðan dag. Í seinni tíð hefur „High Tea“ rutt sér rúms á hótélum víða um heim. Björk Óskarsdóttir, „Chef Garde Manger“ á VOX, á heiðurinn af veitingunum en um er að ræða þriggja hæða bakka með samlokum af ýmsu tagi, ferskum ávöxtum og fallegum litlum kökum. Á Hilton Reykjavík Nordica verður „High Tea“ í boði á VOX-bar alla daga vikunnar frá kl. 14-18. Nú er ekkert annað í stöðunni en að húa saman þeim sem þér þykir vænt um og njóta þess að vera til.

Krakkarnir úr Bandinu hans Bubba skemmtu sér konunglega í London

Thelma var eins og andamamma

Aðeins sex tímum eftir að fimm manna úrslitunum í Bandinu hans Bubba lauk, voru keppendurnir fjórir, þau Arnar, Eyþór, Thelma og Hjálmar ásamt Unni Birnu, glaðvakandi á leiðinni til London í boði Iceland Express.

Eftir einkar þægilegt flug var lent í Stansted en þaðan var lestin tekin rակleidis inn í borgina. Thelma Hafþórsdóttir, ein af keppendunum, segir að þetta hafi verið æðisleg ferð. Þau hafi byrjað á því að fá sér hádegisverð á hótelinu og svo hafi þau farið í Covent Garden þar sem þau kíktu á útmarkaði og götugrínara. „Þetta var alveg æðisleg ferð og hápunkturinn var þegar við fórum á söngleikinn „We will Rock You“,“ segja keppendurnir al-sælir eftir ferðina. Þegar Thelma er spurð að því hvort það hafi ekki verið skrýtið að vera þarna með þremur strákum þá segir hún svo ekki vera. „Ég var svoltíð eins og andamamma þarna,“ segir hún og hlær. Þegar þau eru spurð að því hvort það hafi ekki verið skrýtið að vera saman í ferðalagi því þau séu í keppni svara þau eins og sannar



Hópurinn skemmti sér konunglega í London.

feðurardrottningar og segja að þau séu öll æðislega góðir vinir. „Auðvit-að viljum við öll vinna en svo verður þetta bara að koma í ljós,“ segja þau. Eftir að hafa ærslast allan laugardaginn tóku þau sunnudaginn rólegan. Þrátt fyrir hátt gengi á pundinu slepptu þau sér aðeins í verzlunum borgarinnar fyrri part dags. Seinni parturinn fór í tókur

fyrir þáttinn þar sem þjófavarnir í bílum og kirkjuklukkan sem slógu hundrað sinnum léku lykilhlutverk í hljóðupptökunum.

Kvöldið endaði svo á indverskum stað í Soho þar sem ferðin var fullkomnuð. Í kvöld verður stórsöngvarinn Páll Rósinkrans í gestadóm-arasæti og verður spennandi að sjá hverjir fá að halda áfram.

Topp SKÍFULISTINN 20 Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum | Skífunni og verzlunum BT út um allt land.

Listinn gildir 4-10. Apríl 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Mugison	Mugiboogie
2	Páll Óskar	Ailt fyrir ástina
3	Sprengjuhöllin	Tímarnir okkar
4	Sigur Rós	Hvarf / Heima 2cd
5	Jack Johnson	Sleep Through The Static
6	Lay Low	Ókutímar - tónlist úr leikriti
7	Hjálmar	Ferðasót
8	Eagles	Long Road Out Of Eden 2CD
9	Ymsir	Pottþétt 45
10	Radiohead	In Rainbows
11	Einar Scheving	Cycles
12	Leona Lewis	Spirit
13	Ymsir	Femin 2008
14	Poetrix	Fyrir lengra komna
15	Eric Clapton	Complete Clapton
16	Benny Crespo's Gang	Benny Crespo's Gang
17	Nick Cave & The Bad Seeds	Dig, Lazarus Dig!!
18	Mika	Life in Cartoon Motion
19	Bloodgroup	Sticky Situation
20	Sigurður Flosason	Blátt ljós

▲ Öfversköst | ▼ Minni sölur | ↕ Lítil breyting | ↑ Hækkun | ↓ Lækkun

VINSÆLASTA DVD

1	Ratatouille
2	101 Dalmatians PE
3	Stardust
4	Assassination of Jesse James
5	American Gangster
6	Beowulf
7	Doddi þættir 1-8
8	Michael Clayton
9	Meet the Robinsons DVD
10	Elizabeth The Golden Age
11	Lincence To Wed
12	Top Gear
13	Charlottes Web
14	American Gangster Steelbox
15	Sydney White
16	Shoot'em Up
17	Planet Earth Box (5 discs)
18	No Reservations
19	Knocked Up
20	Friends DVD Sería 8



3 sérfræðingar

Sérfræðingar frá Montana, Erik Jørgensen og Carl Hansen verða í verslun okkar í dag föstudag kl. 9-18 og á morgun laugardag kl. 10-16 og veita faglegar ráðleggingar um val á húsgögnum. Verið velkomin.

MONTANA HILLUR
HÖNNUÐUR PETER LASSEN

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Montana



20% afsláttur af vörum þeirra meðan á heimsókninni stendur



Þú ert það sem þú borðar

Hvers vegna ertu ekki grönn?

1 Þú hefur talið sjálfri þér trú um að þú sért heilbrigðin uppmáluð. Þú mætir samviskusamlega í ræktina, drekkur prótínhrising í öll mál en missir tókin þegar enginn sér til þín. Kannastu við að hagræða sannleikanum og ljúga þig út á fund í hádeginu til að þess eins að bruna í næstu sjoppulúgu fyrir einn hamborgara? Eða keyra bæinn á enda til þess að finna brakandi ferska kókosbollu? Þú felur þína sveittu hlið fyrir öllum og tönnlast á því að þú skiljir ekki af hverju þú sért að fitna.

2 Þú borðar ekkert sem talist getur en ferð með fjóra lítra af kóki á dag, tvo sigarettupakka og Prins póló þegar vel ber í veiði.

3 Þú ert í aðhaldi allan daginn, borðar hollan og kaloriulítinn mat. Þegar dagur er að kvöldi kominn brýst villidýrið út í þér og hrópar á syndsamlegan sveittan mat þar sem MSG-kryddið er eitt helsta aðdráttaraflíð. Þú rýkur út og þeytist milli skyndibitastaða í leit að einhverju djúpsteiktu og lóðrandi í kartöflukryddi.



4 Eftir að kílóatán náði sögulegu hámarki ákvaðst þú að fjarfesta í Herbalife. Eina sem þú klikkaðir á var að kynna þér lífsstílinn sem þú festir kaup á því duftið er hugsað í staðinn fyrir máltíð en ekki með.

6 Þú hefur aldrei drukkið gosdrykki og telur þig hafa gott kaloriuforskot á samferðamenn þína. Þú bætir þér upp þetta „heilbrigða“ líferni með tvöföldu magni af súkkulaði og afsakar gúfíð með því að þú drekkir ekki gos.

14 Þú elskar fermingarveislu og bíður í ofvæni eftir þeim ár eftir ár. Það er ekkert sem slær út fermingarhlaðborðið í allri sinni dýrð.



5 Þú hefur vanið þig á að smyrja ristað brauð með sírópi og drekka einn desilítra af rjóma fyrir hverja máltíð, svona rétt til að smyrja magann að innan. Þarf að segja eitthvað meira?

7 Þú og maki þinn eyðið helgunum fyrir framan sjónvarpið í flís-göllum, hvort með sína KFC-fötuna og björkút. Þið eruð hætt að nenna að vaska upp og drekkið bjórinn beint af dælni.

13 Allur grænn matur er á bannlista.



10 Þú skoðar matvöru-umbúðir ítarlega og ef það stendur ekki MSG á innihaldslýsingunni öskrar þú „HIPPMATUR“ og gengur út úr búðinni.

9 Þú borðar til að gleyma.

8 Líkamlegt form þitt og þol er ekkert. Þú hreyfir þig síðast að ráði þegar þú forst í verslunarleiðangur til Glasgow með þeim afleiðingum að þú gast ekki hreyft þig í viku vegna harðsperra. Í þessu samhengi skiptir litlu máli hvort þú borðar bara á Manni lífandi alla daga. Þú einfaldlega verður að fara að hreyfa þig ef að þú ætlar að sjá einhvern árangur.

12 Þú lítur ekki við salati nema það innihaldi majónes í miklu magni.




G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Flottust

opið
föstudag 11-18.30,
laugardag 11-18
sunnudag 13-17



HÁÐER

KÓMÍÐ

SÚMMAR

2008

NÝJAR VÖRUR

Löng helgi í miðborginni

Opið: Föstudag 11 - 18:30 og laugardag 11-17

Stella Nova | Lee | Wrangler | GK Reykjavík | Burberry | Filippa K | Patrizia Pepe | Sport Max | Calvin Klein | Annhagen | Rutzou

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

Leikarinn Ólafur Darri Ólafsson hefur verið áberandi í íslensku leikhúslífi og kvikmyndagerð síðustu misseri. Í viðtali við Bergþóru Magnúsdóttur talar hann um aukakílóin sem hann ætlar að losna við og heppnina sem fylgir honum hvert fótímal.

Þungavigtarleikari fórnar aukakílóum

Leikarinn Ólafur Darri Ólafsson hefur haft í mörgu að snúast á síðustu árum. Hann hefur meðal annars látið að sér kveða með leikhópnum Vesturporti og hefur leikið í fjölmörgum íslenskum bíómyndum. Ólafur Darri leikur þessa dagana í Kommúnunni í Borgarleikhúsinu og er nýbyrjaður að leika í kvikmyndinni Brimi. Þá kemur hann við sögu í glæpamynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam, sem verður frumsýnd síðar á þessu ári og svo er hann auðvitað að glíma við flókið sakamál ásamt félaganum úr Vesturporti, Gísla Erni Garðarsyni, á sunnudagskvöldum í sjónvarpinu í spennuþáttunum Mannaveiðum.

Í haust hefjast svo tölur á Roklandi sem byggir á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar. Þar leikur Ólafur Darri aðalsögupersónuna, Bödda, en eins og Föstudagur greindi frá fyrir viku þarf Ólafur Darri að ná af sér þrjátíu kílóum fyrir hlutverkið. En hvernig ætlar hann sér að ná því takmarki? „Þetta gengur nú fyrst og fremst út á hollt mataræði og mikla hreyfingu,“ segir Ólafur Darri sem er byrjaður að boxa og stunda lyftingar reglulega. „Ég var ákveðinn að fá í lið með mér Sigurpál, vin minn og fyrrverandi einkaþjálfara, en sökum anna gat

hann því miður ekki tekið þetta að sér. Ég er samt í góðum höndum hjá Hilmari einkaþjálfara í World Class. En þar hafa Díska og Bjóssi stutt við bakið á mér eins og reyndar Vesturporti öllu. Jafnframt er ég í hnefaleikum í Hnefaleikastöðinni hans Villa Hernandez.“

Búinn með einn þriðja

Ólafur Darri nálgast verkefnið æðrulaus og öruggur þótt Sigurpál vanti og hefur þegar náð ágætis árangri. „Ég held í raun að það sé engin töfralausn til við þessu. Maður verður bara að eyða meiri orku en maður innbyrðir. Þetta er ekkert flóknara. Ég hef verið í sambandi við næringarfræðing og lækni og fer mér að engu óðslega í þessu. Maður þarf að passa sig ef maður ætlar að missa svona mikla þyngd á stuttum tíma. Það þarf að gera þetta skynsamlega en ég kvíði engu. Mér finnst þetta bara skemmtileg áskorun.“ Hann byrjaði í átakinu snemma í febrúar og er þegar búinn að tapa tíu kílóum. „Ég er búinn með einn þriðja,“ segir Ólafur Darri sem boxar þrisvar í viku og er nú búinn að bæta við lyftingum þrisvar í viku. „Ég er eðlilega miklu hressari,“ segir hann þegar talið berst að því hvort hann finni einhvern mun á sér eftir að hann fór á fullt



Fórnar sér fyrir hlutverkin. Ólafur Darri þarf að létta sig um 20 kíló í viðbót til að verða Böddi í Roklandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í líkamsræktina. Ólafur Darri segist ekki vita hvað muni gerast að loknum tókum á Roklandi og hvort hann muni þá bæta aftur á sig kílóunum sem hann fargaði fyrir hlutverkið. „Það er nú ekki stefnan. Ég hef mjög gott af því að létta mig aðeins. Fyrir mér er það þó ekkert markmið að vera 90 eða 100

kíló. Mér líður alveg vel með sjálfan mig þótt ég sé aðeins í þyngri kantinum. Ég sé bara hvað konan segir. Hún má bara ráða því.“

Á sitthvað sameiginlegt með Bödda

Í Roklandi segir Hallgrímur Helgason frá Bödda Steingríms sem snýr aftur á Sauðárkrók eftir tíu ára námsdvöl í Þýskalandi. Þar kennir hann í Fjölbautarskólunum þar til hann er rekinn enda kemur á daginn að Krókurinn er of lítill fyrir jafn stórorðan mann. Böddi er andans maður í ríki efnishyggjunnar og fær útrás á blogg-síðu sinni þar sem hann deilir á nútímaþjóðfélagið þangað til hann segir því stríð á hendur. Ólafur Darri hreifst af Bödda þegar hann las bókina og útilokar ekki að hann eigi sitthvað sameiginlegt með hugarfóstri Hallgríms. „Jú, jú. Ég held það. Þegar ég las þessa bók hans Hallgríms fannst mér hún algerlega frábær og mjög þörf. Svo fannst mér Böddi bara vera karl sem mig langaði mikið til að tækla og takast á við. Ég held við séum sammála um ýmislegt. Hann er mikill öfgamaður í skoðunum og öllu sem hann gerir. Ég held að ég eigi það nú til að hafa miklar skoðanir. Ég flagga þeim kannski ekki jafn mikið og hann gerir, nema þá helst í góðra vina hópi.“ Hann segist þó ekki hafa leiðst út

Morgunmaturlinn: Lýsi og kannski ein eða tvær ristaðar brauðsneiðar með osti.

Eftirlæstismaturinn: Humar.

Besta líkamsræktin: Hnefaleikar.

Mesta afrekið: Að hætta að reykja.

Áhugamál: Vinnan mín.

Skemmtunin: Að sýna frumsamin dansverk í eldhúsinu fyrir konuna mína.

Uppáhaldsborg: París.

í bloggskrif þótt hann geti fundið ákveðinn samhljóð með persónu Bödda. „Nei, kannski er ég bara ekki bloggtýpan. Ég hef í það minnsta ekki lagt í það ennþá og veit ekki hvort ég hef þörf fyrir það. En mér finnst ótrúlega gaman að lesa blogg og finnst blogg frábært. Mér finnst skemmtilegt hvað maður getur í rauninni fundið margar ólíkar raddir um eitt-hvert málefni sem maður hefur áhuga á. Það er mjög fínt. Kannski er þetta sú hlið sem vekur áhuga minn á blogginu (sem við verðum að fara að finna íslenskt orð yfir) og mér finnst skemmtilegt að maður getur skoðað blogg forstjóra eina stundina, húsmóður þá næstu og svo bara hvers sem er. Það finnst mér skemmtilegt.“

Leikari fyrir heppilega tilviljun Þegar talið berst loks að leiklistinni sem Ólafur Darri hefur bundið

Veislur
við öll
tækifæri

SÍMI 692 0200

SOHO
CATERING
VEISLUPJÓNUSTA
WWW.SOHO.IS

ÖRN GARÐARSSON MATREIÐSLUMEISTARI

congress

REYKJAVÍK

Ráðstefnuþjónusta

Engjateig 5
105 Reykjavík
Sími: 585 3900
www.congress.is

ráðstefnur og hvataferðir

FÖSTUDAGUR 4. APRÍL 2008



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

FRÉTTABLAÐIÐ



Peir slógu eftirminnilega í gegn í haust og troðfylltu Kringlukránnna

Specials

Nú koma þeir aftur og gera allt vitlaust!

föstud. 23-03 og laugard. 23-03



Fjölskylduvænar vinnuferðir



Áð sögn Arnalds hefur Montpellier upp á margt gott að bjóða, hvort heldur góða vín- og matarmenningu, dillandi sígaunátónlist og fögur fjöll.



Tilviljun ein réði því að Arnaldur og Lovísa hófu rekstur. Eftir velheppnaða heimsókn þar sem farið var með gesti í vinkynningar, golf og fleira tóku þau að kynna sér betur hvað nágrennið bauð upp á. Nú segjast þau geta sett saman óskaferð hvers og eins.



Montpellier með augum ljósmyndarans Giles Foucras. Borgin er þriðja stærsta ráðstefnuborg Frakklands en þar er hægt að gera sér margt til dægurstyttingar.

Frakklandsferðir skipuleggja ferðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki til Montpellier í Suður-Frakklandi, hvort sem menn sækja þangað ráðstefnur, hópefli eða hvataferðir.

„Engu er líkara en að máttarvöldin hafi tint saman það besta úr Evrópu og komið fyrir í Montpellier: baðstrendur Spánar, sögulegar minjar Rómverja, vín-, matar- og rómantíska menningu Frakklands, dillandi sígaunátónlist Ungverjaland, og ægífögur fjallahéruð Pyreníufjallanna,“ segir Arnaldur Haukur Ólafsson sem ásamt hálf-franskri konu sinni, Louisu Stefaniú Djermoun, rekur fyrirtækið Frakklandsferðir í Montpellier, þriðju stærstu ráðstefnuborg Frakklands.

Hjónin hafa búið í Montpellier síðastliðin þrjú ár, síðan Arnaldur var þar við nám, og fóru út í reksturinn fyrir hálfgerða tilviljun, eða eftir að hafa tekið á móti kennurum sem vildu kynna sér svæðið. Vegna þess hve vel tókst til ákváðu þau að bjóða upp á sérhannaðar ferðir til borgarinnar sem þau segja spennandi kost fyrir einstaklinga og íslensk fyrirtæki hvort sem um ræðir ráðstefnur, ársráðgjöf, hvataferðir eða hópefli.

„Hér er allt innan seilingar og allt það skemmtilegasta sem menn tengja venjulega við ferðalög: gott veður, frábær matur og vínmenning, strendur og baðstaðir, magnaðir golfvöllir og ekki síst ríkulegur menningararfur. Það eina sem er gervi- eða plastlegt

hérna eru vatnsflöskurnar. Allt annað er ósvikið,“ fullyrðir Arnaldur, sem greinilega er yfir sig hrifinn af heimkynnum sínum og vill að sem flestir fái tækifæri til að njóta þeirra.

Hann segir tilvalið að sameina vinnu og skemmtun eða hvata- og ársráðgjöf ferðir með ferð til Montpellier og hægt sé að hafa alla fjölskylduna með. „Hvataferðir taka sífellt meira mið af fjölskyldunni og fyrirtækin gera sér orðið betur grein fyrir því að góðum starfsmanni er ekki best umbunað með því að slíta hann frá fjölskyldunni.

Hvers vegna ekki að senda mömmu á ráðstefnu í einn eða tvo daga á meðan pabbi og krakkarnir slappa af á ströndinni og svo sameinast öll fjölskyldan í nokkra daga í þessu frábæra umhverfi? Þetta er nefnilega einn af fáum stöðum sem getur sameinað þetta tvennt svo leikandi létt,“ segir Arnaldur og heldur fast í þá trú að lífið og vinnan geti verið fjölskylduvæna heldur en margan grunar.

Allar nánari upplýsingar www.frakklandsferdir.is

-vaf



Montpellier er meðal annars rómuð fyrir fallegar baðstrendur þar sem tilvalið er slappa af milli þess sem er unnið.

Hist, gist, þrútt- að og þútt- að

Hótel Hamar við Borgarnes hentar vel til vinnu jafnt sem slökunar að sögn eigendanna Unnar Halldórsdóttur og Hjartar Árnasonar.

Hótel Hamar hentar vel fyrir ráðstefnur og aðrar samkomur, vilji menn komast úr ys og þys borgarinnar. Eigendur Hótel Hamar, hjónin Unnur Halldórsdóttir og Hjörtur Árnason, segja ekki meira en klukkustundarakstur þangað af höfuðborgarsvæðinu. Þau telja einnig tilvalið að mæla sér mót í Borgarfirði komi menn víðar að.

Allur almennur fundarbúnaður er til staðar og þráðlaust net alls staðar í húsinu. Vel valdir stólar gera litla fundarherbergið að góðum stað og fundarsími er á staðnum, þannig að ef einhver forfallast geta fjarstaddir tekið þátt í fundum. Stærri fundarherbergið rúmar allt að fimmtíu manns og í matsal er rými fyrir allt að hundrað manns, en mikil áhersla er lögð á góðan mat og þjónustu. Vel er búið að gestum í rúmgóðum tveggja manna herbergjum sem öll eru með eigin sólpall.

Hóтелиð hefur einnig þá sérstöðu að vera inni á miðjum golfvelli

svo fyrirtæki og hópar geta slegið tvær flugur í einu höggi: fundað hluta dags og leikið golf á eftir. Og það er ekki á hverjum dvalarstað þar sem frumsamdar ferskeytlur fljóta á við aðrar veigar.

Húsráðendur hafa margra ára reynslu af félagsstarfi og telja því ekki eftir sér að skipuleggja hvataferðir og hópefli. „Golfmótin eru sérstaklega vinsæl og við bjóðum einnig golfkennslu fyrir byrjendur. Ratleikir um nágrennið njóta einnig mikilla vinsælda og sveitafitness á Hvanneyri eða heimsókn í fjós Guðmundar ráðsmanns bæta hvers manns geð,“ bendir Unnur á og telur það ekki erfitt að finna skemmtilega afþreyingu þar sem af nógu er að taka.

„Vinsmökkun og danskennsla getur hentað betur ef viðrar til inniveru og stutt er að fara í Landnámssetrið í Borgarnesi. Þar er verið að sýna hinn sívæn-sæla Mr. Skallagrímsson og Brák, tvær skemmtilegar leiksýningar sem kitla hláturtaugarnar,“ segir Unnur, sem telur sundlauginu í Borgarnesi með þeim betri á landinu og vel þess virði að taka sprett í. Einnig sé hægt að bóka sér-sniðna fitness tíma í íþróttamiðstöðinni eða skreppa á gervigras-



Hóтелиð hefur þá sérstöðu að standa á miðjum golfvelli svo hægt er að funda og leika golf á eftir.



Hótel Hamar er í klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborginni og hentar vel fyrir fundahöld, hvata- og óvissuferðir.

völlinn. Þá er óupptalið umhverfið en gestir Hamra geta notið landslagsins þegar slakað er á í heitum potti. „Útsýnið á Hamri kemur mörgum á óvart.

Fjallasýnin er engu lík og sólarupprásin kveikir rómantískar kenndir í brjósti jafn vel forhertustu möppudýra,“ fullyrðir Unnur, sem telur rólegheitin í



Umhverfið er einkar fallegt í Borgarfirði og hægt að sækja sér þar ýmsa afþreyingu.

sveitinni henta vel til vinnu jafnt sem slökunar.

Ýmislegt fleira er í boði en best er að telja ekki allt upp hér

ef fyrirtæki vilja nýta tækifærið og fá staðarhaldara á Hamri til að skipuleggja fundahöld, hvata- eða óvissuferðir fyrir starfsfólkið. -vaf

Ég mæli hiklaust með **IQ-CARE**

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!


*Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri heilsuráðgjafar*



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Tvímælalaust ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið

Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér.

Gerið samanburð og finnið muninn.



Dalsbraut 1

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is



Eva María Jónsdóttir taldi sig vera vaxna upp úr leikjum, þar til hún tók þátt í starfsmannadegi Skipta hf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Teyggjutvistið endurvakið

Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona segir frá óvenjulegum og jafnframt skemmtilegum degi í lífi sínu þegar hún var kynningarstýra á starfsdegi Skipta hf.

„Ég sem hef unnið á stofnun næstum alla mína ævidaga verð að segja, að dagurinn þegar ég tók að mér hlutverk kynningarstýru á starfsmannadegi hjá Skiptum hf. hafi verið óvenjulegur,“ rifjar Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona upp og bætir við að uppákomnan hafi verið haldin í salnum í Egilshöll og allt ansi stórt í sniðum, enda um að ræða fyrirtæki með mörg hundruð starfsmenn innanborðs.

„Stofnun eins og Ríkisútvarpið hefur hingað til ekki skapað hefð fyrir því að halda einu sinni á ári dag sem tileinkaður er starfsfólki sínu. Dag þar sem næra á anda og líkama og fræða fólk og hvetja. Allt til þess að fólk skemmti sér saman og efla liðsheildina. En þetta gerðu þeir hjá Skiptum hf.“ segir hún.

Eva María minnst þess að fyrri hluti dagsins hafi verið helgaður fyrirlestrum og fræðslu. „Topparnir mættu og töluðu á mannamáli fyrir framan sitt fólk. Svo komu fram eldhugar utan úr bæ til að tala. Ég man að Svafa Grönfeldt geystist um sviðið og Margrét Pála Ólafsdóttir fékk flesta til að hlæja og suma til að gráta þegar hún mætti.“

Að sögn Evu Maríu kenndi Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari fólkinu hlátursæfingar fyrr um kvöldið og fékk þennan stóra hóp til að gera nánast hið

ógerlega: springa úr hlátri. „Fólkið hló og hló og mitt sjónarhorn út í salinn varð ansi ógleymanlegt fyrir vikið. Auðvitað voru einhverjir þrír sem sátu fýldir og hristu hausinn. En við þessar aðstæður voru það akkúrat þeir sem skáru sig úr og virkuðu fremur asnalegir.“

Eva María minnst líka keppni í liðsheild með tilheyrandi útsjónarsemi. „Fólkið í hverju liði þekktist ekki endilega, enda saman kominn fjöldi fólks sem starfar í aðskildum fyrirtækjum, dótturfélögum Skipta.

Í leikjunum voru gefin stig fyrir árangur, liðsheild og hugmyndaauðgi. Þarna kom sannarlega í ljós hvað klikkaðar hugmyndir geta virkað vel. Fólk finnst greinilega skemmtilegra að taka þátt í því að láta klikkaðar hugmyndir verða að veruleika en því sem er hefðbundnara,“ segir hún.

Eva María viðurkennir að hún hafi oft haldið að hún væri vaxin upp úr leikjum og hafi ekki gefið mikið fyrir þá kenningu að sú þörf sé manninn eðlislæg alla ævi. En það sem hún hafi lært á þessum degi er að fulloröð fólk er ekki síður leikglatt en börn.

„Það var hugvikkandi reynsla að sjá þetta uppkomna fólk hlaupa, glettast, hafa hátt og missa sig í dansi, þótt allt hafi verið skipulagt í þaula.

Dagurinn kenndi mér margt og braut niður alls konar fordóma sem ég hef tileinkað mér á fullorðinsárunum. Ég segi ekki að ég sé síleikandi mér, en eftir að snjóla leysti hef ég endurvakið teygjutvist. Ég virðist engu hafa gleymt í þeim efnun,“ segir hún og hlær.

-vg

Landsins glæsilegasta ráðstefnu- og sýningaaðstaða




Fífan og Smárinn Salurinn

Fífan og Smárinn bjóða eina glæsilegustu sýningaaðstöðu á Íslandi, 14 þúsund fermetra sambyggðar íþrótt- og sýningarhallir sem hýst hafa margar af stærstu vörusýningum sem haldnar hafa verið hérlandis. Þráðlaust netkerfi og aðstaða fyrir minni fundi.

Fífan og Smárinn eru í miðju Kópavogsdals og aðkoma að svæðinu er mjög góð.

Nánari upplýsingar í síma 570 1600.
www.kopavogur.is



Salurinn í Tónlistarhúsi Kópavogs, einn besti tónleikasalur landsins og hannaður með góðan hljómburð í huga, hefur einnig reynst frábær staður fyrir ráðstefnur, fundi, kynningar og námskeið af ýmsu tagi.

Salurinn tekur 300 manns í sæti og góð veitingaaðstaða er í forrými.

Salurinn er í Borgarholti við Kópavogsgjána.

Nánari upplýsingar í síma 5 700 400.
www.salurinn.is



Sannkölluð skálastemning á árhátíð í Þórsmörk.

Árshátíð í lopapeysu og gúmmískóm

Árshátíðir eru oftast skemmtilegar. Starfsfólk kemur saman í sínu fínasta þússi. Ferðast jafnvel til stórborga heimsins. Gæðir sér á góðum mat og gleymir amstri hversdagsleikans.

Fyrir þá sem vilja eitthvað alveg nýtt er kannski Þórsmörk málið. Fæstir hugsa um þessa náttúruperlu sem vettvang árhátíða. HL adventure stendur fyrir lengri og skemmri hvataferðum og veisluhöldum. Meðal ferða og viðburða er árhátíð í Þórsmörk, sem án efa veður í brjósti fortíðarþrá hjá ýmsum. Þetta er árhátíð í lopapeysu og gúmmískóm þar sem gleðin er við völd. Ferðin hefst í rútu sem fer inn í Þórsmörk. Þar bíða uppþúin rúm og hressilegur göngutúr svo fólk verði ferskt fyrir skemmtun kvöldsins. Þeir sem vilja slappa af geta lagst í heita pottinn.

Síðan er boðið í fordrykkinn Íslenskt fjallafreyði á pallinum.

Skálinn er fagurlega skreyttur og svo tekur við hlaðborð með íslenskum kræsingum. Bjarni töframaður er í broddi fylkingar á meðan á borðhaldi stendur. Eftir matinn tekur við sönn skálastemning með íslenskri kvöldvöku þar sem skemmtikraftarnir Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmars halda uppi stemmingu langt fram á nótt. Árbítur er síðan á borðum fram eftir morgni og á hádegi er haldið í borgina á ný. HL býður upp á lengri og skemmri ferðir, bæði hvataferðir, hópefli og veisluhöld innanlands sem utan, og má nefna lengri ferðir á Grænlandsjökul og Vatnajökul. Allar nánari upplýsingar: www.hvataferdir.is

-rh



Kópavogsbær

- um þjóðbraut þvera



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 10 – 470 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir sem henta fyrir stórar sem smáar veislur. Frábær aðstaða fyrir stórsýningar, fjarfundi og beinar útsendingar.

Við leysum málið
– upplifðu fagmennsku í ráðstefnu- og veisluhöldum.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is


Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK



Upplýsingaflæði er oft mikið á fundum og ráðstefnum og því gott að hafa meðferðis tæki og tól til að halda utan um það helsta.

Skipulagsmappa með skrifblokk og hölfum fyrir blöð, penna, nafnspjöld og fleira. Tilvalin til að halda utan um minnis-punkta, dreifibréf og aðrar upplýsingar.



MacBook Air er þynnsta fartölvan á markaðnum. Hún er 1,94 sentimetrar þar sem hún er þykkust. Hún vegur aðeins 1,36 kíló og hentar því einstaklega vel á ferðalögum. Tölvun er sérstaklega hljóðlát og kemst hæglega fyrir í handfarangrinum. Fæst í Apple-búðinni. Verð frá 219.990 krónum.



Tölvutaska með roði. Taskan hentar vel fyrir 15,4 tommu tölvur eða minni. Hún getur einnig nýst sem veski eða skjalataska. Gott pláss er fyrir skjöl og rafmagnssnúru en auk þess eru vasar úr roði fyrir peningaveski, síma, nafnspjöld og penna. Hönnuður: Fjóra María Ágústsdóttir. Fæst í Apple-búðinni á 45.900 krónum.

Aðalatriðin á einum stað

Á ráðstefnum og fundum er oft mikið upplýsingaflæði og því getur verið gott að hafa meðferðis tæki, tól og hluti sem hjálpa til við að halda utan um það mikilvægasta. Far- og lófátölvur af ýmsu tagi hafa notið vinsælda en þær geta geymt mikið magn upplýsinga, hvort sem um er að ræða hljóðupptökur, glósur, minnispunkta eða annað. Skrifblokkin stendur þó líka fyrir sínu og ýmsar lausnir eru til sem halda utan um og skipuleggja dreifibréf og pappírsgögn af ýmsu tagi.



Fyrir skipulagsóða. Merkipílur til að setja inn í bækur og bæklinga á mikilvægum stöðum. Fæst í Eymundsson. Verð 300 krónum.

Áherslu-pennar með merkiflipum til að merkja mikilvægar síður. Ætti að tryggja að aðalatriðunum verði haldið til haga. Fæst í Eymundsson á 360 krónum.



iPod touch heldur meðal annars utan um upptökur og minnispunkta. Með því að nota VNotes-forrit og hljóðnema má breyta iPod í upptökutæki. Þá er hægt að hlusta á fyrirlestra og fundi í iTunes í tölvunni eða beint úr iPodinum sjálfum. Eins er hægt að setja inn skriflega minnispunkta og aðrar upplýsingar. Verð frá 36.900 kr. í Apple-búðinni.



fundir, ráðstefnur, hópefli

fundir - ráðstefnur - gleði - glaumur - dekur - matur - dans - veislur - árhátíðir - fermingar - ættarmót - re-union - óvissuferðir - afmæli

Árshátíðarævintýri okkar vinsæla

Hvernig væri að bregða undir sig betri fætinum, skreppa út fyrir borgarmörkin og eiga frábært kvöld, þar sem dekrað er við ykkur í mat og drykk.

Árshátíðarpakkar á frábæru verði sem erfitt er að standast. Innifalið í verði er glæsilegur kvöldverður, dansleikur og rútuferðir. Fjórir glæsilegir salir - allt að 350 manns. Þjóðum alla hópa velkomna stóra sem smáa, að eiga frábært kvöld í faðmi fjalla... þar sem ævintýrin gerast!

Sérsmíðið að ykkar óskum



Spennandi umhverfi - frábær þjónusta...

þarft þú að þjappa starfsfólkinu saman og efla starfsandann? Frábær aðstaða fyrir smærri og stærri hópa. Endalausir möguleikar í náttúruparadís í faðmi fjalla. Í aðeins 30 km fjarlægð frá Reykjavík er náttúruperlan Hveradalir, en þar á einu virkasta hverasvæði landsins stendur Skíðaskálinn. Hvort sem halda á fund, ráðstefnu eða árhátíð er Skíðaskálinn í Hveradölum tilvalinn staður. Útvegum allan búnað, aðgangur að þráðlausri internettingu, frábær þjónusta, ljúffengur matur og endurnærandi umhverfi. Þjóðum árshátíðarpakka fyrir stóra og smá hópa á frábæru verði. Matur, dansleikur, rútuferðir...



Skíðaskálinn í Hveradölum
www.skidaskali.is - Netfang: skidaskali@skidaskali.is
Pantið tímanlega - s. 567 20 20



**Komdu
nordur!**



Matur



Verslun



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.


Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · GLUGGAR · HURÐIR · GLER · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU



565 0000



LENGDU SUMARIÐ ...

Glerborg PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING
- 10 ÁRA ÁBYRÐ Á PVC-U VÖRUM
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI



GLERBORG PGV

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 | Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 | Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804

trúss sitt við kemur í ljós að hann villtist inn á leikhúsfjalirnar fyrir tilviljun. „Ég get nú ekki sagt að ég hafi alltaf ætlað mér að verða leikari þótt ég hafi alltaf haft áhuga á athygli og kunnað vel við hana,“ segir hann og bætir þeirri sjálf-sögðu skýringu við þetta að hann sé „náttúrulega miðjubarn“.

„Ég slysaðist í raun út í þennan bransa þegar ég fór fyrir tilviljun í inntökuprófin með vini mínum sem ætlaði í Leiklistarskólann.“ Þessi tilviljun virðist þó, eftir á að hyggja, síður en svo hafa verið út í bláinn þegar horft er til glæsilegs ferils Ólafs Darra á sviði og í kvikmyndum. Leikarinn segir efann þó hafa sótt að sér.

„Ég hef kannski aldrei efast um að þetta starfsval. Ég hef ef til vill frekar efast um hæfni mína eða að ég gæti orðið nógu góður. Á þann hátt hef ég efast og ég held að það sé eðlilegt. Þegar maður er að fást við leiklist, er mikilvægt að hafa sjálfstraust en einnig er mikilvægt að naflaskoða sjálfan sig og velta fyrir sér hvort maður sé að gera nóg, gera vel og leggja sig allan fram.“

Ólafur Darri útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1998 og hefur haft nóg fyrir stafni síðasta áratuginn. „Ég hef verið ótrúlega heppinn og oft verið réttur maður á réttum stað. Ég trú á heppnina en hún dugar ekki ein og sér. Maður verður að leggja hart að sér og ég hef reynt að gera það. Ég hef líka verið heppinn að fá að vinna með mörgum frábærum leikstjórum og leikhópnum mínum, Vesturporti.“

Passar ekki í öll hlutverk

Þegar Ólafur Darri er spurður að því hvort hann telji að vöxtur hans og líkamsbygging hafi haft áhrif á í hvaða hlutverk hann hefur valist segir hann það að vissu leyti liggja í augum uppi. „Það náttúrulega liggur í hlutarins eðli að það er erfðara fyrir mig að leika sum hlutverk frekar en önnur. Mér finnst ég aftur á móti hafa verið ótrúlega heppinn og oft fengið hlutverk sem ég var ekki líklegasti kandídatinn við fyrstu skoðun. Mér finnst mjög skemmtilegt að þetta hefur gerst aftur og aftur. Ég hef fengið að leika unga strákinn og gamla karlinn og miðaldra konuna og allt þar á milli. Ég get ekki verið annað en þakklátur fyrir það. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ég passa ekkert í öll hlutverk. En stundum er gaman að ögra sjálfum sér og auðvitað finnst mér sem leikara spennandi að fá hlutverk sem passar mér ekki við fyrstu sýn. Enginn vill festast í því að leika bara einhverja eina ákveðna típu. Mér finnst ég sem betur fer ekki hafa lent í því þótt það þýði ekki að ég hafi aldrei endurtekið mig enda kemst varla nokkur leikari hjá því. Ég reyni samt alltaf að ögra mér og fara í mismunandi áttir. Reyni maður að gera það af einlægni og heilindum þá ætti manni að ganga vel,“ segir hann.

Alltaf í sporum annarra

Ólafur Darri segir erfitt að svara því hvernig hann nálgist þær persónur sem hann túlkar. „Eitt sinn var mér sagt að ég ætti auðvelt með að setja mig í spor annarra. Vonandi er það rétt og ég held að það hafi reynst mér best. Ég held það sé óhætt að segja að ég hafi mikinn áhuga á fólki. Áhuga á að sjá hvað fær fólk til að gera hluti sem maður átti ekki von á. Aðalatriðið er að dæma ekki fólk. Starf mitt er stórkostlegt vegna þess að í hvert skipti fæ ég að setja mig



í fótspor einhvers annars,“ segir Ólafur Darri sem fólk getur til dæmis séð þessa dagana sem hippa og rannsóknarlögreglumann. Þessa dagana er hann svo sjómaður við tókur á Brimi og í haust mun gerbreyttur og grannur Ólafur Darri mæta fyrir framan tókuvélarnar þegar hann breytir sér í reiða bloggarann Bödda.

bergthora@365.is



Hann segist oft hafa verið réttur maður á réttum tíma og hann trúir á heppnina.

Öll flottustu merkin

- Red Herring
- Maine
- J.Taylor
- Babbleboom
- Ted Baker
- Ticket to Heaven
- 66°N
- Tigerlilly
- Collection
- Collection Petite
- Casual Club
- John Rocha
- Jasper Conran
- Julian Mc Donald
- Betty Jackson
- Mexx
- Esprit Collection
- Esprit Casual
- Esprit EDC
- Cottonfield
- Jackpot
- Pilgrim
- Part Two
- Gerry Weber
- Turnover
- Solid
- Tamaris
- Bruuns Bazaar
- Imperial
- InWear
- Deca
- BZR
- IKKS
- Matinique
- Gardeur
- Finucci
- Polo frá Ralph Lauren
- BOSS
- Sand
- Oasis
- Jane Norman
- Sisley
- Wallis
- Warehouse
- Park
- Friis & Company
- Femilet
- Triumph
- Mac
- Estee Lauder
- Clinique
- Shiseido
- Lancome
- Helena Rubenstein
- Biotherm
- Origins
- Kanebo
- Clarins

Hvað fer þér vel?

Stílistar veita ókeypis ráðgjöf

10% afsláttur

Persónulegur stílisti veitir viðskiptavinum ókeypis ráðgjöf í Debenhams. Pantaðu tíma og fáðu góð ráð hjá fagfólki við að finna þinn eigin stíl. Leggðu grunn að "hinum fullkomna fataskáp".

Þeir sem bóka tíma hjá stílista 3. - 6. apríl fá 10% afslátt af þeim vörum sem þeir kaupa hjá honum. Auk þess geta þeir átt von á veglegum vinningi, 20.000 kr. gjafabréfi í Debenhams.

Hringdu í síma 522 8000 eða komdu í verslunina til að panta tíma. Stílistar eru líka fyrir herrana.

Debenhams er langstærsta verslun með hágæða tískuvöru á Íslandi og þar fást öll helstu merki tískuvöru í heiminum í fatnaði, snyrtivörum og fylgihlutum.


DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
BÖRN - HERRAR - KONUR - HEIMILI - SNYRTIVÖRUR

tíska

ferskleiki dagsins í dag



MED SLAUFU UM HÁLSINN

Hálsmen frá versluninni KVK sem lífgar heldur betur upp á tilveruna.

GLÆSILEGIR OG GEGGJADIR

skór frá versluninni Karen Millen.

Blómstrandi rómantík

Blómaknúppar opnuðust og birtust í allri sinni dýrð þegar vor- og sumartískan var kynnt á haustdögum en blómamunstur verða áberandi í sumar. Blóm sumarsins verða af öllum stærðum og gerðum. Munstrin eru allt frá því að vera mjög fínleg út í það að vera grófar blómaskissur og ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Eitt er víst að blómin stór og smá gefa góð fyrirheit og blása ferskum vindi og örlítilli eftirvæntingu í íslenska sumarið sem bíður okkar handan við hornið.

bergthora@365.is

1. Blómattoppar frá versluninni Topshop.
2. Snyrtibudda frá versluninni KVK.
3. Rómantískur sumarkjöll frá Warehouse.
4. Geggjaður toppur frá Topshop.
5. Stuttbuxur sem færa sól og sumaryl frá versluninni Topshop.
6. Balenciaga, vor/sumar 2008.
7. Eley Kis-himoto, vor/sumar 2008.



Dömu- og herrafatnaður

KARNIVAL

Ódýrt

Gerðu bestu kaupin hér

Erum sífellt að bæta við nýjum vörum

MISS SIXTY DIESEL Sparkz G-STAR Mess LLOYD

modstrom las lolitas billi bi BRONX SAMSÖE SAMSÖE [nymph]

Alt að 80% afsl

Opið virka daga 11-18 • laugardag 11-18 • sunnudag 13-17
DJ með lifandi tónlist • Egils Appelsín í boði fyrir þyrsta

galleri
húsið • Laugavegi 91

CENTRUM OS SKÖR gallerisautlön



what Vintage are you?

heimma

gleði og glysgjörn húsráð

VIÐ ELSKUM

Innanhússarkitektinn India Mahdavi. Hún hefur hannað aragrúa af heimilum, hótélum og veitingastöðum ásamt því að vera með eigin hönnun í framleiðslu. Ef þú átt leið um París skaltu kíkja við hjá henni og skoða dýrðina. Á myndinni má sjá hótelið Avenida Veracruz í Mexíkó en India hannaði innviði þess.



Kirsuberjatréð kosin besta búðin í Bolig

Íslensk hönnun hrífur Dani

Í nýjasta hefti danska húsbúnaðarritsins, Bolig, sem kemur út í dag er grein um bestu verslanirnar í nokkrum stórborgum. Blaðið velur í nokkrum löndum eina verslun sem skarar fram úr og var Kirsuberjatréð á Vesturgötu 4 valin besta verslunin í Reykjavík. Þetta er mikill heiður fyrir eigendur verslunarinnar en hún er rekin af ellefu listakönnum sem selja hönnun sína í versluninni og skiptast á að vinna í búðinni. Arndís Jóhannsdóttir, ein af eigendum Kirsuberjatrésins, segir að þetta hafa komið þeim skemmtilega á óvart.



Kirsuberjatréð á Vesturgötu. Húsið er sögufrægt en í því hefur verið verslunarrekstur í 120 ár samfleytt.

„Við fréttum bara af þessu þegar blaðið barst í pósti til okkar. Það er gaman að fá svona viðurkenningu frá Dönum því þeir eru svo framarlega í allri hönnun en við höfðum ekki hugmynd um að þeir væru að fylgjast með okkur,“ segir hún og hlær. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem verslunina ber á góma í erlendum hönnunartímaritum því oft og tíðum hafa erlendir ferðamenn heimsótt verslunina með úrklippur sem þeir

hafa séð í blöðum. „Erlendi kunnahópurinn okkar er að verða svólítið stór og sumir koma aftur og aftur í verslunina til okkar,“ segir Arndís og bætir því við að erlendu ferðamönnum finnst merkilegt að listamennirnir sjálfir afgreiði í búðinni. Þegar hún er spurð að því hvort útnefningin hafi einhverjar breytingar í för með sér segist hún ekki vita það. „Ég hef ekki hugmynd. Það breytir að minnsta kosti ekki því sem við erum að gera. Þetta er fyrst og fremst mikill heiður,“

segir hún alsæl. martamaria@365.is



Aprílhefti danska húsbúnaðarritsins Bolig.

Rendur í anda Pauls Smith eiga klárlega upp á pallborðið þessa dagana:

Hver röndóttur!

Eftir allan minimalismann er farið að bera á hlýlegri straumum í innanhússhönnun. Nýjasta nýtt eru rendur. Það dugur eflaust einhverjum að eiga einn röndóttan púða en þeir sem lengra eru komnir vilja röndótt húsgögn, röndótt handklæði, röndóttar mottur og röndótt veggfóður. Hönnuðurinn Paul Smith er frægur fyrir rendurnar sínar og nú er hægt að kaupa röndótt áklæði frá honum og láta yfirdekkja húsgögnin sín í þessum háklassastíl. Verslunin Epal selur efni frá Paul Smith og er hægt að sérpanta þau í versluninni. Einnig er gott úrval af röndóttum efnum hjá Bólstraranum á Langholtsvegi en hann flytur líka inn veggfóður sem eru að slá í gegn þessa dagana. Auðvitað er ekki fallegt að hafa margar tegundir af röndóttu í einu herbergi en röndóttur stóll eða röndóttur veggur lyftir heimilinu yfir hæstu hæðir.

- mmj

Handklæðin frá Marimekko eru röndótt og smart.



Stóll Hans J. Wegner í Paul Smith áklæði er fánlegur í Epal.

Sófi frá Fritz Hansen yfirdekkur í Paul Smith áklæði. Hann er hægt að sérpanta í Epal.

Röndótt efni frá Bólstraranum á Langholtsvegi.



iRobot ehf.

Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • irobot.is

- Þú ferð í vinnuna og hún er búin að ryksuga þegar þú kemur heim
- Hún eldar kanski ekki, en hún ryksugar á meðan þú eldar
- Þú þarft ekki að ryksuga, hún sér alveg um það daglega
- Hún ryksugar fyrir þig og elskan þín kvartar ekki



...ég hreinlega **Elska** hana
Ert þú búin að fá þér eina?

Fæst hjá: Byko um land allt, Max Kaupúni og Holtagörðum, Byggt og Búið, Heimilistæki, Ormsson Smáralind, Ljósjafinn Akureyri, Ormsson – Model, Krákur ehf verslun, Rafsjá fasteignir ehf, ArvirkinnSelfossi, Tölvuþjónusta Vals,

Vandaðir leður Lúxus-hæginda

sófar

með stillanlegu baki og skemli Frábærir sjónvarps-sófar.

- 2 sæti m/borði Verð kr. 175.000.-
- 3 sæti m/2 borðum Verð kr. 273.000.-
- 4 sæti m/2 borðum Verð kr. 336.000.-

Litir: Brúnt og hvítt



Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

Val húsgögn

Ármúla 8 • 108 Reykjavík
Símar 581 2275 • 568 5375

GÍTARLEIKARARNIR

HLÝLEGUR GAMANLEIKUR

EFTIR LINE KNUTZON LEIKSTJÓRI HILMIR SNÆR GUÐNASON
TÓNLIST BJÖRN JÖRUNDUR FRÍÐBJÖRNSSON

Lau.	05. apr.	kl. 20	UPPELST
Sun.	06. apr.	kl. 20	UPPELST
Lau.	12. apr.	kl. 20	UPPELST
Sun.	13. apr.	kl. 20	UPPELST
Lau.	19. apr.	kl. 20	UPPELST
Sun.	20. apr.	kl. 20	
Lau.	26. apr.	kl. 20	
Sun.	27. apr.	kl. 20	

Hvað gerist þegar fjórir aðdáendur nýlátins trúbadors hittast til þess að skipuleggja minningartónleika? Skiptir það máli hvort lagið **Sokkinn í Skuld** er fyrsta lag á programminu, eða er betra að byrja á **Ríka svínið skal láta lífið 2?**

Line Knutzon hefur einstakt lag á að gæða hversdagslegar samræður persóna sinna finlegri kímni, en varpa um leið fram tilvistarlegum spurningum með einfaldleika sínum.

Leikarar Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Halldór Gylfason, Hanna María Karlsdóttir og Jóhann Sigurðarson.

Hljóð Guðmundur H. Viðarsson **Leikgervi** Elín Gísladóttir
Ljós Halldór Örn Óskarsson **Leikmynd og búningar** Helga I. Stefánsdóttir

MIÐASALA
HAFIN



bland

í gær og á morgun ...

Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri og dramatúrg

Kanínulampinn sem ég fékk í brúðargjöf er mér afar kær, hann fylgdi okkur til London þegar við vorum búsettar þar, gefur allt af réttan yl inn í tilveruna.



Armbandsúr sem ég erfði frá móðurömmu minni, þetta úr er tenging inn í annan tíma og það að ég þurfi að trekkja það reglulega finnst mér fallegt.



2CK-tengið mitt, tengihúsið er nikkelhúðið og ver gegn rafsegulbylgjum, vætu og ryki, en er auk þess afar álagsþolið og hentar því vel fyrir tölvustrengi með hámarksútbreiðsluhraða. Gert er ráð fyrir allt að sextán tengingum og því hægt að nota fjöltengið til samræsingar, jarðtengingar eða til þess að tryggja stöðuga spennu.



Fartölvan mín sem geymir nánast allt í lífinu mínu, myndir, tónlist, verkefni sem ég er að vinna að og svo margt annað sem er mér mikilvægt og kært.

FÖSTUDAGUR

Nemar á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands verða með tiskusýningu á Apótekinu þar sem upprendandi fatahönnuðir sýna hönnun sína. Tiskusýningin hefst á slaginu níu.



SUNNUDAGUR

Óperan Cosi fan tutte eftir W. A. Mozart verður frumsýnd í Íslensku óperunni kl. 20.00 en það er Ágústa Skúladóttir sem leikstýrir óperunni, Miðaverði sýningarinnar er stillt í hóf og kostar miðinn aðeins 1.000 kr. Fullkominn endir á helginni.



Spil, ég er í briddsklúbbnum BOB sem er merk sveit kvenna sem kann að vera á hættunni. Við ferðumst saman um Suður-Ameríku og spiluðum bridds út í eitt, ekki hægt að eiga sér betra áhugamál, þegar spilin eru munduð þá gleymist allt annað.



Heimasíminn minn er rosalegur Dallas-sími, hann er svona flott ljótur, er mikil símakona, elska að hanga símanum.



Eilíf lukka, konan mín gaf mér þetta hálsmeni í morgungjöf, þetta er tákn frá Flippseyjum sem merkir eilífa lukku, ég er afar hjátrúarfull þegar kemur að þessu hálsmeni og tek það nánast aldrei af mér.



Sá Ljóti, handrit að leikritinu sem á huga minn allan þessa dagana, ég er að leikstýra Þeim Ljóta og handritið fer með mér nánast hvert sem er þessa dagana, útkrotað og þvælt. Við frumsýnum 5.apríl í Þjóðleikhúsinu og það verður geðveikt!

Giftingarhringurinn minn, þennan hring dró Kata, konan mín á fingur mér 26. ágúst 2006. Tek hann aldrei af mér.



Rafmagnsgítarinn minn, ég keypti þennan flotta gítar í Argentínu þegar ég var þar á bakpokaferðalagi, það er gott sánd í honum og mér líður vel þegar ég spila á hann.



Sá ljóti

eftir Marius von Mayenburg
Leikstjóri: Kristín Eysteinsdóttir

Frumssýning á Smíðaverkstæðinu 5. apríl

www.leikhusid.is



SONY

like.no.other™



Full HD
1080



DVD safnið þitt í nýju ljósi

Með háskerpusjónvarpi og DVD spilara með upscaling blæstu nýju lífi í kvikmyndasafnið þitt.
Komdu í Sony Center og upplifðu muninn - taktu þína uppáhalds DVD mynd með þér!



KDL-40D3550
40" BRAVIA Full HD LCD sjónvarp
Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari
249.990



DVP-NS78
Sony DVD spilarari með upscaling í 1080p
Precision Drive 3 • 720p/1080i/1080p upscaling
HDMI tengi • Component tengi
Coax stafrænn hljóðútgangur
12bit/108mhz D/A breytir
Fæst silfurlitaður og svartur
9.990*
Ef keyptur með sjónvarpi. Venjulegt verð 19.990

www.sonycenter.is

Kringlan
103 Reykjavík
588-7669
info@sonycenter.is

Sony Center



NÝR OG BREYTTUR CAFÉ OLIVER

Nýr 100 rétta matseðill & eldhúsið
opið til 01.00 á fimmtudags
föstudags & laugardagskvöldum

Ný heimasíða
www.cafeoliver.is

p.s. þökkum þeim 1150 manns sem komu kvöldið 3 apríl til okkar á Oliver...

Takk

OLIVER
BAR · CAFÉ · GRILL

SMÁAUGLÝSINGAR

Alspá
445 5000 & 823 8280
 Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. Visa Euro Masters. Opíð 12-24. www.spamidlun.com

Spásíminn 908 5666. Stjórnsþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening-ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

661 3839 - Símaspá
 Fast verð. ATH. stgr. Eingöngu fyrir fr. pantaðir teknir. Opíð virka daga 17-23 og um helgar 13-23.

Símaspáin.
 Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908-6414 (199 mín.) 553-5395 (173 mín. Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar
 Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
 Sími 893 1733
Jón Jónsson
 Löggitur rafverktaki
 www.raflagnir.is

RafList
Löggildir rafverktakar
 Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna, og fagleg ráðgjöf.
 Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.
 www.raflist.is

Trésmíði
Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu á heimilum
 S.s. flísalagnir, parketlagnir og málun, uppsetningu á gipsveggjum, spórslun ofl.
 Uppl. í s. 844 0889 & 661 3192.

Smiðir geta bætt við sig verkum í parketi, innréttingum, gipsi, sólpöllum og uppslætti fyrir fyrirtæki og einstaklinga. S. 663 6692.

Gluggasmíði
 Tek að mér glugga og hurðasmíði. Vandaðir gluggar. S. 696 9825.

KEYPT & SELT

Til sölu

Frábærar fermingargjafir!
„Line Knutzon hefur einstakt lag á að gæða hversdagslegar samræður persóna sinna finlegri kímni, en varpa um leið fram tilvistarlegum spurningum með einfaldleika sínum,“ segir í fréttatilkynningu Leikfélagsins. Knutzon er talin eitt merkilegasta og frumlegasta leikskáld Dana á okkar tímum. Skemmst er að minnast uppsetningar LR á verki hennar Fyrst er að fæðast fyrir nokkrum árum.



LEIKLIST Fríður hópur í góðum gervum.

MYND/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR/SIGFÚS

Dá eru leikararnir í sviðsetningu Hilmis ekki af verri endanum: Jóhann Sigurðarson og Hanna María Karlsdóttir hafa verið í fremstu línu leikara síns aldurs hóps um árabil, en hér reynir á kunna sönghæfileika þeirra. Halldór Gylfason þekkja allir en færri kannast við Aðalbjörg Þóru Árnadóttur en hún hefur verið iðin á sviðum Borgarleikhússins í vetur. Hún tók þátt í uppsetningu á verki Anthony Neilson, Lík í óskilum, á

Litla sviðinu fyrr í vetur auk þess sem hún túlkar Lóru í ævintýrinu vinsæla um spýtustrákinn Gosa í leikgerð Karls Ágústs Úlfssonar.

Hljóð sér Guðmundur H. Viðarsson um, leikgervi gerir Elín Gísladóttir, Halldór Örn Óskarsson lýsir leikmynd Helgu I. Stefánsdóttur sem sér einnig um búainga, en þjóandi er Sigurður Hróarsson. Nýja tónlist og texta vann Björn Jörundur Friðbjörnsson að ósk leikstjórans.

- pbb

Skellibjöllur fara á kreik

Í gær var frumsýnt nýtt íslenskt leikrit í Kúlunni, leikhússal Þjóðleikhússins, fyrir börn á öllum aldri. Reyndar eru aðalpersónur verksins gamlir kunningjar barna og foreldra. Skoppa og Skrýtla hafa verið á ferðinni reglulega um nokkurra ára skeið, en þær snúa nú aftur í nýrri leiksýningu.

Leiksýning þeim helguð naut mikilla vinsælda á síðasta ári í Þjóðleikhúsinu og var tilnefnd til Grímuvörðlauna sem besta barnasýningu ársins. Þær stóllur Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir fóru víðar með sýninguna: Evrópa, Ameríka og Afríka nutu heimsóknna þeirra. Time Out í New York valdi gestasýningu þeirra eina athyglisverðustu barnasýningu ársins þar í borg.

Í sýningunni, sem frumsýnd var í gær, fá þær Skoppa og Skrýtla liðsauka en sex ungar dansarar slást í hópinn sem fer víða um lönd og höf. Þær eru aldrei kyrrar. Verða margar persónur á vegi þeirra en sýningin er ætluð ungum áhorfendum og hugsuð sem kenna í því að í leikhúsi getur allt gerst.

Þórhallur Sigurðsson settur verkið á svið en höfundurinn er Hrefna Hallgrímsdóttir, búainga gerir Katrín Þorvaldsdóttir og tónlist er eftir Hall Ingólfsson. Sýningar verða áfram í Kúlunni en fara örugglega á kreik fyrst þær stóllur ráða ferðinni.

- pbb



FÖSTUD. 4. APRÍL KL. 20 OG LAUG. 5. APRÍL KL. 16 OG KL. 20
SÖKNUDUR - TÓNLEIKAR Í MINNINGU VILHJÁLMS VILHJÁLMSÓSSONAR. UPPSELT!

SUNNUD. 6. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR OG HRÖNN ÞRÁJNSDÓTTIR. FRUMRAUN Í TÍBRÁ!

ÞRIÐJUD. 8. APRÍL KL. 20
SÖNGUR, FÍÐLA, PÍANÓ BRAGI BERGPÓRSSON, ELFA RÚN OG KRISTINN ÖRN KRISTINSSON. TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS!

MÍÐVIKUD. 9. APRÍL KL. 20
KLARINETT OG PÍANÓ VÍDIR SMÁRI PETERSEN. BURTFARARPRÓF FRÁ TRÍ!

FIMMTUD. 10. APRÍL KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI.

BYR SPANILJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS



LEIKLIST Skoppa og Skrýtla í góðum gr.

KOMMÚNAN
Fimmtudagur 03. apríl
Föstudagur 04. apríl
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST Í samstarfi við Vesturport
30. mars - uppselt 17. apríl
3. apríl 18. apríl
4. apríl 23. apríl
10. apríl 24. apríl
11. apríl
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

5125050
Auglýsingaheiti

HVERS \$ VIRÐI € ER ÉG?

NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Hellisbúinn síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?**
Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga.
Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.



SÝNINGAR

Þri	15/4	Forsýning - uppselt	kl. 20
Mið	16/4	Forsýning - uppselt	kl. 20
Fös	18/4	Frumssýning - uppselt	kl. 21
Lau	19/4	Uppselt	kl. 19
Lau	19/4		kl. 21
Fös	2/5		kl. 19
Fös	2/5		kl. 21
Lau	3/5		kl. 20
Lau	3/5		kl. 22
Fös	16/5		kl. 19
Fös	16/5		kl. 21
Lau	17/5		kl. 19
Lau	17/5		kl. 21



Sýnt í Salnum Kópavogi

Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr.
Helmingsafsláttur fyrir viðskiptavini Byrs ef keypt er í miðasölu í Salnum.

ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.

TP
THORSSON
PRODUCTIONS

BYR
SPARISJÓÐUR



R.E.M.



TAPES 'N TAPES

> Í SPILARANUM

R.E.M. - Accelerate
The Raconteurs - Consolers of the Lonely
Númer núll - Lykill að skirlífsbelti
Karl Örvarsson - Vantage Point (tónlist úr kvikmynd)
Tapes 'n Tapes - Walk It Off

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Ballaðan Billie Jean

„Hans útgáfa er allt öðruvísi. Hann „strömmar“ þetta eins og þetta sé ballaða en ég er að spila þetta nótu fyrir nótu á kassagítarinn,“ segir Pétur Ben, spurður um útgáfu Chris Cornell á Michael Jackson-laginu Billie Jean.

Nýverið kvartaði Cornell yfir flutningi Idol-keppanda á laginu sem var nákvæmlega eins og á plötu hans Carrie On, sem kom út í fyrra. Þótti honum ósanngjarnnt að Idol-keppandinn hefði



PÉTUR BEN Tónlistarmaðurinn Pétur Ben segir að útgáfa hans og Chris Cornell séu afar ólíkar.

taka þetta lag, ég á engan einkarétt á því,“ segir hann.

fengið nánast allan heiðurinn af útgáfunni í þættinum.

Útgáfa Péturs, sem er einnig í rólegri kantinum, hefur verið til á Youtube síðan í lok ársins 2006 en útgáfa Cornells kom ekki út fyrir en hálfu ári seinna. Pétur stórefast samt um að Cornell hafi heyrt útgáfu sína enda séu þær ákaflega ólíkar. „Það má hver sem er



> Plata vikunnar

Sam Amidon - All is Well

★★★★

„Margbrotn plata þar sem eðli mannskepnunnar sjálfrar er lýst með sögum fortíðar en sjónarhorni nútímans.“

SHA



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

Coxbutter er málið í kreppunni

Það verður sífellt algengara að tónlistarmenn fari óhefðbundnar leiðir í plötuútgáfu. Undanfarnir ár hafa sprottið upp MP3-útgáfur sem dreifa tónlist alfarið í gegnum Netið. Það hefur ekki farið mikið fyrir slíkri starfsemi hérlendis það sem af er, en í desember sl. var stofnuð ný íslensk plötuútgáfa, Coxbutter, sem er þegar búin að gefa út fimm plötur.

Coxbutter sem hefur slóðina www.coxbutter.com er hugarfóstur Class B og Didda Fel úr Forgotten Lores og hönnuðarins Ægis Æx sem einnig kallar sig Chillus Maximus. Coxbutter-síðan er bæði flott og notendavæn.

Þú velur þér plötu úr útgáfulistanum og halar niður zip-skrá sem inniheldur bæði lögin og fullhannað umslag með framhlið og bakhlið. Allar útgáfur Coxbutter eru ókeypis og standa öllum til boða.

Eins og áður segir eru þegar komnar fimm plötur frá útgáfunni. Cox001 er Hvernig rúllar þú? með Didda Fel & G. Maris, Cox002 er Rest of 2000–2007 (Rare, Unreleased & Remixes) með ofursveitinni Forgotten Lores. Á henni eru 27 lög. Cox003 er Rácksta Vibes með Earmax, Cox004 er Upset EP með Class B og nýjasta afurðin sem kom út um síðustu helgi er stuttskífan Veturmær með listamanni sem kallar sig Neðanjöður.

Nú eru kannski ekki eintóm meistarastykki á þessum fimm plötum, en inni á milli leynast frábær lög og meðalgæðin eru síst minni en hjá öðrum íslenskum útgáfufyrirtækjum. Það verður líka að teljast helvíti öflugt að hafa gefið út fimm plötur á innan við fjórum mánuðum. Frábært framtak fyrir tónlistarunnendur og sannkölluð himnasending í kreppunni.

Einhverjir kunna að hafa efasemdir um viðskiptamódelið. Er eitthvað vit í að hafa þetta allt ókeypis? Þeir Coxbutter-liðar hafa að sjálfsögðu velt þeirri spurningu upp. Og svara því á síðunni: „Við viljum meina að auður eigi sér margar birtingarmyndir og þar sem ekki er hægt að afla fjár megi græða á fleiri vegu. Að skapa sér nafn, að ná eyrum fólksins, að eignast aðdáendur eru þættir sem eru tónlistarmanninum nauðsynlegir til að skapa honum og tónlist hans hljómgrunn.“

„Sextán og þú skalt sjá mig í bíó...“
- 16. Grafík, Höf: Helgi Björnsson

Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is

Sumarið kemur frá Ástralíu

Hvaða hljómsveit verður einkennandi fyrir sumarið 2008, líkt og Justice, Hot Chip og Gnarl Barkley hafa verið hin fyrri sumar? Margir vilja nefna Hercules & Love Affair og Vampire Weekend en Steinþór Helgi Arnsteinsson er með nýja tillögu. Sumarpartíflingur ársins kemur frá Cut Copy í Ástralíu.

Þótt hljómsveitin Cut Copy hafi ekki mikið verið á milli tannanna á tónlistarspekúlöntum fyrr en nú hefur sveitin verið starfandi allt frá árinu 2001 og er í raun ein af mikilvægustu hljómsveitum hinnar alræmdu neu-rave bylgju. Frumburður Cut Copy, platan Bright Like Neon Love frá árinu 2004, var ein af þeim fyrstu sem höfðu hressilega reif- og '80-nostalgíu í fyrirrúmi og lagði þar með línurnar. Titill plötunnar segir kannski allt sem segja þarf um boðskap Cut Copy.

Framúrskarandi plötufyrirtæki

Bright Like... kom út hjá ástralska plötufyrirtækinu Modular. Fyrirtækið hafði fyrst slegið í gegn árið 2001 með útgáfu Since I Left You með Avalanches. Modular byrjaði þá að stækka við sig og varð fljótt leiðandi í neu-rave bylgjunni með The Presets, New Young Pony Club, Van She, Midnight Juggernauts, Muscles og auðvitað Cut Copy í fararbroddi. Í dag er því engum orðum ofaukið þegar Modular er sagt með áhugaverðustu plötufyrirtækjum heimsins.

Vinsælir spaðar

En að Cut Copy aftur. Áhrif Bright Like... komu hægt og rólega upp á yfirborðið og fljótlega voru piltarnir þrír í sveitinni vinsælir í hvers kyns endurhljóðblandanir og einnig sjálf lögin á plötunni. Var sveitin meðal annars fengin til að setja saman mix-disk fyrir Fabric-klúbbinn í London.

Cut Copy snýst samt meira eða minna í kringum einn mann, Dan Whitford að nafni. Hefur hann að mestu staðið einn á bak við nafnið Cut Copy og sér að mestu um lagasmíðar, endurhljóðblandanir og þess háttar.

Tónlistarhjarntað á réttum stað

Ekki verður annað sagt en að mikil eftirvænting ríki eftir nýju plötunni, In Ghost Colours. Fyrstu smáskífulög plötunnar, So Hunted og Hearts on Fire, vöktu strax verðskuldaða athygli og mikið hefur verið ritað um Cut Copy í stóru tónlistarmíðlunum síðan þá.

Þrátt fyrir að tengslin séu augljós við neu-rave bylgjuna sem farið hefur nokkuð halloka að undanförunni virðist það ekki hafa neikvæð áhrif á Cut Copy. Sveitin setur líka tilfinningu fyrir



CUT COPY Þessir áströlsku strákar eiga eftir að verða áberandi í sumar.

andrúmslofti á oddinn og leitast minna við að ná í einhvern hippstera- eða tískuvitastimpil.

Frábær upptökustjóri

Hljómsveitin fékk engan smá andrúmslofts- og partísmið til þess að hjálpa sér við gerð plötunnar. Enginn annar en Tim Goldsworthy úr DFA-genginu (sem á að baki plötur með The Rapture, LCD Soundsystem, Prinzhorn Dance School, Juan MacLean og nú síðast Hercules & Love Affair auk margra bestu remix-laga áratugarins) var fenginn á takkana og virðist hann hafa fallið eins og flís við rass áströlsku kumpánanna.

In Ghost Colours kom út fyrir stuttu í Ástralíu þar sem hún fékk fádæma góðar viðtökur og hoppaði beint á topp sölulistans þar í landi. Á næstunni kemur platan síðan út um allan heim. Fyrir þau ykkar sem nennið ekki að bíða eftir komu sumarsins er hægt að hlusta á alla nýju plötuna inni á myspace.com/cutcopy.

Á smáskífu vikunnar hjá iTunes

Sænska hljómsveitin Petter and the Pix, með Petter Winnberg, fyrrverandi liðsmanni Hjalma, um borð, á smáskífu vikunnar á heimasíðu iTunes í Bretlandi. Um er að ræða lagið Nevermind sem er að finna á fyrstu plötu sveitarinnar, Easily Tricked, sem kom út hjá iTunes á mánudag. Platan sjálf er síðan væntanleg í geisladiskaformi í Bretlandi eftir tvær vikur.

„Við höfum tekið eitt skref í einu í þessu verkefni og núna eru nokkrar bókunarskrifstofur í Bretlandi undir smásjóni sem eru áhugasamar,“ segir Stephan Stephensen hjá Jóni Jónssyni, sem sér um umboðsmál Petter and the Pix. „Allir sem hafa fengið þessa plötu fíla hana svo vel. Við sjáum hvað gerist í framhaldinu með þessa útgáfu í Bretlandi. Næsta skref verður tekið í samstarfi við breska samstarfsmenn okkar,“ segir hann.

Easily Tricked kom út hérlendis í lok ársins 2006 á vegum Pineapple Records og fékk hún góðar viðtökur gagnrýnenda.



PETTER WINNBERG Fyrrverandi liðsmaður Hjalma hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu hjá iTunes í Bretlandi.

ÚTSÖLU MARKAÐUR SKÍFUNAR SKEIFUNNI 17

Geisladiskar, DVD og leikir á frábæru verði

OPIÐ
FÖSTUDAG
11-18



499kr

MIKID MAGN AF DVD FRÁ



1999kr

PC LEIKIR



499kr

MIKID MAGN AF CD FRÁ



1999kr

PS2 LEIKIR



999kr

EYE TOY CAMERA FYLGIR



999kr

TÖLVLEIKIR PSP & PC FRÁ



> ÓÁNÆGÐ MEÐ SONINN

Mörg konan gladdist þegar David Beckham fletti sig klæðum í auglýsingaherferð fyrir nærfatnað. Móðir fótboltafjórðunnar var ekki ein þeirra. „Þegar myndirnar birtust varð hún fyrst til að hringja. Hún vildi vita hvað í fjandanum ég væri að gera. Ég reyndi að útskýra það en gekk illa,“ segir Beckham.



fólk
folk@frettabladid.is

Mirren vill lögleiða vændi

Leikkonunni Helen Mirren finnst að vændi ætti að vera lögleitt. Hún lauk nýlega tókum á myndinni Love Ranch, sem segir frá fyrsta vændishúsinu, og trúir því að minna væri um mansal ef konum væri leyft að krefjast greiðslu fyrir kynlíf.

„Ég held svo sannarlega að lögleitt vændi sé rétt leið, með tilliti til hins skelfilega, hryllilega mansals sem nú á sér stað, og hættunnar sem er fólgin í því að stelpurnar séu úti á götum, svona varnarlausar gegn melli-dólgum,“ segir leikkonan. „Í löglegu vændishúsi eru þær með leyfi, þær njóta verndar, og mennirnir sem nota þær njóta verndar þar sem þeir vita að stúlkurnar verða að fara í læknisskoðun í hverri viku,“ segir leikkonan, sem sagði í

sama viðtali, við Time Magazine, að henni fundist konur ekki missa kynþokka sinn við að eldast.

„Hann breytist bara,“ sagði Mirren. „Þegar eldri menn og eldri konur tala um kynþokka held ég ekki að þau séu að tala um kynlíf. Ég held þau séu að meina eitthvað óskilgreinanlegt sem tengist því að kunna að meta lífið, visku, og ýmsu öðru. Það ætti að vera til sérstakt orð yfir þetta,“ segir Mirren.

LÖGLEGT VÆNDI Helen Mirren telur að það myndi bæta hlut vændis-kvænna til muna ef vændi væri lögleitt.

NORDICPHOTOS/GETTY



Lost í loftið á ný

Fjórdða þáttaröðin af Lost hefur göngu sína í Ríkissjónvarpinu 14. apríl. Einungis þrettán þættir eru í þessari seríu vegna verkfalls handritshöfunda í Hollywood og verða átta sýndir í vor og fimm til viðbótar í sumarbyrjun. Er þetta töluverð breyting frá síðustu þáttaröð þegar þættirnir voru 22 talsins.

„Það hefur verið hringt töluvert og spurt hvenær serían byrjar enda héldum við áhorfendum á bjargbrúninni í lokin á seríu þrjú,“ segir Erna Kettler hjá innkaupadeild RÚV, sem hefur mikla trú á fjórðu þáttaröðinni.

Upphaflega stóð til að síðustu þrjár þáttaröðirnar af Lost yrðu sextán þættir hver, þar á meðal sú nítján þættir í fimmtu þáttaröðinni og síðan sextán í þeirri sjöttu og síðustu.

Fyrstu átta þættirnir í nýju



BEN LINUS Michael Emerson fer með hlutverk illmennisins Ben Linus í þáttunum Lost.

Þáttaröðinni voru sýndir í Bandaríkjunum í janúar og febrúar við miklar vinsældir og má því búast við hörkuspennu þegar Lost hefur göngu sína hérlandis, en síðustu þáttaröð lauk á RÚV í júlí í fyrra.

Upprifjunarþáttur verður sýndur á undan fyrsta Lost-þættinum 14. apríl og eftir það verður varla aftur snúið fyrir íslenska Lost-aðdáendur.

-fb

Slapp ómeiddur úr bílveltu

Bandaríski grínistinn Jerry Seinfeld slapp ómeiddur úr bílveltu sem hann lenti í á dögunum. Bremsurnar á 41 árs gamalli Fiat-bifreið hans gáfu sig með þeim afleiðingum að hann sveigði af veginum til að koma í veg fyrir árekstur og valt einn hring. Seinfeld var einn í bílnum og þurfti enga aðhlyningu á sjúkrahúsi vegna atviksins. Talið er að hann hafi komið í veg fyrir mun alvarlegra slys ef hann hefði ekki sveigt í burtu.

„Hann var í dálitlu uppnámi þegar hann kom heim og áttaði sig betur á því sem hafði gerst,“ sagði eiginkona hans Jessica. Seinfeld bætti við: „Vegna þess að ég veit að það eru krakkar þarna úti að hlusta, þá vil ég taka það fram að það er ekki mælt með því að að keyra án þess að hafa bremsur, nema menn hafi góðan bakgrunn sem trúður eða gamanleikari,“ sagði Seinfeld í léttum dúr. „Þetta er nokkuð sem ég ætla ekki að leggja í vana minn í framtíðinni.“

Seinfeld, sem sló í gegn í samnefndum gamanþáttum, sendi síðast frá sér teiknimyndina Bee Movie. Hann er mikill bíladelullar og er Porsche Spyder-bifreið hans frá árinu 1955 í mestu uppáhaldi.



JERRY SEINFELD Betur fór en á horfðist þegar bremsurnar biluðu í bíl grínistans Jerry Seinfeld.

FASTEIGNASÝNING HÚSNÆÐISKAUP ERLENDIS

Í fyrsta sinn á Íslandi, ein stærsta fasteignasýning á norðurlöndunum. Söluaðilar frá fjölmörgum löndum, sýna yfir 1000 nýjar og notaðar eignir sem eru til sölu víðsvegar um heiminn. Um er að ræða íbúðir, raðhús og einbýli. Einnig fasteignir til fjárfestingar.

Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind og gerðu draum þinn um heimili í sól og hita að veruleika.

Verið velkomin

Framkvæmdaraðili: Fair Media International
www.fairmedia.info

BANDARÍKIN, BRASÍLÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND OG TYRKLAND.

Sýningin fer fram laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. apríl í Vetrargarðinum í Smáralind. Opið frá klukkan 11:00 til 18:00. Aðgangur ókeypis.



Frábært verð á myndavélum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Olympus digital myndavél MJU790SWSIL

- 7.1 MegaPixel
- Vatnsheld að 3m dýpi
- Höggheld upp í 1.5m hæð
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár (230.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 15fps)
- Átta myndstærðir
- 23 Scene Programmes
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 14.7MB innbyggt minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir



29.990 kr
GOTT VERÐ

Olympus myndavél FE270

- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 15 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 6,9MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,02x6,35x3,07
- Þyngd: 122g (án rafhlöðu og kortis)



13.990 kr
Verð áður 15.990.

Philips DVD ferðaspilari

- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixla upplausn
- Hristivörn
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
- Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgja
- Fjarstýring fylgir



26.990 kr
GOTT VERÐ

Dantax DVD ferðaspilari

- DVP7
- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- Heyrnartólstengi
- Coaxial útgangur
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og fjarstýring fylgja



14.990 kr
GOTT VERÐ

Panasonic 32" LCD sjónvarp

- TX32LE7F
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight control
- Viera link
- 16w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og þyngd: 16kg



89.990 kr
GOTT VERÐ

Panasonic 26" LCD sjónvarp

- TX26LE7F
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1, birtustig: 500 cd/m2
- Backlight Control
- VIERA Link
- 16w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 65,7x47,3x10,7 og þyngd: 12,5kg



79.990 kr
GOTT VERÐ



23.990 kr
GOTT VERÐ

Philips heimbíókerfi HTS3154

- Fyrirferðalítið og nett heimbíókerfi • 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) digital magnari • Fjölkerfa DivX DVD spilari • 5 litlir hátalarar og bassabox • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum • Scart (með RGB) • USB tengi • Fjarstýring



7.990 kr
Verð áður 10.990.

SanDisk 2GB Clip MP3 spilari

- CLIP2GB
- MP3 spilari með 2GB innbyggt minni
- Spilar MP3 og WMA
- Útvarp með stöðvaminnum
- Diktafónn
- USB 2.0
- Innbyggt hleðslurafhlaða með allt að 15 tíma spilun
- Heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgja



4.690 kr
Verð áður 4.990.

Creative Zen Stone MP3 spilari

- STONE1GB
- 1GB Zen Stone MP3 spilari
- Spilar MP3 og WMA
- Geymir allt að 500 lög
- Uppfærnlegur
- Endist í allt að 10 tíma á einni hleðslu
- USB kapall og heyrnartól fylgja

Gildir til 8. apríl eða á meðan birgðir endast. Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tími nornarinnar kemur út á þýsku

„Það er nú enginn stórhasar, svona blanda af vinnu og smáfríi,“ segir Árni Þórarinnsson rithöfundur sem nú er á leið til Berlínar. Í haust kemur krimmi hans Tími nornarinnar út í Þýskalandi þannig að ekki úr vegi að kynna sér nánar þýskan hugsunarhátt.

Til Berlínar hverfur Árni einkum til að skrifa næstu bók sína en um síðustu jóla kom út bókinn Dauði trúðsins eftir Árna. „Frá því ég byrjaði að skrifa krimmana hef ég árlega leitað aðfærs í Barcelona í sama tilgangi. Í fyrra söðlaði ég um og prófaði þetta á Berlín. Mér líkaði það svo vel að nú verður fram haldið. Afburða skemmtileg og lifandi borg og minnir mig á hvernig Barcelona var áður en hún fór á kaf í túrisma og fínerí. Samt er maður kominn með barselónsk fráhvarfseinkenni og ég ætla að kíkja þangað aftur í sumar,“ segir Árni.

Áhugi Þjóðverja á íslenskum bókmennt-

um hefur ávallt verið mikill en aldrei sem nú.

„Og á aðeins eftir að aukast í aðdraganda þess að við verðum fókusland í bókamessunni í Frankfurt 2011. Við höfðum betur í samkeppninni við Finna um að verða fókusland,“ segir Egill Örn Jóhannsson framkvæmdastjóri Forlagsins – útgefanda Árna. Egill Örn nefnir sem dæmi að þýski útgefandinn Lubbe hefur tryggt sér útgáfuréttinn á Lovestar eftir Andra Snæ Magnason og vænta má frekari tíðinda af landvinningum íslenskra rithöfunda.

-jbg

ÁRNI ÞÓRARINSSON Mun dveljast í Berlín á næstunni við ritun nýrrar bókar en áhugi þýskra á íslenskum bókmenntum hefur aukist mjög.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós heldur þrenna tónleika á Ítalíu í sumar.

Sigur Rós spilar á Ítalíu

Hljómsveitin Sigur Rós heldur þrenna tónleika á Ítalíu í sumar og er hægt að kaupa miða í forsölu í gegnum heimasíðu sveitarinnar. Fyrstu tónleikarnir verða haldnir í Flórens 11. júlí, kvöldið eftir spilar sveitin í Róm og endar tónleikaferðin í Mílanó 13. júlí. Fleiri tónleikar með Sigur Rós eru fyrirhugaðir í sumar enda ætlar sveitin að fylgja væntanlegri plötu sinni, sem kemur út í byrjun sumars, vel eftir. Meðal annars spilar sveitin á skosku tónlistarhátíðinni Connect ásamt Franz Ferdinand, Grinderman, Manic Street Preachers, Kasabian og fleiri þekktum nöfnum helgina 19. til 31. ágúst.



MARIAH CAREY Hefur siglt fram úr Elvis Presley með sínu átjándu topplagi.

Carey fram úr Presley

Söngkonan Mariah Carey hefur siglt fram úr Elvis Presley með því að ná sínu átjándu lagi á topp bandaríska Billboard-listans. Lagið nefnist Touch My Body og er tekið af plötu hennar E=MC2.

Bítlarnir eiga flest topplögin, eða tuttugu talsins, og kemur Carey fast á hæla þeirra. „Ég er mjög þakklát og hamingjusöm,“ sagði Carey, sem er 38 ára. „Ég á erfitt með að setja mig í sama flokk og listamenn sem hafa ekki bara breytt tónlistarsögunni heldur öllum heiminum. Þeir tilheyra allt öðrum tíma og flokki,“ sagði Carey um samanburðinn við Elvis og Bítlana.



SPECIALS Hljómsveitin Specials spilar á Kringlúkránni um helgina.

Halda upp á ársafmælið

Hljómsveitin Specials heldur upp á ársafmæli sitt á Kringlúkránni um helgina. Þótt hljómsveitin sé ung að árum eru liðsmenn hennar gamlir reynsluboltar. Ásgeir Óskars þekja flestir frá Þursunum og Stuðmönnum, Ingvar Grétars hefur stjórnað Úlfunum eins og herforingi undanfarin ár, Jón Ólafur hefur gert garðinn frægan með ýmsum böndum m.a. Vinum Dóra og Óttar Felix hefur haldið merki Pops hátt á lofti um árabíl.

Specials sérhæfa sig í dægur-tónlist sjötta og sjöunda áratugarins og spila jafnframt gullmola með sveitum á borð við Pretty Things. Afmælishátíðin hefst í kvöld klukkan 23 og heldur áfram annað kvöld.

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN PERLUNNI

ATH! SÍÐASTA HELGIN 20. mars - 6. apríl

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR

ROKK-POPP-KLASSIK-BLÚS-KANTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK.SKANDINAVISK OG ÍRSK TÓNLIST OG AÐ SJÁLFSÖGDU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRI VERDI EN ÞÚ ÁTT AD VENJAST

MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!

GERDU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM OG MYNDBÖNDUM

MYNDIR FRÁ 190 KR

TÖLVULEIKIR FRÁ KR. 90

Opið alla daga frá 10-18

Sími: 561-4114

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

Comme des Garçons með H&M

Comme des Garçons verður næsta stóra nafn úr tiskuheiminum til þess að vinna með rísanum H&M. Fyrirtækið fylgir þannig í fótspor Karls Lagerfeld, Stellu McCartney, Viktors & Rolfs og Robertos Cavalli, sem öll hafa hannað línu fyrir tiskuhúsið, eins og poppstjörnurnar Madonna og Kylie Minogue hafa einnig gert.

Comme des Garçons þykir þó vera nokkuð framúrsteftulegra merki en flest ofanefndra og því gæti orðið forvitnilegt að sjá hvernig því tekst að framleiða flíkur sem henta viðskiptavin-

um H&M. Rei Kawakubo, eigandi og stofnandi Comme des Garçons, segir samstarfið fela í sér heilmikla áskorun. „Ég hef alltaf haft áhuga á jafnvæginu á milli sköpunarinnar og viðskiptanna. Þetta er vandamál, þó að sköpunin hafi alltaf verið í fyrsta sæti hjá mér. Það er mikil áskorun að vinna með H&M, þar sem það býður upp á möguleika til að takast á við þetta vandamál og reyna að leysa það,“ segir hún.

Lína Comme des Garçons fyrir H&M kemur fyrst í verslanir í Tókýó, en áætlað er að það verði í nóvember næstkomandi.

Bretar trúa ekki á lagið sitt

Eins og vanalega eru fréttir af „veðbönkunum“ fastur liður í umfjölluninni um Eurovision. Bretar veðja um allt milli himins og jarðar, þar á meðal úrslit söngvakeppninnar. Fulltrúi þeirra í ár, sorptæknirinn Andy Abraham sem syngur léttþoppaða sálarlagið „Even If“ og er þekktastur fyrir að hafa lent í öðru sæti í X-factor árið 2005, er ekki talinn eiga mikla möguleika, því í augnablikinu eru líkurnar á að hann sigri aðeins 1 á móti 66. Bretar telja mun líklegra að breska lagið fari illa út úr þessu.

Líkurnar eru 1 á móti 6 að það fái ekkert stig og 4 á móti 6 að það reki lestina.

Samkvæmt nýjustu tölum veðbanka sigrar rússneski hjartaknúsarinn Dima Bilan, en fulltrúar Serba, Íra, Armena og Úkraínanna komu næstir. Ísland er fyrir ofan meðallag með vinningshlutfallið 1 á móti 33, en neðst komast þjóðir í 1 á móti 150.

Við þurfum annars engar áhyggjur að hafa af þessu því í ljósi sögunnar vitum við að þessir veðbankar hafa oftast rangt fyrir sér.



BRETAR HALDA AÐ HANN EIGI ENGAN SÉNS Andy Abraham fær lítinn stuðning lands sinna.



49 DAGAR TIL STEFNU



JAY-Z Rapparin Jay-Z ætlar að skrifa undir milljarða samning við Live Nation.

Jay-Z með risasamning

Talið er að rapparinn Jay-Z fái í sinn hlut um ellefu milljarða króna ef samningur hans við tónleikahaldarann Live Nation verður að veruleika. Samningurinn felur í sér að fyrirtækið annast allt sem viðkemur tónlist rapparans næstu tíu árin. Talið er að Jay-Z fái tæpa tvo milljarða í fyrirframgreiðslu, auk um 750 milljóna fyrir fram fyrir hverja af að minnsta kosti næstu þremur plötum og um tveggja milljarða vegna væntanlegra tónleikaferða.

Live Nation mun leggja fjóra milljarða í fyrirtæki rapparans, Roc Nation, sem mun hafa undir sínum hatt plötuútgáfu og fleiri verkefni. „Ég er orðinn Rolling Stones hip-hopsins,“ sagði Jay-Z í viðtali við The Times. Hann ætlar sér að yfirgefa plötufyrirtækið Def Jam vegna samningsins en þarf þó að ljúka við eina plötu til að uppfylla samning sinn þar. Hann var forstjóri fyrirtækisins í þrjú ár þar til í desember síðastliðnum.



SLASH Slash, gítarleikari Velvet Revolver og fyrverandi líðsmaður Guns N' Roses, er góður vinur Jimmys Page.

Led ekki í tónleikaferð

Slash, gítarleikari Velvet Revolver, segir ólíklegt að hljómsveitin Led Zeppelin ætli í tónleikaferð um heiminn. „Það lítur ekki út fyrir að tónleikaferðin verði að veruleika á næstunni,“ sagði Slash, sem er góður vinur Jimmys Page, gítarleikara Zeppelin.

Bætti hann því við að fregnir um að Velvet Revolver ætlaði að hita upp fyrir Zeppelin ættu ekki við rök að styðjast. Slash sagðist einnig hafa verið frekar pirraður eftir að hann missti af endurkomutónleikum Zeppelin í London í desember í fyrra vegna tónleika sinna í Ástralíu.

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON

EGGERT ÞORLEIFSSON BENEDIKT ERLINGSSON INGVAR E SIGURDSSON MICHAEL IMPERIOLI

„PÉTUR JÓHANN Í TOPPFORMI

Í ADALHLUTVERKINU Í BLAND VIÐ BRÁDSKEMMTILEGA TOPPLEIKARA OG FURDUFUGLA...”



SÆLJÖRN VALDIMARSSON - MORGUNBLAÐIÐ

„MYNDIN ER SANNARLEGA ÞESS VIRÐI AÐ FÓLK FLYKKIST Á HANA.”



PÁLL BALDVIN BALDVINSSON - FRÉTTABLAÐIÐ

„ÉG SKEMMTI MÉR KONUNGLEGA Á MYNDINI”



ÁSGEIR JÓNSSON - DV

„GÓÐ FRAMLEIÐSLA MEÐ TOPP LEIKURUM Í ÖLLUM HLUTVERKUM SEM ÓHÆTT ER AÐ SKELLA GÆÐASTIMPI LINN Á.”



STEFÁN BIRGIR STEFÁNSSON - SBS.IS



SIGURJÓN M. EGILSSON - MANNLÍF

KVIKMYND EFTIR ÓLAF JÓHANNSSON

STÓRA PLANIÐ

NÆSTUM ÍVI GANGSTERMYND

www.storaplanid.is

midi.is

SAMBIO.IS SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

Jón Gnarr turnast í Georg Bjarnfredarson

„Nú er ég að verða Georg Bjarnfredarson. Útlitslega og hvað varðar innræti. Verða sem andsetinn,“ segir Jón Gnarr leikari með meiru.

14. apríl hefjast tölur á Dagvaktinni, framhaldi Næturvaktarinnar, og fara þær fram í Bjarkarlundi. Jón ítrekar það sem hann hefur áður sagt. Útkoman verði gargandi sníld og hann sé þess fullviss að allt gáfað og vel gert fólk muni hafa reglulega gaman af.

Jón Gnarr, sem er

GEORG Þú ert hálfviti, Ólafur.

„method“ leikari af guðs náð – lifir sig inn í hlutverkið – er nú búinn að safna skeggi og skalla í þrjú mánuði. Og er að hverfa inn í hulinsheima. „Þetta eru síðustu forvöð að tala við mig sem Jón. Flest heilbriggt fólk reynir að halda aftur af sinni skuggahlíð. Neitar sér um margt sem skuggahlíðin hvetur mann til að gera. En þegar ég fer í Georg leyfi ég henni að blómstra. Hvet hana áfram. Þessu fylgja vissulega tölur

verð óþægindi fyrir mitt heimilisfólk. Því er ekki að neita,“ segir Jón.

Jón dregur hvergi úr því að rétt sé að skilgreina hann sem „method“-leikara svipað og Robert De Niro og fleiri fræga af þeim skóla. Segist hafa starfað á geðdeildum Landspítalans löngu áður en hann byrjaði að leika. Beinlínis í þeim tilgangi að geta sett sig inn í ýmsar persónur sem hann hefur síðar túlkað.

„Þetta eru síðustu for-

vöð að tala við mig sem Jón. Nú eru æfingar að hefjast og þá hverf ég inn í þennan hulinsheim. Þar mun ég dvelja í tvo mánuði. Vakna sem Georg Bjarnfredarson. Og sofna sem Georg á kvöldin. Eftir hvern tókudag er textaæfing fyrir næsta dag. Og svo held ég áfram. Sit einn inni á hóteliherbergi í Bjarkarlundi og þyl upp setningar eins og: Þú ert hálfviti, Ólafur.“

-jgb

JÓN Síðustu forvöð að tala við hann sem þennan því næstu tvo mánuði heitir hann Georg.



Veisla þrjú kvöld í röð

Fjöldi hljómsveita kemur fram í tónleikaveislu sem verður haldin dagana 17. til 19. apríl á Nasa. Þeir flytjendur sem stíga á svið þessi þrjú kvöld verða Sprengjuhöllin, Brain Police, Á móti sól, Steedlord, Hafdís Huld, XXX Rottweiler, Sign, Últra Mega Teknóbandið Stefán og President Bongo. Kynnir verður Davíð Þór Jónsson.

Miðasala á tónleikana hefst bráðlega og er bæði hægt að kaupa miða á hvert og eitt kvöld og á öll kvöldin í einum pakka.

Söngkeppni um aðra helgi

Söngkeppni framhaldsskólanna fer fram í Íþróttahöllinni á Akureyri laugardaginn 12. apríl og verður sýnd í beinni á RÚV. Þetta verður í 19. skipti sem keppnin er haldin. Ýmsir frægir söngvarar hafa sigrað í keppninni, þar á meðal Margrét Eir Hjartardóttir (fyrir Flensborg 1991), Emilíana Torrini (fyrir MK 1994) og Sverrir Bergmann (fyrir Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra 2000). Jafnvel frægari söngvarar hafa tekið þátt án þess að sigrar, frægust eru Páll Óskar (fyrir MH 1990) og Regína Ósk (fyrir MH 1996). Lárus Ingi Magnússon, körfuboltaþjálfari og söluamaður, sigraði Pál, en Þórey Heiðdal Vilhjálmssdóttir, endurskoðandi, sigraði Regínu.



EYBÓR INGI

Í ár keppa fulltrúar þrjátíu og tveggja framhaldsskóla. Sett hefur verið upp netsíða keppinnar (www.songkeppni.is) þar sem fá má upplýsingar og myndir af keppendum. Eypór Ingi Gunnlaugsson, fulltrúi Verkmenntaskólans á Akureyri, varð hlutskarpastur í keppninni í fyrra. Eypór reynir nú við milljónirnar þrjár í Bandinu hans Bubba og er kominn í fjögurra manna úrslit.

Bítlastelpur milli vonar og ótta

Stjórn FTT er nú að vinna í að ganga frá þátttakendalista þeirra sem fara í hina miklu pílgrímsför á bítlaslóðir eftir um tvo mánuði. Spennan er óbærileg á sumum bæjum.

„Já, nú biða bítlahjörtun titrandi eftir niðurstöðunni,“ segir Svandís Sigurðardóttir sjúkráþjálfi.

Hún, ásamt félögum sínum og mörgum öðrum, bíður þess nú spennu hvort hún komist í hina miklu pílgrímsför til Liverpool á vegum Félags tónskálda og textahöfundu. Eins og fram hefur komið hefur FTT boðið félögum sínum pílgrímsför á kostakjörum 30. maí þar sem farið verður á bítlaslóðir. Er hundrað miðum til að dreifa, félagsmenn eiga forgang en nýti þeir hann ekki eiga utanfélagsmenn kost á miðum sem út af standa. Og Sigrún og félagar, alls sex að tölum, biða þess nú milli vonar og ótta að vita hvort þau komist í ferðina. Öll eru þau forfallnir bítlageggjarar.

„Við erum fædd um miðja síðustu öld og erum nokkuð brött miðað við það. Við vorum því tán-ingar þegar bítlarnir voru upp á sitt besta og svo heilluð af þeim að þeirra tónlist hefur dugað alla tíð síðan í hvaða útfærslu sem er þótt maður hlusti á eitt og eitt lag með öðrum,“ segir Sigrún.

Hún segir svo frá að á þessum



KOMAST ÞAU TIL LIVERPOOL? Frá vinstri: Kristján verkfræðingur, Vilhjálmur verkstjóri, Sigrún fulltrúi, Guðrún skólalastjóri, Halldóra (Ringó) verkefnastjóri, og Svandís (Paul) sjúkráþjálfi.

tíma hafi þau verið í bæði handbolta og fótbolta í Fram og mikill samgangur. „Við vorum fjórar úr handboltaliðinu sem samsömuðum okkur hverjum og einum. Halldóra var Ringó, Fríða var Lennon, Fanney var George og þá var Paul eftir handa mér – sem mér þótti

ekki leitt! Þetta gekk svo langt að mér fannst stundum viðkomandi vinkona vera orðin að til dæmis George. Svo man ég að við keyptum okkur allar saman fyrir allt sem við áttum plötuna Hard Day's Night og svo skiptumst við á að hafa hana.“

Sá sem er kallaður fimmti bítlinn í hópnum er Vilhjálmur Sigurgeirsson sem var alltaf fyrstur til að kaupa plöturnar þegar þær komu. Hann les og veit allt um fjórmenningana og óhætt að gefa honum bítladót á öllum stórafmælum.

jakob@frettabladid.is

„Fyrsta atriðið á listanum er að sofa hjá og það verður að gerast strax!“

Hin sextán ára gamla Tessa er langt leidd af ólæknandi sjúkdómi og á aðeins fáeina mánuði ólifaða. Hún ætlar að nota tímann vel og setur saman lista yfir allt sem hún vill gera áður en hún deyr.

Fyrsta atriðið á listanum er að sofa hjá og það verður að gerast strax!

En það getur verið erfitt að fá það sem maður vill. Og oft er það sem maður vill alls ekki það sem maður þarfnast mest. Svo reynast óvæntir hlutir allt í einu skipta mestu máli.

Ísak Harðarson þýddi.

„Það skiptir engu máli á hvaða aldri þú ert. Þessari bók gleymirðu aldrei.“

New York Times

„Downham tekst einstaklega vel að fanga miskunnarleysi hins óumfjýjanlega.“

Guardian



16. aldar dramatík

Í Englandi 16. aldar reynir Hinrik áttundi konungur að eignast erfingja í hásætið en drottningin er ófær um það. Til sögunnar koma Boleyn-systurnar, sem sendar eru af valdagráðugri fjölskyldu sinni í hirðina til að vinna ástir konungsins og uppfylla ósk hans.

Kvikmyndin The Other Boleyn Girl er byggð á sönnunum atburðum frá mikilvægu tímabili í sögu Englands, þegar landið sleit sig frá kaþólsku kirkjunni. Hún er gerð eftir bók Philippu Gregory um Önnu Boleyn, sem varð önnur eiginkona Hinriks áttunda og jafnframt orsök fyrrnefnds aðskilnaðar, en í myndinni er skáldaleyfið nýtt til hins ýtrasta og getið að mestu leyti í eyðurnar. Handritshöfundur er Peter Morgan, sem er hlaut Óskarstílnefningu fyrir að hafa skrifað The Queen, en leikstjóri er Justin Chadwick og er þetta fyrsta stórmynd hans.

Það fer ekki á milli mála að efnistökin sem The Other Boleyn Girl vinnur upp úr eru sterk og áhuga-verð, en heildarútkoman reynist þó aðeins í meðallagi. Myndin virðist yfir höfuð flýta sér of mikið við að fara yfir helstu atburði og í kjölfarið skortir myndina tilhlýðlega dýpt. Stundum sem koðnar hún niður í sápuóperu, og þótt búningar og sviðsmyndir séu nokkuð trúverðug er lítil stórmyndabragur yfir myndinni.

Það sem stendur upp úr er samkeppni þeirra Boleyn-systra um konunginn, en þær eru afar vel



KVIKMYNDIR

The Other Boleyn Girl

Leikstjóri: Justin Chadwick. Aðalhlutverk: Natalie Portman, Scarlett Johansson og Eric Bana.

★★★

Dramatísk söguleg mynd sem er vel leikin en nær engum raunverulegum hæðum.

leiknar af Natalie Portman og Scarlett Johansson. Þá helst ber Portman af sem Anna, sú þeirra sem svífst einskis til að komast á topp valdastigans, en hún á góða spretti í endanum. Eric Bana fer með hlutverk Hinriks áttunda með ágætum og gerir hann mannlegri en hann er jafnan túlkaður, þótt þetta sé ekki hans besta frammi-staða.

Dramatíkin svífur yfir vötnum í The Other Boleyn Girl og þrátt fyrir galla stendur hún að vissu leyti fyrir sínu á þeim velli. Myndin höfðar hvað helst til þeirra sem hafa gaman af sögulegum myndum, en nær yfir höfuð ekki neinum raunverulegum hæðum.

Lofur Ingi Bjarnason - Topp5.is

Eiki, Magni og Palli dæma hjá Bubba

Það fer óðum að skýrast hver mun standa uppi sem söngvari í Bandinu hans Bubba, en nú eru einungis fjórir keppendur eftir. Dómnefnd þáttanna, sem skipuð er þeim Vilhelmi Antoni Jónssyni og Birni Jörundi Friðbjörnssyni auk Bubba sjálf, hefur notið dyggrar aðstoðar gestadómara við að ákvarða örlög keppenda hingað til, og verða engar breytingar þar á í síðustu þáttunum.

Í kvöld er það enginn annar en Páll Rósinkrans sem sest í gestadómara stólinn og leggur mat á þá fjóra keppendur sem eftir eru. Í undanúrslitunum að viku liðinni verður það hins vegar Magni Ásgeirsson sem spáir í spilin og söngvarana út frá myndjúpum

reynslubrunni sínum sem rokkstjörnu. Gestadómari í úrslitabættinum, sem verður á dagskrá Stöðvar 2 18. apríl næstkomandi, verður svo enginn annar en Eiríkur Hauksson, sem verður flogið sérstaklega hingað til lands frá Noregi. Eiríkur er kannski í hvað bestri æfingu við dómara störfin, en hann hefur verið fulltrúi Íslands í skandinavíska Eurovisionþættinum á síðustu árum og snarað fram einkunnum fyrir öll Eurovisionlög ársins.

Í kvöld mun Arnar Már Friðriks-son flytja lagið To Be Grateful, Eyþór Ingi Gunnlaugsson syngur Starlight, Thelma Hafþórsdóttir syngur Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig, og Hjálmar Már Kristinsson flytur Vorkvöld í Reykjavík.

REYNSLUBOLTAR Í DÓMNEFND

Gestadómaramir í síðustu þáttunum af Bandinu hans Bubba eru ekki af verri toganum, enda allir reynsluboltar úr rokkheiminum.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Kate Hudson og **Owen Wilson** virðast ætla að láta reyna á samband sitt að nýju, því heimildir herma að þau séu nú í íbúðaleit í New York. Þau hittust við tókur á myndinni You, Me And Dupree, en hættu saman í fyrra. Skömmu síðar gerði Wilson sjálfsmorðstílaun, en nú virðast bjartari tímar vera fram undan. „Hún er tilbúin að koma sér fyrir og hefur jafnvel talað um að eignast fleiri börn,“ segir heimildarmaður New York Daily News.



FRÉTTIR AF FÓLKI



Það virðist vera að birta til í lífi **Britney Spears**. Nýlega fréttist að hún væri í viðræðum við fyrrverandi umboðsmann sinn, **Larry Rudolph**, um að taka aftur við málum hennar,


en Spears rak Rudolph eftir að hann lagðist á eitt með foreldrum hennar um að senda söngkonuna í meðferð snemma á síðasta ári. Rudolph, sem á heiðurinn af mörgum vinsælustu lögum Spears, hefur staðfest að þau séu farin að tala saman á ný, en segir nauðsynlegt að hún einbeiti sér að því að ná fullri heilsu áður en áframhaldandi starf verður rætt.

Það eru ekki einu endurfundirnir sem gætu verið í uppsiglingu í lífi Britney, því heimildir bandaríska blaðsins Star herma að hún og barnsfaðir hennar og fyrrverandi eiginmaður, **Kevin Federline**, hyggest fara saman í felur um stund með það í huga að taka upp þráðinn í sambandi sínu.

Mariah Carey hefur ýtt **Elvis** úr öðru sætinu á lista yfir þá tónlistarmenn sem hafa oftast náð toppsætinu á vinsældalistum í Bandaríkjunum. Carey og Elvis deildu öðru sætinu um hríð, en þau höfðu bæði átt 17 lög í toppsætinu. Eftir að nýja lag Mariuh, Touch My Body, klifraði upp í fyrsta sæti Billboard-listans náði hún öðru sætinu, Elvis situr í því þriðja, en **Bitlarnir** tróna á toppnum með 20 lög.

Fréttir herma að **Beyoncé** og **Jay-Z** hyggest ganga í það heilaga í New York í dag. Fregnir bárust af því fyrr í vikunni að þau hefðu sótt um hjúskaparleyfi í Scarsdale í New York, en það gildir í tvo mánuði. Söngfluglarnir hafa verið saman í tæp sex ár en hafa lítið tjáð sig um samband sitt, og það sama gildir um brúðkaupið. Slúðrarinn

Perez Hilton telur sig hins vegar vita að brúðkaupið eigi að fara fram í dag.



Hjólaðu út í vorið

Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum. Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellið er t.d. sérstaflega lágt við sætið til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.



Jamis Lady Bug
12", 2-5 ára
Verð **13.990** kr.



Jamis Hot Rod
12", 2-5 ára
Verð **13.990** kr.



Jamis Laser 2.0
20", 5-9 ára álstell, fótbremsa
Verð **18.990** kr.



Jamis Laser 1.6
16", 3-6 ára
Verð **15.990** kr.



Jamis Miss Daisy
16", 3-6 ára
Verð **15.990** kr.



Tilboð: 30% afsláttur

Jamis Ranger fjallahjól
17"- 21", álstell, 21 girar, ýmsir litir
Verð áður **23.990 – 29.990** kr.
Verð nú **16.793 – 20.993** kr.



Jamis X20
20", 6-9 ára, álstell, 6 girar
Verð **24.990** kr.



Jamis X24
20", 7-12 ára, álstell, 7 girar
Líka til svart
Verð **26.990** kr.

NÝ HJÓLADEILD!

Komdu og sjáðu glæsilega hjóladeild í nýju búðinni okkar – Útilíf Holtagörðum

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM
GLÆSILEGUR 8BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG



VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með 20,2% vaxtum, stimpli og lánréttsgjaldi innifaldi. Birt með fyrirvara um breytingar og villur.

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

IP4500 PRENTARI

9.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

2GB MINNI

4.990

2GB Dual DDR2 800MHz Gold vinnsluminni

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

LEIKJA HEYRNARTÓL

4.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

9600GT SKJÁKORT

19.900

512MB 2000MHz GDDR3 minni

Ef þú finnur tölvuna auglýsta óðyrari en hjá okkur

VERÐ VÖRN

Þá lækkum við okkar verð á staðnum

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

22" SKJÁR

26.900

700:1, 5ms, 1680x1050, VGA og DVI HDCP

STÚTFULLUR 8BLS
BÆKLINGUR AF
SPENNANDI
TILBOÐUM



TÖLVUTEK

OPIÐ ALLA HELGINA

Í DAG FÖSTUDAG
10:00 - 19:00

LAUGARDAG
10:00 - 18:00

SUNNUDAG
13:00 - 17:00

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

> Kristján valinn besti þjálfari

Kristján Andrésson hefur verið valinn þjálfari ársins í sænsku úrvalsdeildinni í handbolta en hann náði mjög góðum árangri með Guif í vetur þrátt fyrir að liðið hafi misst marga lykilmenn fyrir tímabilið. Kristján var yngsti þjálfari deildarinnar og undir hans stjórn komst Guif inn í úrslitakeppnina eftir að hafa verið spáð falli. Þriggja manna dómnefnd af handboltaspekingum völdu Kristján besta þjálfarann og hann fær verðlaunin afhent á sérstakri uppskeruhátíð sænsku deildarinnar 1. maí næstkomandi.

sport
sport@fretta-



HANDKNATTLEIKSKAPPINN STURLA ÁSGEIRSSON: LÍKLEGA Á FÖRUM FRÁ ÁRHUS GF EFTIR FJÖGUR FARSÆL ÁR

Vill reyna að ná enn lengra í handboltanum

Sturla Ásgeirsson er á sínu fjórða tímabili með Árhús GF í dönsku deildinni í handbolta en er að hugsa sér til hreyfings næsta sumar.

„Ég kom til Árhús GF eftir tímabilið 2003-2004 hjá ÍR og gerði þá tveggja ára samning sem ég framlengdi svo um tvö ár og sá samningur er að renna út næsta sumar. Mér hefur liðið mjög vel hjá félaginu til þessa og bætt mig mikið sem handboltamaður en mér finnst bara vera kominn tími til þess að breyta aðeins um umhverfi og reyna að ná aðeins lengra í handboltanum,“ sagði Sturla, sem myndi helst vilja vera áfram í Danmörku en útilokar ekki neitt í þeim efnum.

„Það eru nokkrar fyrirspurnir um mig þúar að berast og ég er með umboðsmann sem er að vinna í þeim málum. Ég væri alveg til í að vera áfram í Danmörku eða á Norðurlöndunum en Þýskaland heillar líka og þar er besta umgjörðin, bestu leikmenn-



irnir og mesta stemningin og áhorfendurnir,“ sagði Sturla, sem stefnir á að klára tímabilið í Danmörku með stæl. „Það eru tveir leikir eftir í deildinni og svo hefst úrslitakeppnin. Það væri óneitanlega gaman að kveðja félagið með titli og ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að svo verði,“ sagði Sturla, sem var á dögunum valinn í fyrsta æfingahóp Guðmundar Guðmundssonar, nýráðins landsliðsþjálfara.

„Það er náttúrulega mikill heiður og frábært að fá tækifæri til þess að sanna sig á þeim vettvangi og vonandi kemst maður eitthvað lengra þar enda gríðarlega spennandi verkefni fram undan á þeim bænum,“ sagði Sturla, sem viðurkennir að hugurinn leiti stundum heim til Íslands.

„Ég hugsa að maður endi ferillinn með ÍR þegar maður hettir þessu brölti erlendis. Það er alla vega stefnan hjá nokkrum gömlum ÍR-ingum að taka síðustu árin í boltanum í Breiðholti og það væri náttúrulega draumurinn,“ sagði Sturla að lokum.

Er stöðugt að bæta mig

Arnór Smárason mun að öllu óbreyttu skrifa undir nýjan samning við Heerenveen sem gildir til ársins 2011 og er spenntur fyrir framtíð sinni hjá félaginu.


FÓTBOLTI Hinn nítján ára gamli Arnór Smárason hefur verið fastamaður í leikmannahópi Heerenveen undanfarið og er við það að framlengja samning sinn við hollenska félagið til ársins 2011.

Skagamaðurinn efnilegi hefur hægt og rólega unnið sig upp hjá Heerenveen síðan hann kom til Hollands árið 2004 en hann skrifaði undir atvinnumannasamning við félagið í júlí í fyrra. Arnór hefur síðan þá verið lykildamaður með varaliði Heerenveen þar sem hann gegnir fyrirliðastöðu og hefur skorað grimmt og er markhæsti leikmaður liðsins á þessari leiktíð. Upp á síðkastið hefur hann svo verið í leikmannahópi aðal-liðsins og komið einu sinni við sögu í leik með aðalliðinu í vetur.

„Ég er mjög sáttur með gang mála hjá Heerenveen og lít á það sem stóran plús að fá tækifæri með aðalliði á þessu tímabili. Ég hef tekið miklum framförum síðan ég kom til félagsins á sínum tíma og finn það að ég er enn að bæta minn leik,“ sagði Arnór, sem vonast til þess að fá frekari tækifæri með aðalliðinu á lokaspertinum í deildinni.

Tilbúinn ef kallið kemur

„Heerenveen er sem stendur í fimmta sæti hollensku deildarinnar en liðin sem lenda í 2-5. sæti fari í umspil um eitt sæti í undankeppni Meistaradeildarinnar næsta haust og það er því að miklu að keppa þegar þrjár umferðir eru eftir í deildinni. Ég vonast náttúrulega alltaf til þess að fá að spila en verð að vera þolinmóður og tilbúinn ef kallið kemur. Heerenveen er einmitt þekkt fyrir að gefa ungum leikmönnum snemma tækifæri með aðalliðinu og það eru margir ungir og efnilegir leikmenn hjá félaginu núna sem hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir



EFNILEGUR Arnór Smárason hefur vakið verðskuldaða athygli hjá Heerenveen og er við það að skrifa undir nýjan þriggja ára samning við félagið. Á myndinni er hann í leik með U-21 árs landsliði Íslands á móti Belgíu.

NORDIC PHOTOS/AFP

spilamennsku sína. Michael Bradley og Miralem Sulejmani eru til að mynda báðir í kringum tvítugt og eru frábærir leikmenn en Sulejmani var orðaður við Chelsea á dögunum. Það man í raun enginn lengur eftir markahróknum Afonso Alves sem var markhæstur á síðustu leiktíð og yfirgaf félagið í janúar og fór til Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni,“ sagði Arnór, sem er augljóslega spenntur fyrir framtíð sinni hjá félaginu.

„Það er frábært að finna það að forráðamenn félagsins virðast hafa trú á mér og ætla mér framtíð hjá félaginu. Það stóð til að þeir myndu nýta sér klausu í samningi mínum um framlengingu um eitt ár en nú vilja þeir brjóta það upp og hafa boðið mér nýjan þriggja ára samning til ársins 2011. Ég er ekki búinn að skrifa undir neitt og er að fara yfir þetta þessa dagana en samkomulag er búið að nást um öll stærstu atriðin,“ sagði Arnór ánægður.

omar@frettabladid.is



SÁRÞJÁÐUR Vidic steig illa til jarðar eftir einvígi.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Talsmaður Man. Utd:

Meiðsli Vidic ekki alvarleg

FÓTBOLTI Meiðsli Nemanja Vidic sem hann hlaut í leik gegn Roma í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu á þriðjudag reyndust ekki jafn alveg og haldið var í fyrstu.

„Eftir skoðun á hnénu komu engin alvarleg meiðsli í ljós og hann ætti að vera leikfær eftir tvær til þrjár vikur,“ sagði talsmaður United.

- óþ

Íslandsmót ÍF

4. – 6. apríl 2008

- Boccía - Bogfimi - Borðtennis - Frjálssar íþróttir - Lyftingar -

Föstudagur 4. apríl:	19:00 - 22:00	Frjálssar íþróttir Salur B (Frjálssíðstahöll)
Laugardagur 5. apríl:	09:30	FARARSTJÓRAFUNDUR Salur A (Laugardalshöll)
Laugardagur 5. apríl:	10:00 – 16:00	Borðtennis opnir og lokaðir flokkar ÍFR hús
Laugardagur 5. apríl:	10:00 - 20:00	Undanúrslit í boccía, úrslit rennu- og BC flokkur Salur A (Laugardalshöll)
Laugardagur 5. apríl:	13:00 - 13:30	Mótsetning Salur A (Laugardalshöll)
Laugardagur 5. apríl:	14:00	Lyftingar Salur 1 (Laugardalshöll)
Laugardagur 5. apríl:	16:00 - 18:00	Bogfimi fyrri hluti ÍFR hús
Sunnudagur 6. apríl:	11:00 - 15:00	Úrslit í boccía Salur A (Laugardalshöll)
Sunnudagur 6. apríl:	13:00 - 16:00	Bogfimi seinni hluti ÍFR hús

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR

Föstudaginn 4. apríl

Dagskrá:

- ::: Veidistaðalýsing frá Leirvogsa – Viðar Jónsson
- ::: Jökla, Fögruhlíðará og Kaldá – Pröstur Elliðason
- ::: Risarnir í Rússlandi – Yokonga – Valli veiðimaður
- ::: Árshátíð SVFR 2008 – kynning á veiðiferð ársins
- ::: Myndagetraun
- ::: Happahylurinn – stútfullur í boði Ellingsen

FRÓÐLEIKUR OG SKEMMTUN- HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

Ellingsen



Keflavíkurkonur geta orðið Íslandsmeistarar í þrettánda sinn vinni þær KR í kvöld:

Fullkomna þær úrslitakeppnina?

KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í þrettánda sinn þegar liðið fær KR í heimsókn í Toyota-höllina í Keflavík klukkan 19.15 í kvöld. Keflavík hefur unnið alla 17 heimaleiki vetrarins og síðustu þrettán leiki sína í deild og úrslitakeppni og geta náð sögulegum áfanga með sigri í kvöld. Þá yrðu þær fyrsta kvennaliðið til þess að klára úrslitakeppni 6-0 síðan keppnisfyrirkomulaginu var breytt.

Kesha Watson hjá Keflavík er með besta framlagið úr fyrstu tveimur leikjunum en hún hefur skorað 21,5 stig, tekið 9,0 fráköst og gefið 9,0 stöðsendingar að meðaltali í leik.

Keflvíkingurinn Pálína Gunnlaugsdóttir getur orðið Íslandsmeistari þriðja árið í röð en hún vann titilinn með Haukum síðustu tvö ár. Pálína átti sannkallaðan stórleik í síðasta leik þar sem hún tók af skarið í sókninni og spilaði stærsta hlutverkið í að halda Hildi Sigurðardóttur í tuggu prósentu skotnýtingu og þvinga hana til þess að tapa átta boltum.



Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir er fyrirliði Keflavíkur og hún hefur farið fyrir bekk Keflavíkurliðsins sem á mikinn þátt í að liðið hefur unnið tvo fyrstu leikina. Keflavík hefur fengið 47 stig af bekknum á móti aðeins 4 stigum hjá KR og Ingibjörg Elva hefur skorað 29 af þessum stigum. Hún er með 14,5 stig að meðaltali á aðeins 25,5 mínútum auk þess sem hún hefur nýtt 61,1 prósent skota sinna og tekið 5,0 fráköst í leik.

KR-ingurinn Candace Futrell hefur verið atkvæðamikill og sem dæmi tekið 60 skot á þeim 79 mínútum sem hún hefur spilað. Hún hefur aftur á móti aðeins hitt úr 35,6 prósentum tveggja stiga skota og farið illa með mörg góð færi inni í teig. Félagi hennar, Sigrún Ámundadóttir, hefur haldið uppteknum hætti frá því í tveimur síðustu leikjunum á móti Grindavík, hún er með 13,0 stig og 12,5 fráköst að meðaltali í fyrstu tveimur leikjunum.

- óþ

29 STIG AF BEKKNUM Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir hefur leikið vel í fyrstu tveimur leikjunum á móti KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR

erum og verðum

ALLT AÐ ÖDYRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

INTEL TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

49.950

INTEL TÖLVUPAKKI 1

- Intel Core2Duo E2180 - 1MB
- 2GB DDR2 DDR2 667MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer skjár, 5ms DVI

89.950

TURNUPPFÆRSLA 1

- 3600+ AMD Sempron 64
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB WD - 7200RPM
- 512MB Ati Radeon X1250

29.950

LOGITECH Z41

Logitech Z-4e hátalakerfi 40W RMS, 2 öflugir hátalálarar og stórt bassabox, fjarstýring fylgir

14.950

SENNHEISER HD-202

Öflug Sennheiser HD-202 heymartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

RAZER LEIKJAMÚS

Razer DeathAdder 3G Infrared Mögnuð leikjamús fyrir leikjaspilarann, Optical 1800dpi

6.450

RAZER MÚSAMOTTA

Keppnis músamotta frá Razer Mantis Speed er 44x35cm, mögnuð í leikina

2.950

INTEL TÖLVA 4

- Intel Core2Duo E8400 - 6MB
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 9600GT
- Vista Home Premium

119.950

CHIEFTECH TURN

Glaslegur turn frá Chieftec, góðir kælimöguleikar og tonn af pláss

9.950

XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 600watta Xilence aflgjafi með hjóðlátri 135mm víftu, ATX ver. 2.2

9.950

22" ACER SKJÁR

Acer 22" Viewable AL2216WBD TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms viðbragstíma

27.950

500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

23.950

SAROTECH DVP370

Sarotech margmiðlunar-spilari fyrir SATA harða diska spilar kvikmyndir og tónlist án tövu. Fjarstýring fylgir.

15.750

4GB VINNSLUMINNI

4GB XMS hágæða vinnsluminni frá Corsair, DDR2, 800MHz, lífslíðarabýrgð frá Corsair

12.950

PALIT GEFORCE 8800GT

Palit GeForce 8800GT, 512MB 1.8GHz DDR3, 600MHz Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, PCI-E 2.0. Frábært skjákort í leikina

24.950

SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heymartólum

5.950

4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

3.950

ACER ASPIRE 5315

- Intel Celeron M 540
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 120GB, SATA 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

67.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þitt er með þessum um þessum myndum og myndum.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

KR-ÍR 74-93
Stig KR: Ávi Fogel 25, Joshua Helm 21 (11 frák.), Brynjar Þór Björnsson 9, JJ Sola 8, Helgi Már Magnússon 4, Skarphéðinn Ingason 3, Darri Hilmarsson 3, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 1.

Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 29, Tahirou Sani 19 (11 frák.), Nate Brown 13 (8 frák., 6 stoðs.), Sveinbjörn Claessen 13, Eiríkur Ónundarson 11, Ólafur Jón Sigurðsson 8.

Grindavík-Skallagrímur 93-78
Stig Grindavíkur: Þorleifur Ólafsson 32, Páll Axel Vilbergsson 23, Helgi Jónas Guðfinnson 12, Jamaal Williams 10, Adama Darboe 9 (9 stoðs.), Páll Kristinsson 4, Igor Beljanski 3.

Stig Skallagríms: Darrel Flake 25 (14 frák.), Miloja Zeković 23, Allan Fall 11, Florian Miftari 8, Axel Kárasón 5, Pálmi Sævarsson 3, Pétur Sigurðsson 2, Sigurður Þórarinnsson 1.

N1-deild kvenna:

Fram-Fylkir 31-20
UEFA-bikarinn:

B. Leverkusen-Zenit St. Petersburg 1-4
 Kiessling - Arshavin, Pogrebnyak, Anyukov, Denisov.

Bayern Munchen-Getafe 1-1
 Toni - Contra.

Florentina-PSV Eindhoven 1-1
 Mutu - Koevremans.

Rangers-Sporting Lissabon 0-0



NÁLGASTITILINN Karen Knútsdóttir og félagar í Fram stigu enn eitt skrefið að titlinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N1-deild kvenna:

Fimm stiga forysta hjá Fram

HANDBOLTI Framstúlkur stigu enn eitt skrefið í átt að Íslandsmeistararitlinum í gær með öruggum sigri á Fylki, 31-20, í Safamýri.

Fram er eftir sigurinn komið með ansi marga putta á bikarinn. Liðið hefur fimm stiga forystu á toppnum og á aðeins eftir að spila þrjá leiki í deildinni.

Fram er með 37 stig eftir 21 leik en Valur kemur næst með 32 stig eftir 20 leiki. Stjarnan er síðan með 31 stig eftir 19 leiki.

- hbg



JAVIER MASCHERANO Verður í fríi næstu vikur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Javier Mascherano:

Fékk þriggja leikja bann

FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið hefur bætt við tveim leikjum og 15 þúsund punda sekt ofan á eins leiks bann sem Javier Mascherano fékk er hann var rekinn af velli í stórleiknum gegn Manchester United um páskana.

Hann hefur þegar tekið út einn leik af banninu, gegn Everton, og verður ekki með gegn Arsenal um næstu helgi, sem og gegn Blackburn viku síðar.

Mascherano fór mikinn eftir að hann fékk rauða spjaldið og neitaði að yfirgefa völlinn. Hann linnti ekki látum fyrr en stjóri Liverpool, Rafa Benitez, talaði um fyrir honum.

Það var ekki bara enska knattspyrnusambandið sem refsaði Mascherano fyrir hegðun sína því Liverpool sektaði hann um tveggja vikna laun. - hbg

Hreggviður stóð við stóru orðin

ÍR-ingar rasskelltu Íslandsmeistara KR og sendu þá í sumarfrí með sannfærandi 19 stiga sigri í DHL-höllinni í gærkvöldi. Hreggviður Magnússon átti stórleik í liði ÍR og stóð svo sannarlega við stóru orðin.

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar urðu fyrsta liðið í átta ár til þess að slá ríkjandi meistara út úr átta liða úrslitum og gerðu það með stæl. ÍR-ingar unnu 19 stiga sigur á KR, 74-93, á þeirra eigin heimavelli, voru yfir allan tímann og leiddu mest með 26 stigum. ÍR skoraði átta fyrstu stig leiksins og það var ljóst frá fyrstu mínútu í hvað stefndi enda raðaði liðið niður þristum og endaði með því að hitta úr 12 af 21 skoti sínu fyrir utan.

„Þetta var frábært kvöld fyrir ÍR. Við lögðum allt í þennan leik og uppskárur eftir því. Ég hef bara eitt að segja við KR: Ég sagði ykkur þetta,“ sagði Nate Brown, sem hafði upplifað það tvö ár í röð að detta út fyrir KR-ingum í DHL-Höllinni. „Við erum miklu betri en árangurinn okkur í deildinni sýnir. KR er með gott lið en betra liðið vann í dag. Þetta var einn besti leikur ÍR hvað varðar andlegu hliðina en ég tel að ÍR eigi eftir að sýna hvað í liðinu býr og við eigum enn eftir að spila okkar besta körfubolta,“ sagði Nate Brown, sem lék vel eins og fyrr í seríunni og endaði með 13 stig, 8 fráköst og 6 stoðsendingar.

Besti maður vallarins var þó ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon, sem talaði um það eftir fyrsta leikinn að ÍR væri með töluvert betra lið.

„Ég stóð við mín stóru orð. Við vitum alveg hvað býr í þessu liði, við erum með gríðarlega öflugt varnarlið og erum síðan með fimm leikmenn sem á hverjum degi geta skorað 20 stig. Við töpuðum leiknum á mánudaginn og þeir unnu hann ekki. Við komum hingað þrjálaðir eftir að hafa tapað þeim leik og þrjálaðir eftir að hafa tapað fyrir KR-ingunum í fyrri og sýndum þeim í heimana tvo,“ sagði ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon en Keflvíkingar, næstu mótherjar ÍR, hafa væntanlega horft á leikinn. „Það ætti hvaða lið sem er að vera hrætt við okkur í dag. Við erum að spila



STÓR OG STERKUR Hreggviður Magnússon hefur talað digurbarkalega í kringum leiki KR og ÍR. Hann stóð við stóru orðin í gær er hann fór á kostum og sá svo ástæðu til þess að fara úr að ofan eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

okkar besta körfubolta og erum með alveg ofboðslega gott lið,“ sagði Hreggviður. „Ég óska KR-ingum gleðilegs sumars,“ sagði Hreggviður að lokum en hann var með 29 stig og hitti úr 11 af 16 skotum sínum í gær.

Auk Nate og Hreggviðs átti Sveinbjörn Claessen frábæran leik líkt og þeir Ólafur Jónas Sigurðsson, Eiríkur Ónundarson og Tahirou Sani. Allt liðið var að spila frábærlega og Íslandsmeistarar KR-inga áttu engin svör. Ávi Fogel

og Joshuga Helm voru að reyna en íslensku leikmenn liðsins brugðust alveg, skiluðu aðeins 20 stigum og hittu aðeins úr 7 af 33 skotum sínum.

„Vörnin okkar var ekki eins skelfileg eins og hún lítur út fyrir að vera því þeir hittu með mann í andlitinu hvað eftir annað en sökunarlega vorum við algjörlega geldir og erum búnir að vera það alla seríuna. Ég hef ekki náð nógu miklu út úr þessum hópi því það eru þrjár til fjórir lykilmenn sem ég hef engu náð út úr í þessarri seríu. Mér hefur algjörlega mistekist að „mótivera“ liðið fyrir þennan leik og er ósáttur við bæði sjálfan mig og liðið. Þetta skrifast algjörlega á mig,“ sagði Benedikt Guðmundsson, hjálpari KR, og um mótherja sína sagði hann: „ÍR-ingar geta farið eins langt og þeir vilja og ef þeir spila eins og þeir gerðu í dag geta þeir þess vegna farið alla leið.“

Það er ekki hægt annað en að taka undir þessi orð en það verða Keflvíkingar sem fá það erfiða verkefni að hægja á ÍR-liðinu og það er ljóst að Breiðholtliðið er enginn óskamótherji í úrslita-keppninni.

ooj@frettabladid.is



SUNGID OG TRALLAÐ Stuðningsmenn ÍR létu vel í sér heyra er þeir öttu kappi við „Miðjuna“ í stúkunninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Þorleifur Ólafsson var brattur eftir sigur Grindavíkur á Skallagrími, 93-78, í oddaleik í Röstinni:

Snæfell mun ekki komast í úrslitarimmuna

KÖRFUBOLTI Það var gríðarleg spennu í Röstinni í kvöld er Grindavík mætti Skallagrími í oddaviðureign úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla. Grindavík var mun sterkari aðiliinn í leiknum og sigraði 93-78 og mættir Snæfelli í undanúrslitum.

Grindavík byrjaði leikinn mun betur en Skallagrímur og virkuðu gestirnir mjög taugaveiklaðir. Mörg skot fóru í súginn hjá Skallagrími á meðan allt virtist ganga upp hjá Grindavík. Staðan eftir fyrsta leikhliða var 29-15. Annar leikhliða var allt annar af hálfu Skallagríms. Leikmenn liðsins öðluðust mun meira sjálfstraust og gerðu þá hluti sem var lagt upp með frá upphafi. Grindvikingar voru þó ekkert á því að hleypa Sköllunum of nálægt sér.

Staðan í hálfleik var 45-31 fyrir Grindavík og annar leikhliða hnífjafn enda fór hann 16-16.

Grindvikingar byrjuðu seinni hálfleik með flugeldasýningu og voru komnir með 53-33 forskot eftir aðeins rúmlega tvær mínútur og tóku Skallarnir umsvifalaust leikhlé. Leikhléð gerði ekkert fyrir Skallagrímismenn því munurinn hélst áfram mikill.

Það benti nákvæmlega ekkert til þess að sigur Grindavíkur yrði í hættu eftir þrjá leikhliða. En Skallagrímismenn sýndu mikinn karakter í þeim síðasta og náðu að minnka muninn í 6 stig, 73-67, þegar fimm mínútur voru til leiksloka og mikil spennu hlaupin í leikinn. Grindavík bætti aðeins í og þökk sé rándýrum þristum frá Þorleifi Ólafssyni og Páli Axel var munurinn skyndilega kominn í 15 stig á ný. Öruggur sigur heimamanna var því í höfn, 93-78, og mættir Grindavík því Snæfelli í undanúrslitum.

„Þetta var frábær sigur hjá

okkur. Við settum leikinn upp með það að stjórna hraðanum. Liðsheilidinn kom sterk upp og það er einmitt það sem við þurfum,“ sagði Grindvikingurinn Þorleifur Ólafsson, sem átti stórleik. „Það verður gaman að mæta Snæfelli, sem fer reyndar ekki í úrslit því við verðum þar.“

Kenneth Webb, hjálpari Skallagríms, var svekktur eftir leik. „Þeir áttu alltaf leikmenn í þessari seríu sem skoruðu 30 stig og meira og það taldi ansi mikið fyrir þá. Þeir voru betri en við og óska ég þeim til hamingju með sigurinn,“ sagði Webb.

- höp

STÓRLEIKUR Þorleifur Ólafsson fór á kostum í liði Grindavíkur í Röstinni í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR



SKREFI Á EFTIR Brynjar Björnsson og félagar voru alltaf skrefi á eftir ÍR-ingum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SPRENGJA

10STK DVD+R
990

8.000
 LÆKKUN

Z-10 HÁTALARAR
 Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihöppum. Með 30W RMS hátölurum skilar kerfið frábærum hljómgæðum, USB 2.0
11.900

SPRENGJA
 NÚ ER SPRENGJA Í TÖLVULISTANUM MEÐ SJÓÐANDI HEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI, TAKMARKAÐ MAGN, ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!
SJÁUMST!!



04. APR FÖS 09:00 - 19:00
 05. APR LAU 10:00 - 18:00
 06. APR SUN 13:00 - 17:00



FARTÖLVUTASKA

 15.4" BaseXX Universal svört hliðartaska fyrir fartölvur
VERÐ 1.990

500GB HÝSING

 500GB Mybook Essential 3.5" hýsing frá Western Digital
VERÐ 14.900

400GB HARÐUR DISKUR

 Hraðvirkur og hljóðlátur 400GB SATA harður diskur frá Western Digital. Diskurinn er með 5 ára ábyrgð
7.990

MARGMIÐLUNARSPILARI

9.990

ICY BOX
MARGMIÐLUNAR-SPILARI
 IcyBox MP302 3.5" margmiðlunar-spilari frá RaidSonic, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og tónlistina á einum stað.
9.990

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar atborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 21,45% breytilegir.

> Juliette Lewis

Leikkonan knáa hefur einnig reynt fyrir sér í tónlistinni með hljómsveit sinni The Licks. Spilaði Lewis héraendis á Iceland Airwaves-hátíðinni fyrir nokkrum árum en hljómsveitin á að baki þrjár breiðskífur. Lewis leikur í spennutryllinum Cold Creek Manor sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON HEFUR HÚMOR

Af Halim Al og heilanum á Robben

Ég minnst þess ekki að hafa hlegið yfir leiknu sjónvarps-efni í dágóðan tíma. Síðan 30 Rock hvarf af skjánum hefur mér varla stokkið bros á vör. Nema þegar Ólafur Darri fór með hinn heilaga sannleika og sagðist alltaf vera svangur þegar Borgarnes birtist honum. Þá glotti ég út í annað og kinkaði kolli, honum til samþykkis.

Íþróttafréttamenn Sýnar hafa hreinlega átt sviðið í gamanmáli að undanförunu. Hafa hreinlega farið á kostum og augljóslega lært síthvað af hinum geðþekka þjálfara KR, Loga Ólafssyni. Sem framleiddi fimmaurbrandara á færbandi þegar honum sýndist svo. Þannig átti íþróttafréttamaðurinn Guðjón Guðmundsson betri spretti en smávaxinn kantmaður Chelsea þegar hann lýsti stuðningsmönnum Fenerbahce sem „fjörðu þúsund Halim Al“. Fór síðan reyndar allur í baklár og upplýsti áhorfendur sína um að Tyrkir væru hið ágætasta fólk. Sem Halim Al er vissulega ekki í augum íslensks almenningss. Ekki versnar

ástandið þegar Hörður Magnússon situr við mikkrofóninn því þá fyrst skellir maður uppúr af virkilegri einlægni. „Það er nú þannig með Arjen Robben að hann fer mjög hratt yfir en skilur stundum heilann eftir,“ sagði Hörður þegar hann lýsti leik Madridinga og Sevilla um helgina.

En mikið lífandi ósköp yrði nú notalegt ef íþróttapúlinir myndu öðru hvoru einbeita sér að því að horfa á leikina sjálfa. Og jafnvel sleppa gamanmálinu alveg. Því þegar sami leikmaðurinn gefur á sig og sendir hann síðan áfram á sjálfan sig er hugurinn og kollurinn augljóslega á einhverjum öðrum stað. Og hinir ágætu íþróttapúlin minna eilítið á hollenska kantmanninn.

GRÍNARAR Íþróttapúlin Sýnar reyna stundum um of að vera fyndnir og gleyma sjálfum leiknum.



EKKI MISSA AF



21.20 Enski boltinn-Upphitun STÖÐ 2 SPORT 2



22.00 Law & Order SKJÁREINN



22.00 The Omen STÖÐ 2 BÍÓ



22.40 The Hurricane STÖÐ 2



22.50 Cold Creek Manor SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Spæjarar

17.55 Bangsímón, Tumi og ég

18.20 Þessir grallarasþóar

18.25 07/08 bíó leikhús

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Útvar Hér eigast við í átta liða úrslitum lið Akureyrar og Fjallabyggðar. Um-sjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Amórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

21.15 Ein gegn öllum (She Stood Alone) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1991. Kona stofnar stúlkaskóla í fíaldssömu samfélagi. Þegar þeldökk stúlka vill hefja þar nám hóta heimamenn að taka dætur sínar úr skólanum.

22.50 Kaldárgil (Cold Creek Manor) Bandarísk bíómynd frá 2003. Hjón flytjast með tvö börn sín frá New York á gamlan herragarð úti í sveit en þar á reiki er margur óhreinn andi. Leikstjóri er Mike Figgis og meðal leikenda eru Dennis Quaid, Sharon Stone, Stephen Dorff, Juliette Lewis og Christopher Plummer. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

00.50 Lewis - Þeir sem guðirnir tor-tíma... (Lewis: Whom the Gods Would Destroy) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufrúna í Oxford, glímur við dularfullt sakamál.

02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

06.00 Out of Time

08.00 Chronicles of Narnia

10.20 Sky High

12.00 Duplex

14.00 Chronicles of Narnia

16.20 Sky High

18.00 Duplex Frábær gamamynd.

20.00 Out of Time Mögnuð spennu-mynd með Denzel Washington.

22.00 The Omen Fyrsti kafli þess-um sígilda hrollvekjubálki sem ennþá lifir góðu lífið.

00.00 The Spring

02.00 Bad Boy

04.00 The Omen

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og fé-lagar

08.10 Oprah

08.50 Í fínu formi

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 La Fea Más Bella

10.35 Extreme Makeover: HE (10:32)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours (Nágrannar)

13.10 Wings of Love

13.55 Wings of Love

14.45 Man's Work (14:15)

15.25 Bestu Strákarnir (22:50) (e)

15.55 Galdrastelpurnar (2:26)

16.18 Batman

16.43 Sylvester og Tweety

17.03 Smá skritnir foreldrar

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours (Nágrannar)

18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag og íþróttir

19.30 The Simpsons (2:22)

19.55 Bandið hans Bubba (9:12) Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba.

21.15 Scary Movie 4

22.40 The Hurricane (Fellibylurinn) Mögnuð kvikmynd byggð á sannsögulegum atburðum. Rubin Carter var efnilegur hnefaleikari sem fékk viðurnefnið The Hurricane. Hann þótti einn besti millivigtarboxari sem fram hafði komið og við honum blasti glæstur ferill í hringnum. En þá dundi ógæf-an yfir. Carter var ranglega sakfelldur fyrir hroðalegan glæp og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Árin liðu en velunnarar hans neituðu að gefast upp, staðráðnir í að færa Carter frelsið á nýjan leik. Aðallutverk: Denzel Washington, Deborah Unger, John Hannah, Liev Schreiber. Leikstjóri: Norman Jewison. 1999. Stranglega bönnuð börnum.

01.00 Flight of the Phoenix

02.50 The Texas Chainsaw Massacre

04.25 Bad Boy

05.50 Fréttir og Ísland í dag

06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT

besta sætið

07.00 Formúla 1 (F1 Barein / Æfingar)

08.30 Iceland Express-deildin 2008

10.10 F1: Við rásmarkíð Sérfræðing-ar og áhugamenn tjá sig um allt milli him-ins og jarðar.

11.00 Formúla 1 (F1 Barein / Æfingar)

13.00 Inside the PGA

13.25 Gillette World Sport

15.35 Iceland Express-deildin 2008

17.10 F1: Við rásmarkíð

17.50 Formúla 1 (F1 Barein / Æfingar)

19.20 Utan vallar

20.10 Spænski boltinn - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

20.40 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu

21.10 World Supercross GP (Rogers Centre, Toronto, Canada)

22.05 Heimsmótaröðin í póker

22.55 Heimsmótaröðin í póker 2006

23.45 NBA körfubolti Bein útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

SPORT 2

enski boltinn

15.50 Reading - Blackburn

17.30 Bolton - Arsenal

19.10 Liverpool - Everton

20.50 Premier League World (Heimur úrvalsdeldarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeldin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsótt-ir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svip-myndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

21.20 Enska úrvalsdeldin - Upphitun (Leikir helgarinnar) Víkulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

21.50 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeldarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeldarinnar.

22.20 PL Classic Matches

22.50 Goals of the season (Goals of the Season 2000/2001) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeldarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

23.50 Enska úrvalsdeldin - Upphitun (Leikir helgarinnar)

SKJÁREINN

07.30 Game tívi (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

15.50 Vörutorg

16.50 All of Us

17.15 Game tívi (e)

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Jay Leno (e)

19.15 One Tree Hill (e)

20.10 Survivor: Micronesia (5:14) Sex-tánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleika-seríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitar að-dændur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.

21.00 Svalbarði - NÝTT Nýr þáttur með Þorsteini Guðmundssyni.

22.00 Law & Order (22:24) Banda-rískur þáttur um störf rannsóknarlög-reglumannna og saksóknara í New York. Japönsk hjón, sem eru túristar í New York, verða fyrir skotárás. Konan deyr en maðurinn lifir af. Hann er farinn aftur heim til Japans þegar í ljós kemur að hann á aðild að morðinu en japönsk yfirvöld neita að framselja hann.

22.50 Lipstick Jungle (e)

23.40 Professional Poker Tour (14:24) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lífandi goð-sagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.

01.05 Dexter (e)

01.55 C.S.I. Miami (e)

02.45 World Cup of Pool 2007 (e)

03.35 C.S.I. (e)

04.25 C.S.I. (e)

05.15 Vörutorg

06.15 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Settu þitt mark á Fréttablaðið

Umbrotsmenn vantar til starfa á Fréttablaðinu. Bæði er um fastráðningu að ræða sem og sumarafleysingar. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanir umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lífandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt eru upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingbergisdóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is .

Umsóknarfrestur er til 11.apríl. Öllum umsóknum verður svarað



SPORT

BYLGGJAN

FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is

365

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.30

The Simpsons- Ný þáttaröð

Ný þáttaröð með gultu fjölskyldu í heimi, sú nítjándi á röðinni. The Simpsons hefur fyrir allöngu skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir og teiknimyndaserían í bandarískri sjónvarps-sögu. Hómer kemst að því að hann býr yfir gull-fallegri óperusöngródd og á einni nóttu breytist hann í stjórn, sem á eftir að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Svalbarði

Skjár einn kl. 21.00

Svalbarði er nýr íslenskur skemmti-þáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar. Þorsteinn fær til sín góða gesti og kitlar hláturtaugarnar eins og honum einum er lagið. Honum til halds og traust verður hljómsveit sem heldur uppi fjörinu þegar þess þarf og gestir þáttarins taka lagið. Svalbarði er þáttur sem á eftir að koma skemmtilega á óvart.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregnr	16.10 Veðurfregnr
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Óskastundin	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfregnr	18.50 Dánarfregnr og auglýsingar
10.13 Sagnaslóð	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Pollapönk
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Vorhret í sólskinstunni
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Flakk
12.45 Veðurfregnr	22.07 Veðurfregnr
13.00 Vítt og breitt	22.12 Orð kvöldsins
14.03 Stjórnuklíkur	22.15 Litla flugan
15.03 Útvarpssagan: Sjosja	23.00 Kvöldgestir
15.30 Dr. RÚV	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 17.00 Falcon Beach
- 17.45 Kenny vs. Spenny 2 (1:13)
- 18.15 X-Files (17:24)
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Falcon Beach
- 20.45 Kenny vs. Spenny 2 (1:13) Kenny vs. Spenny er frábær þáttur um æskufélagana Kenny og Spencer þar sem þeir etja kappi í hinum ýmsu atburðum, íþróttum, greinum og í raun hverju sem er. Sá sem svo tapar þarf að gera eitthvað hræðilega niðurlægiandi og vandræðalegt.
- 21.15 X-Files (17:24)
- 22.00 My Name Is Earl (9:13) Þriðja þáttaröð eins allra ferskasta og skemmtilegasta gamanþátta síðari ára.
- 22.25 Flight of the Conchords (11:12) Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama.
- 22.55 Bones (1:13)
- 23.40 ReGenesis (5:13)
- 00.30 The War at Home
- 00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

- 20.00 Mér finnst... Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnigur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfína Baldvinsdóttir. Katrín Júlíusdóttir og Sigríður Klingenberg eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
 - 21.00 Hvað ertu að hugsa? Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns þar sem hann veltir fyrir sér hvernig viðhorf þurfi til afreksverka ásamt gesti sínum.
 - 1.30 Rétturinn Umsjónarmaður er Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson laganemi. Fjallað er um rétt einstaklinga og tekið á ýmsum lögfræðilegum álitæfnum.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1


- 9.30 Formiddag med Nis Boesdal 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Ærlig talt 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.25 En have til nytte og overtro 11.50 Rabatten 12.20 Kender du typen? 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Boogie Listen 15.00 Kim Possible 15.25 F for Får 15.30 Løbehjul og popcorn 15.45 Benjamin Bjørn 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Xtra Factor 19.00 TV Avisen 19.30 Cliffhanger 21.20 Hard Target 22.55 Boogie Listen

NRK1

- 7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Saras kjøkken 10.40 Columbo 11.50 Doc Martin 12.40 Urter 13.00 Megafon 13.30 Dinosapiens 13.55 Frokost til middag 14.05 H2O 14.30 Fin fredag 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Newton 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Ømeredet 16.05 Mamma Mirabelle viser film 16.15 Robotgjengen 16.25 Det var en gang et eventyr 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Michael Palins nye Europa: Krig og fred 18.55 Nytt på nytt 19.25 Grosvold 20.10 Detektimen: Kalde spor 21.00 Kveldsnytt 21.15 Detektimen: Kalde spor 22.05 Queen: Rock i Montreal 23.05 30 Rock 23.25 Kulturytt 23.35 Country jukeboks med chat 2.00 Dansefot jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Annes trädgård 12.10 Minnenas television 13.10 Törnåglarna 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Klass 9A 15.30 Plus 16.00 Hotell Kantarell 16.30 Evas superkoll 16.40 Fåret Shaun 16.50 Dr Dagg 17.00 Skolbyte på prov 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Så ska det låta 19.00 Var fan är mitt band? 19.30 Storm 21.25 Rapport 21.35 Kulturyheterna 21.50 Morgonsoffan 22.20 Loubas hämnd 0.05 Sändningar från SVT24



ENNEWM / SIA / AMA289B

SVALBARDI



HEFST Í KVÖLD KL. 21.00 Á SKJÁEINUM



HVAD VAR ÉG AÐ SPÁ?



„Ég er hrifinn af Valdísí Gunnarsdóttur, mér finnst hún koma til dyranna eins og hún er klædd og stundum of mikið klædd.“

Pórgímur Þráinsson rithöfundur, spurður um upphaldsútvarpsmann í DV í desember 1990.

„Ég sakna Valdísar sérstaklega úr útvarpinu, en hef ekki séð hana fáklædda áratugum saman,“ segir Pórgímur í dag, og það hlæjandi.

MH gefur MR íþróttahús í miðju stríði

Hinar stríðandi fylkingar í Morfis-stríðinu svokallaða hittust á skólalóð MR í gær og áttust með ögn drengilegri hætti en undanfarna daga. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hafa harðvítugar deilur staðið yfir vegna úrslitaviðureignar skólana í Morfis á morgun.

MH-ingar mættu færandi hendi, með heilt íþróttahús undir arminum en nemendur MR hafa löngum stundum þurft að setta sig við aðstöðuleysi á þeim vettvangi. MH-ingar ættu að þekkja þann vanda af eigin raun en skólinn vígði sitt eigið íþróttahús fyrir ári síðan. Liðin áttust við í reipitogi, sjómanni og puttastríði og höfðu MR-ingar betur í tveimur keppnum af þrem.

Jón Benediktsson, liðstjóri ræðuliðs MR, sagði gjöf andstæðinganna hafa verið vel þegna í baráttunni fyrir bættri íþróttastöðu. Hann sagði bardagana á skólalóðinni hafa með

verið með ögn jákvæðari formerkjum en undanfarna daga. „Ég reikna með að menn hvílust nú vel fyrir átökin á laugardaginn og að fulltrúar herjanna tveggja setjist jafnvel að samningaborðinu í dag og skrifi undir vopnahlæði sem rennur auðvitað strax út á morgun.“

Að sögn Kristins Árna Hróbjartssonar, sem er betur þekktur sem „Ránfuglinn“ í herdeild MH, var athöfnin skipulögð í þeim tilgangi að bera klæði á vopnin eftir heiftúðugar deilur og átök undanfarna daga. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá lá við að MR kærði keppnina sökum áreitiss á keppnislið sitt og kalla þurfti til lögreglu á miðvikudag þegar nokkrir nemendur MR komu sér fyrir uppi á þaki MH. Kristinn bætti því við að nú myndu menn leggjast í miklar skipulagningar fyrir laugardagskvöldið. „Menn mega nefnilega ekki toppa sig fyrir stóra kvöldið.“



MEÐ HEILT ÍÞRÓTTAHÚS AÐ VOPNI MH-ingar mættu færandi hendi á skólalóð MR með heilt íþróttahús undir arminum. Hinar stríðandi fylkingar hvílást á morgun fyrir átökin á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. drykkur 6. klaki 8. skip 9. fugl 11. ekki heldur 12. geðvonska 14. gort 16. í röð 17. hyggja 18. ennþá 20. mergð 21. velta.

LÓÐRÉTT

1. mælieining 3. frá 4. jarðbrú 5. viður 7. fíkin 10. for 13. nytsemi 15. klædd 16. húðpoki 19. núna.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. kíló, 3. á, 4. landbrú, 5. tæ, 7. sölginn, 10. aur, 13. not, 15. búin, 16. hes, 19. nú. LÁRÉTT: 2. mál, 6. ís, 8. far, 9. lóa, 11. né, 12. ölund, 14. gröðb, 16. hj, 17. trú, 18. enn, 20. ú, 21. snúa.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Glostrup.
- Dirk Kuyt.
- Run for Her Life.

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

ÓSKAR HRAFN: FRÁLEITT AÐ ÆTLA BLAÐAMANNI SKÁLDSKAP

Allt brjálað í Orkuveitunni vegna fréttu af æfingatólum

„Misskilnings gætti í samtali blaðamanns við Sigrúnu A. Ámundadóttur starfsmann Orkuveitunnar á Akranesi. Sá misskilningur hefur verið leiðréttur. Það að ætla blaðamanni Vísis að hafa skáldað upp orð viðmælendans er furðuleg ályktun og slíkum ásökunum er vísað beint aftur til Eiríks Hjálmarssonar upplýsingafulltrúa Orkuveitunnar,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson ritstjóri Vísis.

Allt ætlaði af göflunum að ganga í gær í kjölfar fréttar Vísis. Orkuveita Reykjavíkur auglýsti til sölu líkamsræktartæki og blaðamenn Vísis fóru á stúfana til að kynna sér málin. Rætt var við Sigrúnu sem sagði um að ræða tæki komin til ára sinna. Haft var eftir henni að einkum hafi verið spurst fyrir um tækin frá landsbyggðarfólki. „Við landsbyggðarfólk gerum kannski minni kröfur en Reykvíkingar.“

Að sögn Eiríks Hjálmarssonar urðu þegar mikil viðbrögð við fréttinni, einkum frá fólki af landsbyggðinni sem þótti þarna lítið gert úr sér. Þegar gengið var á Sigrúnu kannaðist hún ekki við ummælin og í kjölfarið sendi Eiríkur frá sér harðorða yfirlýsingu, stílaða á Óskar, á fjölmiðla þar sem talað er um uppspuna blaðamanns. „Hún [Sigrún] mun hafa samband við viðkomandi blaðamann til að áréttu það, en farið er fram á að Vísir.is leiðrétti fréttina á vefnum hjá sér hið allra snarasta jafnframt áréttingu á því að ranglega hafi verið eftir Sigrúnu haft.“

Engum ofsögum er sagt að landsbyggðarfólk margt hafi móðgast. Skömmu eftir að Vísir birti sína frétt höfðu landsbyggðarvefmiðlar Skessuhorns, Bæjarnis besta, Suðurlandi.is auk fjölda bloggara tekið upp þykjuna.

Alvarlegar ásakanir eru að bera blaðamanni á brýn skáldskap fyrir



LÆTI Í OR

Allt logaði í Orkuveitunni í gær vegna fréttar Vísis. Óskar Hrafn ritstjóri (að ofan) hafnar ásökunum Eiríks Hjálmarssonar upplýsingafulltrúa. Frétt Vísis vakti sérstaklega kurr á landsbyggðinni.



hönd viðmælenda sinna og Óskari þykir það bera vott um sérkennilega ályktunargáfu að telja blaðamann sinn búa yfir svo auðugu ímyndunarafli. Það hljóti að vera hverjum manni ljóst. Hins vegar lagfærðu þeir Vísismenn frétt sína seinna í gær. „Við breyttum orðalagið en efnislega er fréttin alveg eins,“ segir Óskar.

Eiríkur er hins vegar ekki þeirrar skoðunar og í annari tilkynningu sem barst síðdegis í gær vakti hann athygli á seinni fréttinni sem er, „án þess þó að geta

þess að um leiðréttu frétt sé að ræða, eða að biðjast velvirðingar á vinnubrögðum sínum. Fyrri frétt vefmiðilsins olli viðkomandi starfsskonu Orkuveitu Reykjavíkur verulegum óþægindum, enda upp á hana hermd meidandi ummæli sem reyndust rangfærslur blaðamannsins á persónulegri skoðun hennar.“ Um kvöldmatarleitið sagði Eiríkur í samtali við blaðið þá, sig og Óskar, hafa farið í saumana á öllu þessu sérstaka máli og skilið sáttir.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sem formaður FTT er Jakob Frímann Magnússon helsti forkólfur pílagrímsfara bítlageggjara til Liverpool eftir um tvo mánuði. Hann hefur hins vegar lítt haft tíma til að sinna farþegalistum sem nú er beðið í ófvæni. Jakob hefur lagst á árar með sínum gamla heimilislækni, Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra, við björgun borgarinnar. Jakob er í menningar- og ferðamálaráði en í ferðabransanum eru menn mjög uggandi, vilja síður taka við gestum í rústirnar sem miðborgin er sögð orðin og heimta aðgerðir.



Einn þeirra sem Jakob Frímann þarf að eiga við eða taka höndum saman með er Jónas Freyðal ferðamálafrömuður og listmunaagent með meiru. Jónas, sem staðið hefur fyrir fjölsóttum draugagöngum um Reykjavík, segir að þegar von er á gestum sé síður að taka til. Jónas er með hugmyndir þess efnis að mála á húsinn nöfn eigenda svo fólk átti sig betur á því hverjir helstu slúbbertarnir eru því bágborið ástand hljóti að vera á ábyrgð eigenda ekki síður en borgar.

Mikael Torfason rithöfundur hefur verið að bauka eitt og annað eftir að hann hvarf frá Birtingi sem aðalritstjóri útgáfunnar. Þannig hefur hann verið að endurrita fyrstu bók sína Falskan fugl með það fyrir augum að gefa út á kilju. Annars hefur heyrst að Mikael sé búinn að panta sér Harley Davidson og mun bruna um borg og bý sem mótörhjólatoffari í sumar.

-jbg

Í erfiðustu skíðakeppni heims

Þrátt fyrir að vera óvanir skíðagöngu ætla smíðirnir Hans Stephensen og Kristinn Einarsson að taka þátt í skíðagöngukeppni á Grænlandi um helgina sem telst vera sú erfiðasta í heimi. Á þremur dögum skíða þeir eitt hundrað kílómetra og mun hópur fréttamanna fá Breska ríkissjónvarpinu, BBC, og þýsku sjónvarpsstöðinni ZDF fylgjast vandlega með keppninni.

Hans og Kristinn eru að byggja virkjun í Öðrumfirði á Grænlandi á vegum Ístaks og er fyrirtækið helsti styrktaraðili keppinnar, sem er nú haldin í tólfra sinn. „Við ákváðum að prófa þetta fyrst við erum á staðnum. Búðir keppinnar eru við búðirnar þar sem við erum að vinna,“ segir Hans, sem hefur æft vel að undanfögnu ásamt Kristni. „Það hefur gengið mjög



OFURHUGAR Hans Stephensen (til vinstri) og Kristinn Einarsson hefja svaðilför sína um grænlandska fjallgarða í dag.

vel. Svo er takmarkið bara að komast í mark. Við tökum einn dag fyrir í einu og erum ekkert að keppa um fyrsta sætið heldur fyrst og fremst við sjálfa okkur.“

Nútiú skíðamenn taka þátt í keppninni í ár og eru Hans og

Kristinn fyrstu Íslendingarnir sem taka þátt. Til marks um gæði keppinnar hafa margir af frægustu skíðagönguköppum veraldar tekið þátt í henni, þar á meðal Norðmaðurinn Björn Dæhlie sem segir hana þá erfiðustu sem hann hefur kynnst. Hans og Kristinn eru engu að síður hvergi bangnir og ætla einfaldlega að gera sitt besta. „Þetta verður svaka þú því þetta er nánast allt upp í móti. Svo þurfum við að vera með sex og hálf kíló á bakinu alla leið ef ske kynni að við þyrftum að grafa okkur niður á leiðinni,“ segir Hans og bætir við að ítalskur keppandi hafi farist í snjóflóði fyrir nokkrum árum. „Menn hafa slasast enda eru þetta brattar brekkur. Það verða samt fyrst og fremst veðurgeirnir sem ráða því hvað þetta verður erfitt.“


-fb

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

nudd sem virkar...



- 6 nuddkerfi
- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

verð kr. 16.990

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 • S. 568 1717

www.hreysti.is

SLENDERTONE



slökun - vellíðan - innri ró

ÚRVALIÐ ER Í ELKO



6.995

Viking battle for Asgard

Svakalegur hasarleikur þar sem leikmenn fara í hlutverk vikingsins Skarin. Leikurinn skartar ótrúlega stórum bardögum, en Skarin hefur verið fenginn til að skakka leikinn milli manna og goða. Leikurinn er gerður af þeim sömu og gerðu Total War leikina og er hann mjög opinn og frjáls í spilun.



6.495

Army of two



6.495

Dark Sector




5.995

Burnout Paradise



4.795

Gran Turismo 5 Prologue



6.995

Condemned 2 : Bloodshot

Frábær fyrstu-persónu hryllingsleikur þar sem leikmenn fara í hlutverk lögreglumannsins Ethan Thomas sem er kallaður til eftir að samstarfsmaður hans hverfur sporlaust. Leikurinn er stranglega bannaður innan 18 ára.

Dómar : 8 af 10 - IGN.com , 8,5 af 10 - Gamespot



6.495

Sega superstar tennis



6.495

MX vs ATV Untamed



3.995

God of War



3.995

Patapon



3.995

Pro Evolution Soccer 2008



4.995

Ratchet & Clank Size Matters



2.995

Asterix at the Olympic Games



2.995

Spongebob Atlantis Squarepantis

Forpantaðu núna
á WWW.ELKO.IS

ELKO

EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 - SÍMI 544 4000



BAKÞANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Til Búkarest

Geir kastaði sér í brúnan leður-sófa einkapotunnar, klæddi sig úr skónum og teygði úr sér. „Ahh, svona á lífið að vera,“ dæsti hann og trommaði á magann á sér. „Já,“ samsinnti „Ingibjörg. „Ekki sömu þrengslin og á Saga class, að ég tali nú ekki um í almenningnum.“ Það kom eilífið hik á Ingibjörgu þegar hún mundi að fjölmíðlafólk hafði náðarsamlegast fengið að sitja í. Hún sneri sér að blaðamanni. „Ekki svo að skilja að ég hafi eitthvað á móti því að sitja í almenningi,“ sagði hún með móðurlegri festu. „Þar kynnist maður einmitt „fólkinu“, en ég hef miklar mætur á íslenski alþýðu.“ Hún leit glottandi á Geir og dró auga í pung svo lífið bar á.

Í þann mund kom Geir auga á kæliskáp. „Nei, sko – minibar. Eins gott að Villi Vill er ekki með okkur, hann myndi taka hann úr sambandi, ha!“ sagði hann og gaf Ingibjörgu olnbogaskot. Geir opnaði kælinn. „Viltu bjór?“ Ingibjörg afþakkaði muldrandi að það væri fullsnemmt fyrir sig. „Það hefur nú ekki alltaf verið fullsnemmt fyrir þig,“ sagði Geir. „Manstu þegar ég, þú og Össur...“ „Ég held að blaðamaður hafi ekki áhuga á því,“ greip Ingibjörg fram í og setti í brýrnar.

JÆJA, ég ætla að minnsta kosti að fá mér einn – ég er í fríi, fjandinn hafi það,“ sagði Geir. „Við erum reyndar að fara á Nató-fund,“ sagði Ingibjörg. „Sama og frí,“ svaraði hann. „Hérna, Kristal plus fyrir þig, það er að segja ef það er ekki of sterkt fyrir þig,“ bætti Geir við og gaggadi eins og kjúkl-ingur, Ingibjörgu til háðungar.

INGIBJÖRG hló vandræðalega. „Láttu ekki svona, Geir, blaðamaðurinn fer hjá sér.“ Geir tók gúlsopa af bjórnum og ropaði. „Nú? Vilt þú bjór?“ sagði hann og otaði einum köldum að blaðamanni. „Svona, fáðu þér. Annars læt ég Davíð hækka stýrivexti! Ertu ekki með yfirdrátt? Haha, nei, ég er bara að grilla í þér.“

GEIR kláraði bjórinn og ákvað að leggja sig. „Solla, hnippstu í mig áður en við lendum í Ungverjalandi.“ „Rúmeníu,“ leiðrétti hún. „Já, eða þar. Það er ekki að gömlu lopapeysukommunum að spyrja, þið þekkið Austur-Evrópu eins og handarbakið á ykkur.“ „Ég man að sellan mín átti einmitt vinasellu í Rúmeníu „i den“,“ sagði Ingibjörg og lygndi aftur augum. „Ah já, í þá gömlu góðu... þegar maður hafði hugsjónir.“ „Já, tók Geir undir, leit á blaðamann og ranghvolfdi augum. „Mjög vondar að vísu – en samt.“

GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 4. apríl,
95. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.34	13.31	20.29
Akureyri	6.14	13.15	20.18

Heimild: Almanak Háskólans

Næst ódýrasta leiðin til útlanda (á eftir einkapotum náttúrlega)

Barcelona Verðfrá:

39.900 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna á Catalonia Albinoni, brottför 11. apríl.
Innfalið: Flug, flugvallaskattar og gisting með morgunverði í 3 nætur.

**Plúsferðir leggja ávallt áherslu á að bjóða utanlandsferðir
á hagstæðu verði. Besta verðið bókast fyrst.**

Bókaðu strax á www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is